FRÉTTABLAÐIÐ

235. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 4. NÓVEMBER 2020

Skrautleg kosningabarátta náði hámarki í gær er Bandaríkjamenn gengu að kjörborðinu og kusu næsta forseta landsins. Fyrrum varaforsetinn Joe Biden sóttist eftir embættinu, eins og Donald Trump, sem hefur gegnt því frá janúar 2017. Stefndi í rúmlega tvöfalt meiri þátttöku utan kjörfundar en í síðustu kosningum. Úrslitin eru á vef Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hugnast ekki bein fjárframlög

Útsvarstekjur sveitarfélaga hafa aukist um 2,2 prósent fyrstu tíu mánuði ársins. Ráðherra hugnast ekki stuðningur með beinum fjárframlögum. Heldur styrkja tekjustofna með aðgerðum gagnvart heimilum.

VIÐSKIPTI Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála, segir að honum hugnist síður að ríkissjóður stígi inn í fjárhagsvanda sveitarfélaga með beinum fjárframlögum.

Mismunandi staða sveitarfélaga sé með þeim hætti að ekki væri sanngjarnt að deila út ríkisaðstoð til allra sveitarfélaga í landinu.

„Það eru til sveitarfélög sem fullnýta ekki sína tekjustofna, standa vel og eru því að leggja minna af mörkum til samneyslunnar. Það væri því skrítið fyrir ríkissjóð að taka lán til að styrkja öll sveitarfélög jafnt.

Mér litist betur á að framlengja úrræði ríkisstjórnarinnar, sama hvort það heitir hlutabætur eða lengri tekjutenging atvinnuleysisbóta, til að tryggja tekjustofna sveitarfélaganna og styðja við getu heimila til að borga sín þjónustugjöld," segir ráðherrann.

Samkvæmt gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eru útsvarstekjur sveitarfélaga hærri á fyrstu 10 mánuðum ársins, samanborið við árið 2019. Helsta skýringin á því eru ýmis úrræði stjórnvalda og ber þar einna helst að nefna hlutabótaleiðina, sem tryggði þúsundum einstaklinga stóran hluta sinna tekna áfram, þrátt fyrir atvinnumissi.

> **Það væri því skrítið fyrir ríkissjóð að taka lán til að styrkja öll sveitarfélög jafnt.**

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála

Útsvarstekjur Reykjavíkurborgar hækkuðu um 1,1 prósent á fyrstu tíu mánuðum ársins frá árinu 2019. Sé litið til annarra sveitarfélaga hækkuðu útsvarstekjur Garðabæjar um 4,9 prósent, aukning útsvarstekna Kópavogsbæjar var 3 prósent og Hafnarfjarðar 2,1 prósent.

– thg / sjá Markaðinn

Um tíu prósent lána fryst áfram

VIÐSKIPTI Helmingur fyrirtækja í greiðsluhléi hjá Íslandsbanka mun hefja greiðsluferli á ný, að sögn Birnu Einarsdóttur bankastjóra. „Hinn helmingurinn er að uppistöðu ferðaþjónustufyrirtæki. Hvað þau varðar erum við að frysta afborganir fram á næsta sumar," segir Birna. Hún telur að minnst tíu prósent lána bankans verði í frystingu fram á næsta sumar.

Hún segir greiðsluvanda geta þróast yfir í skuldavanda. „Ólíkt síðustu kreppu er greiðslugeta fyrirtækja það sem við erum nú að glíma við. Það kann að vera að greiðsluvandinn þróist yfir í skuldavanda eftir því sem afborgunum er velt fram í tímann og fyrirtæki taka á sig meiri skuldir." **– thg / sjá Markaðinn**

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, í sýnatöku þann 11. mars.

Forseti Íslands settur í sóttkví

COVID-19 Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, var í gær settur í sóttkví og verður í sóttkví næstu vikuna. Guðni er einkennalaus.

Þetta kom fram í tilkynningu frá skrifstofu forsetans. Þar var greint frá því að starfsmaður á Bessastöðum hefði greinst með kórónaveirusmit en fyndi ekki fyrir einkennum.

Í samtali við Fréttablaðið staðfestir Örnólfur Thorsson forsetaritari að þrír starfsmenn á Bessastöðum séu í sóttkví. Fjölskylda forsetans sé ekki í sóttkví.

„Forsetinn fer ekki í sýnatöku nema hann sýni einkenni. Svo fer hann samkvæmt reglum í sýnatöku þegar hann hefur lokið sóttkví," segir Örnólfur.

Enn bættist í gær við tölu þeirra sem látist hafa af völdum COVID-19 hérlendis, er sjúklingur andaðist úr sjúkdómnum á Landspítalanum. Miðað við tölur í gær voru 859 í einangrun með virkt smit og 2.083 voru í sóttkví. **– ilk**

Ryðja veginn í Öskjuhlíð

Framkvæmdir eru hafnar á nýjum stíg hringinn í Öskjuhlíðinni sem mun bæta verulega aðgengi að skóglendinu þar. Bætt verður við inngangi á Öskjuhlíðarsvæðið frá gatnamótum Bústaða- og Flugvallarvegar og mun stígurinn hlykkjast í gegnum skóginn. Stígurinn mun liggja í sveigjum með halla til að hann henti flestum. Tillaga er um að byggja tröppustíg líkan þeim sem nefnist Himnastiginn í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Innbrotahrina gengur nú yfir í Bústaðahverfinu

LÖGREGLUMÁL Það sem af er ári hafa verið framin rúmlega átta prósentum fleiri auðgunarbrot í Háaleitis- og Bústaðahverfi en allt síðasta ár.

Í fyrra voru framin 50 innbrot í hverfinu en nú eru þau orðin 82 þótt enn séu tæpir tveir mánuðir eftir af árinu. Mikil umræða er um innbrota- og þjófnaðarhrinu á Facebook-síðu hverfisins.

„Það er mikilvægt að fólk sé meðvitað og fylgist vel með í kringum sig," segir Guðrún Jack, rannsóknarlögreglukona og íbúi í hverfinu.

Spurð hvort einhverjar sérstakar ástæður geti verið fyrir auknum brotum segir Guðrún líklega um óheppni að ræða. „Það er bara þannig að þegar ógæfufólk býr í hverfum þá sjáum við aukningu í þjófnuðum og innbrotum," segir hún og tekur dæmi um par sem býr í hverfinu. „Þetta par hefur verið að leigja í hverfinu í mánuð og við höfum fundið fullt af þýfi heima hjá þeim. Svo er annað heimili sem við förum reglulega á og þar höfum við einnig fundið fullt af þýfi." **– bdj**

Guðrún Jack rannsóknarlögreglukona í Reykjavík.

Ósáttar því makar fá ekki að koma í sónar

Verðandi mæður eru ósáttar við að mökum eða aðstandendum sé meinað að vera viðstöddum fósturgreiningu eða sónar á Landspítalanum. Yfirljósmóðir segir aðstæður á biðstofu hafa gert það að verkum að bregðast hafi þurft við.

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn hefur í ljósi aðstæðna ákveðið að heimila aðeins verðandi móður að koma í myndgreiningu, eða sónar eins og það er gjarnan kallað, líkt og gert var í fyrstu bylgju faraldursins.

Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir yfirljósmóðir segir að síðan í vor hafi barnshafandi mæður fengið að taka maka eða stuðningsaðila með sér í sónar. Hins vegar hafi þær verið beðnar að meta hvort að þörf sé á að hafa einhvern með sér. Fósturgreinandi starfsfólk sé takmörkuð auðlind og endurtekið hafi starfsfólk þurft að hverfa frá vegna sóttkvíar.

„Við viljum allt gera til að vernda starfsemina eins og við getum," segir hún. Þegar almannavarnir hertu takmarkanir um helgina hafi þurft að bregðast við.

„Biðstofur á Landspítalanum eru ekki stórar og mikill fjöldi fólks fer í gegnum þær á hverjum degi," segir Ingibjörg og bendir á að Fósturgreining deili biðstofu með kvenlækningadeild þar sem konur sækja þjónustu vegna vandamála og sjúkdóma snemma á meðgöngu og vegna sjúkdóma í kvenlíffærum.

„Skjólstæðingar kvenlækningadeildar hafa ekki haft tækifæri á að hafa aðstandanda með sér í skoðun undanfarnar vikur. Nú þegar hámarksfjöldi í sama rými er tíu manns og tryggja þarf tveggja metra reglu er fjöldinn sem bíður á biðstofu allt of mikill," segir hún.

Sá háttur verður hafður á að konum í sónar er boðið að hringja með myndsamtali í aðstandanda eftir rannsókn og hann fær að sjá skjámynd og niðurstöður.

Skapast hefur mikil umræða og jafnvel reiði vegna þessa.

„Landspítalinn hefur verið starfandi á neyðarstigi í viku og ekkert gert fyrr en núna, þegar tilfellum fer fækkandi og sóttvarnalæknir hefur sagt að faraldurinn sé ekki í veldisvexti," segir Þórdís Jóna Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur frá Vestmannaeyjum sem er í hópi rúmlega 300 kvenna sem „settar eru" í mars.

„Það skiptir miklu máli upp á tengslamyndun að makar fái að vera með, og er mikill stuðningur við móðurina. Það eru tvö prósent líkur á að eitthvað sé að og þú vilt ekki vera ein þegar þú færð þau skilaboð," segir Þórdís og bendir á að ekki hafi verið tekið fyrir komu maka í mæðravernd á spítalanum.

Ingibjörg segir almennu regluna þá að fylgdarmenn geti ekki komið með þeim sem sækja þjónustu á spítalann, en í sérstökum tilvikum séu veittar undanþágur.

„Varðandi meðgönguvernd á Landspítala þá hafa þau tilmæli verið send til kvenna með smáskilaboðum í alla bókaða tíma undanfarna mánuði að mæta án fylgdarmanna ef það er mögulegt," segir Ingibjörg. „Það er því í algjörum undantekningartilvikum sem maki eða stuðningsaðili mætir með konu í mæðravernd á Landspítala."

kristinnhaukur@frettabladid.is

Makarnir geta fengið niðurstöðurnar með myndsamtali. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Við viljum allt gera til að vernda starfsemina eins og við getum.**
>
> Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir yfirljósmóðir

BEIN ÚTSENDING Á Facebook og visir.is
ÞÚ VILT EKKI MISSA AF ÞESSU!

Jólakvöld

Húsgagnahallarinnar
4. nóvember hefst kl. 20
eingöngu í streymi á vefnum

Allir þeir sem skrá sig á viðburðinn inn á Facebook (mæti/going) fara í pott og eiga möguleika á að vinna 100.000 kr. gjafabréf í Húsgagnahöllinni – vinningshafi dreginn út í beinni.

20% AFSL.

AF ÖLLUM SMÁVÖRUM*

GILDIR MIÐVIKUDAG 4. OG FIMMTUDAG 5. NÓVEMBER

Jólakvöldið verður stafrænt í ár og við verðum með skemmtilega dagskrá í beinni.

Góð ráð við val á jóla-skreytingum frá fagfólki.

Þekktir fagurkerar skreyta borðið sitt, þú velur þitt uppáhalds og við drögum einn heppinn þátttakanda sem vinnur allt á borðinu.

Fylgstu með á Bylgjunni þar sem skemmtilegir leikir verða í gangi í allan dag.

Ýmislegt fleira skemmtilegt.

Verum örugg, verum heima, sjáumst á netinu!

Kynnir: Simmi Vill

Hæhæ PubKviss, veglegir vinningar

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
SENDUM FRÍTT

Reykjavík Bíldshöfði 20	**11 – 18** virka daga **11 – 17** laugardaga **13 – 17** sunnudaga	**Akureyri** **Dalsbraut 1**	**11 – 18** virka daga **11 – 16** laugardaga	**Ísafjörður** **Skeiði 1**	**www.husgagnahollin.is** 558 1100		

HÚSGAGNA HÖLLIN

Kórónaveiran er að breyta útfararsiðum Íslendinga til frambúðar

SAMFÉLAG Séra Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, kveðst sannfærður um að útfararsiðir Íslendinga muni breytast til frambúðar af völdum þeirra fjöldatakmarkana á samkomuhaldi landsmanna sem verið hafa við lýði mikinn hluta þessa árs.

Þetta kom fram í viðtali við Sigurð Árna í fréttaþættinum 21 á Hringbraut í gærkvöldi, en þar segist hann hafa orðið þess áskynja að æ fleiri landsmenn séu að verða vanir – og sáttir – við einfaldar og fámennar útfarir.

Fólk sé að uppgötva það í ríkari mæli að hægt sé að kveðja ástvin sinn áþekkt því sem þekkist á öðrum Norðurlöndum, þar sem aðeins nánasta fjölskyldan kemur saman á útfarardegi. Það sé ekki lengur jafn sjálfsagt og áður að kalla til mörg hundruð manns úr nærumhverfinu á þessum kveðjustundum, svo sem þekkst hefur frá því gamla sveitasamfélagið var og hét á Íslandi, heldur geti það allt eins verið persónulegra og þægilegra að efna til fámennrar útfarar.

Sr. Sigurður Árni Þórðarson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju.

Hér skipti kostnaðurinn við útförina líka miklu máli, en hefðbundin, fjölmenn útför þar sem fjöldi listamanna kemur fram og efnt er til mörg hundruð manna erfidrykkju á eftir, sé mörgu fólki ofviða af augljósum ástæðum.

Af þessum sökum, segir séra Sigurður Árni, muni æ fleiri landsmenn kjósa það eftirleiðis að kveðja ástvin sinn í fámennum athöfnum nánustu ættingja, í anda þess sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. Tónninn hafi verið sleginn til frambúðar; fólki finnist það ekki lengur óeðlilegt eða bera vott um virðingarleysi að kveðja ástvin í þröngra vina hópi, í stað þess að fylla kirkjuna af fjarskyldara fólki með tilheyrandi umstangi og kostnaði.

Fjöldatakmarkanir á tímum kórónaveirufaraldursins kalli fram nýja siði. **– ser**

Mikið sótt í gátt vegna ofbeldis

FÉLAGSMÁL Tuttugu og tveir höfðu samband með netspjalli í rafrænni gátt um ofbeldi á heimasíðunni 112.is á fyrstu tveimur vikum eftir að gáttin var opnuð 15. október.

Tómas Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segir að á meðaldegi komi um 500

Tómas Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunnar

mál til Neyðarlínunnar í síma. Því séu 22 ekki margir en sýni þó þörf fyrir gáttina. „Í september komu 138 einstaklingar inn á 112.is, en síðan 14. október hafa komið 6.600 einstaklingar þar inn svo umferðin hefur aukist mikið.“ **– bdj**

Kindur verði innan girðingar.

Vilja kindurnar af þjóðveginum

UMFERÐ Samgöngu- og umferðarnefnd Rangárþings eystra telur að vegna aukins umferðarþunga og hættu af lausagöngu búfjár verði ekki hjá því komist að setja á bann við henni.

Nefndin bendir á að það þurfi að leysa úr álitaefnum um bótaskyldu og skyldu hagsmunaaðila til viðhalds á girðingum við vegi og fleira.

Þá tekur nefndin undir það með byggðaráði að halda þurfi fund um málið með sveitarstjórn, Landbúnaðarnefnd, Samgöngu- og umferðarnefnd, fulltrúa lögregluembættisins og fulltrúa Vegagerðarinnar. **– bb**

Lofthreinsistöð yrði lyftistöng fyrir atvinnulíf í Norðurþingi

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, segist bjartsýnn og vongóður um að lofthreinsiver á Bakka verði að veruleika, en það sé þó enn á fyrstu metrunum. Lofthreinsiverið yrði mun stærra verkefni en kísilver PCC á Bakka, sem stefnt er að því að opna á ný í apríl, og alveg ótengt þeirri starfsemi.

NORÐURLAND Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, segir áætlanir um lofthreinsiver á Bakka, sem fyrirtækið Carbon Iceland kynnti í síðustu viku, ótengdar starfsemi PCC. „Þetta yrði viðbót og allt annars konar starfsemi,“ segir Kristján og að sveitarfélagið eigi nægt land á Bakka, 90 til 100 hektara, sem er enn óúthlutað til að byggja upp iðnað.

Samkvæmt Kristjáni fær bæjarstjórn Norðurþings reglulega heimsóknir frá staðarvalsráðgjöfum og fyrirtækjum og ýmis verkefni hafa verið til skoðunar á undanförnum árum. Verkefni Carbon Iceland er það fyrsta sem fær viljayfirlýsingu líkt og gefin var út í síðustu viku.

Kísilverið PCC stöðvaði framleiðslu tímabundið í júní og sagði upp nærri hundrað starfsmönnum, sem var mikið högg fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Kristján segir að PCC hafi kynnt fyrir bæjarstjórn að vonir stæðu til þess að geta hafið starfsemi að nýju í apríl á næsta ári.

Carbon Iceland hefur samið við kanadískt fyrirtæki um nýtingu tækni sem kallast „bein loftföngun“ (Direct Air Capture), til að vinna koltvísýring úr andrúmsloftinu. Miðað við áætlanir fyrirtækisins, 140 milljarða króna fjárfestingu og á bilinu 300 til 500 störf, er um mun stærra verkefni en kísilver PCC að ræða, þar sem eru nú um 120 starfsmenn. Enn liggur þó ekki fyrir greining á þessu, til dæmis hvernig störf sé um að ræða og hvenær stöðugildin myndu verða til.

„Ég er bjartsýnn á að þetta geti gengið eftir,“ segir Kristján, en ítrekar að verkefnið sé enn á fyrstu metrunum. Enn eigi eftir að gera fýsileika- og áreiðanleikakannanir á hvort það gangi upp. Bæjarstjórn hafi þó væntingar og muni aðstoða Carbon Iceland, til dæmis hvað varðar leyfamál, greiningu innviða og fleiri þætti.

Sveitarstjórn Norðurþings ræðir við Landsvirkjun um 100 hektara vistvænan iðngarð á Bakka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þetta yrði viðbót og allt annars konar starfsemi.**
>
> Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings

„Starfsemi eins og þessi getur orðið mikil lyftistöng fyrir sveitarfélagið,“ segir Kristján. „Við í bæjarstjórn höfum verið í samtali við Landsvirkjun um áform á Bakka til lengri tíma. Að Bakki geti orðið vistvænn iðngarður til framtíðar. Okkur sýnist að verkefni sem þetta geti vel rúmast innan þess ramma sem verið er að búa til.“

Gangi áætlanir Carbon Iceland fullkomlega eftir, myndi uppbygging lofthreinsiversins hefjast árið 2023 og yrði það fullklárað 2025.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DULARFYLLSTI FUGL ÍSLANDS?



Í þessari áhugaverðu, óvenjulegu og fallegu bók fjallar **Gísli Pálsson** um geirfuglinn, fuglinn ófleyga sem varð eins konar tákn tegunda í útrýmingarhættu.

„... allt í senn spennandi frásögn um áhugavert fólk og tíma, kennslustund í sögu og hrollvekja.“
ÁRNI SNÆVARR, BLAÐAMAÐUR

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–16

Falleg gjöf?

Þú færð mikið úrval af fallegum gjöfum í Vogue og á Vogue.is

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Loftslagsráð vill bættan markað með kolefniseiningar á Íslandi

UMHVERFISMÁL Í nýútkomnu áliti frá Loftslagsráði segir að talsverðra úrbóta sé þörf varðandi hvernig kolefnisjöfnun er háttað hérlendis.

Erlendis er víða kominn þróaður markaður viðskipta með kolefniseiningar, sem fyrirtæki nota til þess að kolefnisjafna starfsemi sína. Því er ekki fyrir að fara hér.

Segir Loftslagsráð mikilvægt að íslenskar kolefniseiningar standist alþjóðlegar gæðakröfur og útgáfa slíkra eininga byggi á viðurkenndri aðferðafræði á grundvelli mælinga. Þá þurfi viðskiptin að vera gagnsæ og rekjanleg.

Endurheimt votlendis dregur úr magni kolefna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fram kemur að margt jákvætt sé að gerast hérlendis í þessum efnum en að of hægt gangi. Því þurfi að hraða úrbótum. Dregnir eru fram þrír veikleikar sem ráða þarf bót á.

Í fyrsta lagi sé mikilvægt að íslenskar kolefniseiningar standist alþjóðlegar gæðakröfur og útgáfa slíkra eininga byggi á viðurkenndri aðferðafræði á grundvelli mælinga. Þá þurfi viðskiptin að vera gagnsæ og rekjanleg. Því sé ekki fyrir að fara í dag.

Í öðru lagi sé skortur á miðlægri skráningu á kolefniseiningum, viðskipti með slíkar einingar og afskráningu þeirra þegar þær eru nýttar til kolefnisjöfnunar.

Í þriðja lagi þurfi að móta viðmið um ábyrgar yfirlýsingar á samkeppnismarkaði og frá opinberum aðilum um að vara eða þjónusta hafi verið kolefnisjöfnuð. **– þþ**

Fleiri fæðutegundir að valda ofnæmi en áður

Ofnæmissjúkdómar virðast vera að færast í vöxt í heiminum og innlögnum vegna þeirra fjölgar. Skuldinni meðal annars skellt á of mikið hreinlæti. Allt að fjórfalt fleiri eru sagðir telja sig þjást af fæðuofnæmi án þess að glíma við það.

VÍSINDI Á dögunum birti BBC umfjöllun um ofnæmissjúkdóma og vísbendingar um að slíkir væru að færast í vöxt í heiminum, þá sérstaklega fæðuofnæmi.

Þannig er innlögnum á sjúkrahús vegna ofnæmisviðbragða víða að fjölga, en að sama skapi er sá möguleiki fyrir hendi að læknar séu hæfari að greina fæðuofnæmi og einstaklingar meðvitaðri um að þeir gætu þjáðst af slíkum kvilla.

Í raun eru sjúklingar kannski of meðvitaðir, því í áðurnefndri grein kemur fram að þrisvar til fjórum sinnum fleiri telja sig þjást af fæðuofnæmi en raunverulega glíma við það. Helsta ástæðan fyrir því er að mörkin á milli fæðuóþols og fæðuofnæmis eru stundum óljós.

Í áðurnefndri grein kemur til dæmis fram að árið 1960 hafi þrjú prósent allra einstaklinga þjáðst af fæðuofnæmi en að árið 2018 hafi það hlutfall verið komið upp í sjö prósent.

Michael Valur Clausen, barna- og ofnæmislæknir, segir vísbendingar einnig til staðar hérlendis um að fæðuofnæmi færist í vöxt. Það séu niðurstöður rannsókna sem hann hafi gert ásamt Sigurveigu Þ. Sigurðardóttur ofnæmislækni barna.

„Einnig erum við að sjá fleiri fæðutegundir sem valda ofnæmi en við gerðum áður, sem fylgir breyttu fæðuvali okkar og aukinni fjölbreytni í mat. Sem dæmi má nefna að við sjáum meira um ofnæmi gegn kasjúhnetum en við gerðum áður og einnig ofnæmi gegn kókos sem var nærri óþekkt hér áður fyrr," segir Michael.

Talið er að ofnæmiskerfið þurfi örvun á fyrsta æviári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Sem dæmi má nefna að við sjáum meira af ofnæmi gegn kasjúhnetum en við gerðum áður og einnig ofnæmi gegn kókos sem var nærri óþekkt hér áður fyrr.**
>
> Michael Clausen, barna- og ofnæmislæknir

Ein kenning í ofnæmisfræðum er sú að ofnæmiskerfið þurfi ákveðna örvun á fyrsta æviári barns til þess að þróast og þroskast eðlilega. Sé brestur á því er hætta á að barnið fái ofnæmissjúkdóm, sérstaklega ef það er ættarsaga um ofnæmissjúkdóma í fjölskyldunni.

Að sögn Michaels hefur kenningin oft verið nefnd „hreinlætiskenningin" og því sé það vissulega álitamál hvort að það sótthreinsaða ástand sem nú varir geti haft áhrif í þá átt að við fáum enn meira af ofnæmissjúkdómum, eins og fæðuofnæmi í kjölfarið hjá þeim börnum sem fæðast á þessu ári.

„Það er erfitt að svara þessari spurningu öðruvísi en að tíminn verði að leiða það í ljós," segir Michael. **bjornth@frettabladid.is**

Íslensk laxahrogn í útrás Norðmanna

LAXELDI Stofnfiskur mun sjá norska fyrirtækinu fyrir laxahrognum, í nýrri landeldisstöð fyrirtækisins í Maryland í Bandaríkjunum. AquaCon hyggst framleiða um 50 þúsund tonn af laxi á ári í Bandaríkjunum og stefnir á að kaupa um 40 milljón laxahrogn af Stofnfiski.

Jónas Jónasson, framkvæmdastjóri Stofnfisks, segir mikla bylgju í gangi víða um heim í landeldi. „Það er svo mikil eftirspurn eftir laxi um allan heim. Það er þrýstingur á að framleiða lax á landi í Bandaríkjunum, Kína, Japan og Rússlandi og víðar," segir Jónas. Norska fyrirtækið sé ekki að tjalda til einnar nætur heldur horfi langt fram í tímann.

„Þeir þekkja okkur mjög vel. Þetta er fólk úr norska laxeldisgeiranum og það hefur uppgötvað að okkar litla fyrirtæki hér á Íslandi er trúlega með hreinasta stofn í heimi af laxi."

Stofnfiskur, sem er í eigu Benchmark Genetics, er orðinn einn stærsti framleiðandi laxahrogna í heiminum. Vegna legu landsins og heilbrigði laxastofns Stofnfisks síðustu áratugi, er auðvelt að flytja lifandi laxahrogn út um allan heim, en Stofnfiskur selur hrogn til 22 landa.

Lokað fyrir útflutning laxahrogna frá Noregi til Skotlands. MYND/STOFNFISKUR

Stofnfiskur hefur smám saman byggt upp næga framleiðslugetu til að framleiða allt að 200 milljón hrogn, sem duga til framleiða um 500 þúsund tonn af laxi.

„Við stefnum að því að tvöfalda söluna á hrognum árið 2030. Við erum með einstakan aðgang hér á Reykjanesi. Hér er um 10 gráðu heitur sjór og á sama stað með ógrynni af fersku vatni. Þetta þykir einstakt í heiminum," segir Jónas. **– bb**

UEFA CHAMPIONS LEAGUE®

MEISTARADEILDIN

aðeins 3.990 kr./mán.

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

Sagðir nota fiskveiðar til að spilla viðræðum

BREXIT Clement Beaune, Evrópumálaráðherra Frakklands, sagðist í sjónvarpsþætti Andrew Marr hjá BBC hæfilega bjartsýnn á að viðskiptasamningur milli Bretlands og Evrópusambandsins yrði að veruleika. Viðræðurnar væru enn í gangi en tíminn væri ekki endalaus. „Við höfum enn nokkra daga. Ég vona að við getum náð samningum á næstu tveimur vikum," sagði hann.

Bretum er mjög umhugað um að ná samningum sem fyrst, en Frakkar hafa verið sakaðir um að spilla viðræðunum. Fái Bretar ekki samning sé Frakkland og Parísarborg sérstaklega vel í stakk búin til að taka við sem fjármálamiðstöð álfunnar.

Marr spurði Beaune hvort Frakkar væru að nota fiskveiðar, sem eru smástærð í efnahag landanna, sem tylliástæðu til að sprengja viðræðurnar. Pólitískt séð á Boris Johnson mikið undir vegna loforða sinna við breska sjómenn.

„Fiskveiðar skipta Frakka gríðarlega miklu máli. Bretar geta ekki beðið okkur um að aðlagast breskri fiskveiðistefnu," sagði Beaune og sagði að vel væri hægt að ná samkomulagi um fiskveiðar í breskri lögsögu.

> **Ef við náum ekki samningi fá Bretar ekki aðgang að innri markaði Evrópu.**

Clement Beaune, Evrópumálaráðherra Frakklands

Benti Marr ráðherranum á að ef Bretland færi samningslaust út úr sambandinu væru franskir sjómenn engu betur settir. „Við verðum að líta á samningana í heild," svaraði Beaune. „Ef við náum ekki samningi fá Bretar ekki aðgang að innri markaði Evrópu." Sagði hann hagsmuni Breta að ná samningi mun meiri en Evrópusambandsins. **– khg**

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Sjálfboðaliðar fagna góðu verki í október. Nær 200 14 til 16 ára ungmenni koma árlega að utan. MYND/VERALDARVINIR

Strandhreinsun í raun vinsæl ferðaþjónusta

Yfir þrjátíu sjálfboðaliðar dvelja nú hér á landi til að hreinsa strandlengjuna. Trúlega hvergi annars staðar jafnmargir ferðamenn á landinu. Auðvelt að tryggja tveggja metra reglu. Fólk greiðir fyrir að komast í sjálfboðastarfið hér.

SJÁLFBOÐASTARF „Þegar COVID kom upp breyttum við prógramminu hjá okkur og erum núna að taka á móti fólki sem er að koma í 4-12 vikur," segir Þórarinn Tóti Ívarsson, framkvæmdastjóri Veraldarvina, sem hafa að markmiði að hreinsa strandlengju Íslands.

„Það er tölúverð ásókn í að koma í lengri tíma," segir Þórarinn sem segir að nú séu 32 sjálfboðaliðar við störf hér. Alls hafi félagið fengið um 20 þúsund sjálfboðaliða á 20 ára starfstíma sínum. Fáir ferðamenn eru á landinu nú um stundir og má því segja að hreinsunin sé nú vinsælasta grein ferðaþjónustunnar.

„Það eru ákveðin svæði sem eru rosalega slæm, eins og á Ströndum. Þar er mikið magn af plasti. Útgerðin á nánast allt plastið sem þar er, netadræsur og annað," segir Þórarinn sem kveður erfitt að tína þar.

„Rekaviðurinn hefur velt sér yfir plastið áratugum saman þannig að það er búið að brotna niður í litla fimm til tíu sentimetra stubba. Ástandið er einnig slæmt á Melrakkasléttu og Langanesi og því svæði," segir Þórarinn.

Á fésbókarsíðu Veraldarvina má sjá árangurinn. Heilu kerrurnar hafa verið fluttar til Reykjavíkur þar sem allt ruslið var flokkað.

Ísafjarðarbær er með lengstu strandlengju landsins, 627 kílómetra. Þar vill félagið hreinsa til

„Við ætlum að halda áfram í fjörunum í allan vetur ef veður leyfir, ef klakinn verður ekki of mikill. Það er vel hægt að halda tveggja metra reglunni í fjörunni," segir Þórarinn.

Í bréfi til Ísafjarðarbæjar kemur fram rekstraráætlun frá október til september á næsta ári. Gjöldin nema um 37,5 milljónum króna en tekjurnar rúmum 38 milljónum, þar af eru þátttökugjöld sjálfboðaliða um 8,2 milljónir á ári.

„Þetta eru ekki stórar fjárhæðir, um 35-40 þúsund fyrir tveggja vikna verkefni og svo er fólk að koma á styrkjum frá ESB í gegnum svokallað Rasmus plús-verkefni," segir Þórarinn Tóti Ívarsson.

benediktboas@frettabladid.is

Rekstraráætlun Veraldarvina til september 2021

Tekjur
- Styrkur frá Stjórnarráði - Úr viðjum plastsins 18 milljónir
- Fyrirtæki 11,5 milljónir
- Þátttökugjöld sjálfboðaliða 8,3 milljónir

Samtals 37,8 milljónir

Gjöld
- Verkefnastjóri 8,4 milljónir
- Myndun 0,6 milljónir
- Gagnvirkt kort og app 0,5 milljónir
- Fastur kostnaður 9,5 milljónir
- Fæðiskostnaður sjálfboðaliða 11,23 milljónir
- Húsnæði 7,5 milljónir
- Bílaleiga 4,5 milljónir
- Rekstrarkostnaður bifreiða 2,2 milljónir
- Sími og internet 0,1 milljón
- Búnaður til hreinsunar 1,5 milljónir
- Ófyrirséður kostnaður 0,8 milljónir

Fjöldi vinnuvikna 1.377
Fjöldi vinnustunda í klst. 27.540
Fjöldi kílómetra 1.415

Árásir mesta áskorunin segir kanslari Austurríkis

AUSTURRÍKI Lögreglan í Austurríki gerði húsleit á átján heimilum og voru fjórtán handteknir í gær eftir að fjórir létust og 22 særðust í árás í Vín á mánudagskvöld.

Árásarmaðurinn, Kujtim Fejzulai sem var með tvöfalt ríkisfang og átti ættir að rekja til Norður-Makedóníu, var í fyrra dæmdur í 22 mánaða fangelsi fyrir að reyna að ganga til liðs við sveitir ISIS í Sýrlandi. Honum var sleppt átta mánuðum síðar.

Lögreglunni í Vínarborg bárust um 30 þúsund upptökur frá árásinni. Sebastian Kurz, kanslari Austurríkis, staðfesti við CNN að yfirvöld teldu Kujtim hafa verið einan að verki. Um hafi verið að ræða hryðjuverkaárás af hálfu öfgasinnaðs íslamista.

„Þetta er byggt á sömu hugmyndafræði og árásirnar í Frakklandi, með því að vígvæða yngri kynslóðirnar til að valda samfélagi okkar skaða. Það er helsta áskorun Evrópusambandsins hvernig eigi ekki aðeins að stöðva hryðjuverkamennina heldur líka þá sem koma þessum röngu hugmyndum á framfæri í moskum," sagði Kurz við CNN. **– kpt**

Sebastian Kurz kanslari og Alexander Van der Bellen forseti Austurríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ILVA

Jólin eru komin

25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM,

30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM

20% AFSLÁTTUR AF SÉRPÖNTUNUM

AÐEINS 4. OG 5. NÓVEMBER

SKRÁÐU ÞIG Á FACEBOOK VIÐBURÐINN OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 100.000 KR. GJAFAKORT Í VERSLUNINNI

DRÖGUM ÚT 9. NÓVEMBER

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND

VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN

FYRSTU 100 VIÐSKIPTA-VINIRNIR SEM VERSLA Á HEIMASÍÐUNNI FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA FÁ GJAFAPOKA Í KAUPBÆTI

WWW.ILVA.IS

GEFUM 3 VEGLEGA GJAFAPOKA

FYLGDU OKKUR OG SAMSTARFSAÐILUM Á INSTAGRAM

DRÖGUM ÚT 9. NÓVEMBER

INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

FRÍ HEIMSENDING Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA

ILVA áskilur sér rétt til að leiðrétta augljósar villur.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

Okkar ábyrgð

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Við aðhyllumst flest þá grunnhugmynd að ákvarðanir sem varða líf og heilsu borgaranna, réttindi þeirra og skyldur, skuli teknar af lýðræðislega kjörnu fólki. Ekki aðeins sýnir reynslan að það skilar betri árangri til lengri tíma litið, heldur viljum við ekki síður að ákvörðunum fylgi lagaleg, siðferðileg og pólitísk ábyrgð.

Undanfarna átta mánuði höfum við hins vegar upplifað algerlega breytta tíma við stjórn landsins. Við höfum lagt traust okkar á fólk sem hefur ekkert lýðræðislegt umboð, þótt það hafi augljósa köllun til að þjóna samfélagi sínu. Almenningur í landinu og æðstu stjórnmálaleiðtogar hafa meira og minna sameinast um að treysta á hyggjuvit þessara þjóna, sem svo heppilega vildi til að gegndu stöðum sem nú eru meðal þeirra mikilvægustu í íslensku samfélagi: stöðum eins og embætti landlæknis og sóttvarnalæknis og löggu með vit í kollinum.

Svona eiga lýðræðisríki auðvitað ekki að virka til lengdar, en það hefur þó verið fróðlegt og stundum jafnvel hugljómandi að fylgjast með þríeykinu að störfum. Jafnt stjórnmálamenn sem kjósendur geta lært mikið af framgöngu þeirra.

Þegar starfslið íslenska landsliðsins í knattspyrnu misnotaði traust Víðis Reynissonar, sem hafði veitt undanþágu til svokallaðrar vinnusóttkvíar vegna leiks gegn Rúmenum, brást hann ekki við með því að skamma landsliðið eða drepa málinu á dreif. Hann lýsti því yfir að hann réði ekki við vald til að veita undanþágur þegar aðilar honum nátengdir ættu í hlut, og afsalaði sér einfaldlega því valdi. Og hann baðst afsökunar svo mark var á tekið.

Auðmýkt Víðis og heilbrigt sjálfsmat er lexía fyrir stjórnmálamenn, sem höfðu áður rofið samstöðuna ítrekað með framferði sem gaf til kynna að aðrar reglur giltu um þá en aðra. Landsmenn elskuðu Víði sinn ekki minna eftir mistökin, á meðan þyrluflipp og botnlausir brönsar voru pólitíkusum álitshnekkir.

Annað sem greinir þríeykið frá stjórnmálastéttinni er frelsið sem þau gefa sér til að skipta um skoðun. Í vor mátti til dæmis skilja á Þórólfi sóttvarnalækni að hann hefði litla trú á grímunotkun. Hún væri til þess fallin að veita falskt öryggi. En eftir nokkra mánuði í kófinu hefur Þórólfi snúist hugur. Grímur eru málið, þær hafa sannað gildi sitt. Þetta er frábær kennslustund fyrir stjórnmálamenn. Prófið að skipta um skoðun ef nýjar og betri upplýsingar koma fram, í stað þess að fórna forvitni fyrir þrjósku og einsýni.

Sem kjósendur í lýðræðisríki ættum við að nota þetta tækifæri og hugsa okkar gang. Það er því miður staðreynd að þeir stjórnmálamenn endast gjarnan best sem síst skyldi, á meðan gott fólk brennur út og hverfur. Það gefst upp, af því aðeins þau háverustu komast að og þau spilltustu og útsmognustu sigra flesta slagi af því þau svífast einskis. Fólk sem ekki má vamm sitt vita tapar öllum bardögum, af því það kann ekki klækjapólitík og vill ekki læra hana. Kjósendur gætu mikið lært af framgöngu þríeykisins, ekki síður en stjórnmálafólkið.

Það er því miður staðreynd að þeir stjórnmálamenn endast gjarnan best sem síst skyldi, á meðan gott fólk brennur út og hverfur.

Halldór

Frá degi til dags

Dýr verður Hafliði allur

Þrátt fyrir fagurgala um loftslagsmál er staðreynd að stjórnvöld hafa staðið sig illa á þeim vettvangi. Íslendingar eru aðilar að Kyoto-bókuninni svokallaðri sem rennur út í lok ársins 2020. Metnaðarfull markmið náðust engan veginn og íslensku mengunarsóðarnir þurfa að rífa upp veskið og kaupa sérstakar losunarheimildir, eins konar nútíma aflátsbréf. Reikningurinn sveiflast ört og nú um stundir má reikna með að ríkið þurfi að greiða 16 milljarða króna.

Sá næsti tekur reikninginn

Undan þessum reikningi verður ekki komist en upphæð hans sveiflast eins og áður segir, sem er meðal annars afleiðing af spákaupmennsku. Hver losunareining lækkaði gríðarlega á meðan fyrsta bylgja COVID-19 faraldursins gekk yfir en síðan þá hefur verið farið hratt hækkandi. Íslensk stjórnvöld brugðust þó ekki við og keyptu ekki eina einustu losunarheimild á meðan kauptækifærið var ærið. Í fjárlögum þessa árs vakti síðan athygli að hvergi var að sjá heimildir til þess að ráðast í slíkar fjárfestingar. Reikningurinn er nefnilega á gjalddaga árið 2022-2023 og sennilega er pólitíska sýnin sú að láta bara næstu ríkisstjórn hafa áhyggjur af reikningnum, þó að hann verði kominn upp úr öllu valdi.

Jöfnum aðgengi að húsnæðismarkaðnum

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

Þann 1. nóvember tóku lög um hlutdeildarlán gildi sem er mikið fagnaðarefni. Með þessum lánum er verið að grípa inn í og rétta hlut tekjulágra einstaklinga og jafna aðgengi fólks að húsnæðismarkaðnum. Um allt of langt skeið hefur fjöldi einstaklinga ekki átt möguleika á því að eignast sitt eigið húsnæði af því að þeir höfðu ekki einhvern sem gat aðstoðað við fyrstu kaupin. Þessi lán munu því hjálpa fólki að búa við aukið öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum, hvar sem það býr á landinu.

Markmiðið með hlutdeildarlánum er bæði að auðvelda ungu fólki og tekjulágum fyrstu skrefin á fasteignamarkaði sem og að hvetja byggingaraðila til að byggja hagkvæmt íbúðarhúsnæði sem hentar þessum hópum. Kannanir hafa sýnt að á undanförnum árum hafa nýjar byggingar ekki verið í samræmi við eftirspurn þar sem þær hafa verið of stórar og of dýrar. Mikil þörf er fyrir uppbyggingu hagkvæms húsnæðis um allt land og eru hlutdeildarlánin einmitt hugsuð til þess að styðja við uppbyggingu á kaldari markaðssvæðum á landsbyggðinni.

Í Gufunesi er spennandi verkefni þegar komið af stað þar sem Þorpið vistfélag er að reisa 65 íbúðir sem eru byggðar með ný lög um hlutdeildarlán í huga. Íbúðirnar, sem kosta á bilinu 19-37 milljónir, eru hluti af þeim fjölmörgu íbúðum sem við munum sjá koma inn á markaðinn á næstu misserum sem ungt fólk og tekjulágt mun geta keypt með stuðningi frá ríkinu í gegnum hlutdeildarlánin.

Ég er mjög ánægður og stoltur af því að hlutdeildarlánin séu orðin að veruleika. Með þeim erum við að stíga myndarlegt skref til þess að aðstoða ungt fólk og lágtekjuhópa til að komast inn á fasteignamarkaðinn, og um leið erum við sem samfélag að segja að við sættum okkur ekki við að einungis þeir sem eru með sterkt bakland eigi að geta eignast eigið húsnæði.

Ég er mjög ánægður og stoltur af því að hlutdeildarlánin séu orðin að veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Takk fyrir samstöðuna

Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir

Katrín Oddsdóttir

Fyrir hönd Samtaka kvenna um nýja stjórnarskrá og Stjórnarskrárfélagsins.

Undirskriftir 43.423 kjósenda hafa nú verið afhentar Alþingi, með kröfu um að þingið virði niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012 og lögfesti nýju stjórnarskrána. Krafan var afhent formönnum stjórnmálaflokka á Alþingi þann 20. október síðastliðinn, en sá dagur markaði átta ára afmæli þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá.

Samtök kvenna um nýja stjórnarskrá hófu þessa undirskriftasöfnun á kvenréttindadaginn 19. júní með því að ganga á fund forseta Íslands og hvetja hann til að beita sér fyrir því að niðurstaða hinnar lögmætu þjóðaratkvæðagreiðslu yrði virt. Í upphafi var markið sett á að safna 25.000 undirskriftum sem nemur um 10% kjósenda landsins. Sú tala var ekki úr lausu lofti gripin, því samkvæmt nýju stjórnarskránni getur sá fjöldi kjósenda lagt fyrir frumvarp til Alþingis eða kallað til þjóðaratkvæðagreiðslu á umdeildum frumvörpum sem Alþingi hefur samþykkt. Þótt ýmsum þætti markmiðið ansi háleitt varð það samt fyrir valinu því með því að ná slíkum fjölda væri hægt að sýna svart á hvítu að Alþingi hefur, með hunsun sinni á niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar, komið í veg fyrir það að kjósendur á Íslandi fái aukið vald til að segja hug sinn í mikilvægum málum með lýðræðislegum hætti.

Allar þessar undirskriftir og óeigingjarnt framlag slíks gríðarlegs fjölda sýnir að lýðræðið á sér djúpar og sterkar rætur meðal almennings á Íslandi.

Lýðræðið kristallast nefnilega í því að öll völd hins opinbera eigi uppruna sinn hjá fólkinu í landinu og þjóðin sé því hinn raunverulegi stjórnarskrárgjafi. Það þarf að tempra og dreifa valdi til að við getum öll setið við sama borð og nýja stjórnarskráin endurspeglar þá þörf.

Samstaðan er fallegt afl og kraftur samstöðunnar færði okkur margfalt fleiri undirskriftir en okkur hafði órað fyrir. Breiðfylking fólks úr öllum stigum samfélagsins tók höndum saman, því við sættum okkur ekki við að niðurstöður lýðræðislegrar þjóðaratkvæðagreiðslu séu virtar að vettugi.

Okkur langar að þakka öllum sem tóku þátt í baráttunni fyrir þeirra framlag. Takk, elsku unga fólk, sem útbjugguð myndbönd og samfélagsmiðlaherferð með upplýsingum um nýju stjórnarskrána og vöktuð þannig heila kynslóð, sem ekki hafði fengið fræðslu um málið, til vitundar. Takk, þið fulltrúar eldri kynslóðarinnar og brottfluttir Íslendingar, sem ekki voruð með rafræn skilríki en gáfuð ekki upp von um að geta samt skrifað undir listann. Takk, þið dásamlegu konur sem tókuð ykkur frí frá vinnu til að aðstoða þau við að skrifa undir.

Takk, þið öll sem tókuð umræðuna um nýju stjórnarskrána í ykkar nærumhverfi. Takk, þið öll sem skrifuðuð greinar, mættuð í fjölmiðla og hélduð umræðunni á lofti. Takk, þið sem söfnuðuð undirskriftum úti á landi. Takk, elsku listamenn sem gáfuð tíma ykkar, vinnu og listrænu hæfileika til baráttunnar fyrir nýrri stjórnarskrá. Takk, kæra tæknimenntaða fólk sem gáfuð ykkar sérhæfðu vinnu og takk, fjölmiðlar sem fjölluðu um málið. Takk, öll sem tókuð þátt í baráttunni á samfélagsmiðlum #hvar sköpunargleðin fékk lausan tauminn. Takk, þið sem létuð fé af hendi rakna til að styrkja baráttuna. Takk, sjálfboðaliðar, sem mönnuðuð alla pósta með gleði.

Síðast en ekki síst, hjartans þakkir til ykkar allra sem skrifuðu undir þennan lista. Hver ein og einasta undirskrift er dýrmæt og mikilvæg. Allar þessar undirskriftir og óeigingjarnt framlag slíks gríðarlegs fjölda, sýnir að lýðræðið á sér djúpar og sterkar rætur meðal almennings á Íslandi.

Takk fyrir samstöðuna og höldum áfram. Baráttunni lýkur ekki fyrr en samfélagssáttmálinn sem saminn var af þjóðinni og fyrir þjóðina hefur verið lagður til grundvallar sem stjórnarskrá Íslands!

Sjóvá

440 2000

Hluthafafundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 25. nóvember 2020

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður miðvikudaginn 25. nóvember kl. 10:00 í fundarsal á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.335.957.552. Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 12. mars sl. var samþykkt breytingartillaga stjórnar um að ákvörðun um arðgreiðslu yrði frestað að sinni í ljósi þeirra aðstæðna sem væru uppi í þjóðfélaginu vegna COVID-19 veirunnar. Með því gæfist betri tími til að meta stöðu mála og að taka ákvörðun á traustum grunni. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, miðvikudaginn 25. nóvember 2020 og hefst kl. 10:00.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

1. Ákvörðun um tillögu stjórnar um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
   Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2019 og að hagnaður ársins 2019 komi til hækkunar á eigin fé félagsins.
2. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 10:00 sunnudaginn 15. nóvember 2020. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið stjorn@sjova.is. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vef félagsins.

Hægt verður að fylgjast beint með fundinum í vefstreymi á slóðinni https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/hluthafafundur/hluthafafundur-2020/

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Öllum ákvörðunum heilbrigðisráðherra um samkomutakmarkanir á grundvelli sóttvarnalaga verður framfylgt á hluthafafundinum. Í ljósi þessa og þeirra samkomutakmarkana sem kunna að verða fyrir hendi á fundardegi er hluthöfum bent á að veita umboð til umboðsmanns um þátttöku á fundinum með fyrirmælum um hvernig atkvæði skuli greidd um þær tillögur sem til afgreiðslu eru. Hefur Sjóvá fengið Grétar Dór Sigurðsson, hrl. hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, til að vera umboðsmann fyrir þá hluthafa sem það vilja. Hægt er að sækja viðeigandi umboðseyðublað á vefsvæði Sjóvá https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/hluthafafundur/hluthafafundur-2020/ og senda rafrænt á gretar@lr.is. Nánari upplýsingar um umboð og skil þess er að finna í fyrrgreindu umboðseyðublaði á vefsvæði Sjóvá.

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef löglega er til hans boðað.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða, dagskrá hluthafafundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir hluthafafund, ásamt umboðseyðublaði eru aðgengileg á vefsvæði félagsins https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/hluthafafundur/hluthafafundur-2020/

Hluthafar eða umboðsmaður hluthafa geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 9:30 á fundardag og fengið fundargögn afhent. Hluthafafundur og fundargögn verða á íslensku.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

sjova.is

SJÓVÁ

Grænlendingar ósáttir við IHF

FÓTBOLTI Forsvarsmenn grænlenska handboltasambandsins eru ekki sáttir við ákvörðun alþjóða handboltasambandsins, IHF, að veita Bandaríkjunum þátttökurétt á HM í handbolta karla sem fram fer í Egyptalandi í janúar. Undankeppni Norður- og Mið Ameríku var ekki haldin vegna kórónaveirufaraldursins og er Grænland efst á styrkleikalista Norður og Mið-Ameríku.

IHF taldi góðan árangur Bandaríkjanna á Pan American-mótinu og þá staðreynd að handboltinn er í uppvexti þar í landi réttlæta ákvörðunina um að hleypa liðinu inn á heimsmeistaramótið.

„Okkur er sýnd lítilsvirðing með þessari ákvörðun sem er ekki tekin á íþróttalegum forsendum. Þess vegna munum við mótmæla henni," segir Isak Jørgen Olsen, formaður grænlenska handboltasambandsins. **– hó**

Maradona fór undir hnífinn

FÓTBOLTI Argentínska knattspyrnugoðsögnin Diego Maradona þurfti að leggjast undir hnífinn í nótt til að fjarlægja blóðtappa í heila. Maradona var lagður inn á spítala á mánudaginn og gáfu fyrstu rannsóknir til kynna að hann væri blóðlítill og að glíma við vökvaskort. Gengið hefur verið úr skugga um að Maradona sé ekki smitaður af kórónaveirunni eftir að einn af lífvörðum hans greindist með veiruna á dögunum.

Maradona varð sextugur á föstudaginn síðastliðinn en hann hefur verið heilsuveill á seinni hluta lífsleiðar sinnar. Það á að miklu leyti rót sína að rekja til áfengis- og fíkniefnaneyslu hans. Þá hefur andleg heilsa hans verið sveiflukennd og hann glímt við þunglyndi.

Fyrr um daginn greindi læknir Maradona frá því í samtali við fjölmiðla að goðsögnin væri að ná fyrri styrk. Það breyttist um kvöldið þegar kom í ljós að hann væri með blóðtappa í heila.

Maradona sem varð heimsmeistari með Argentínu árið 1986 þjálfar nú Gimnasia y Esgrima. Hann stýrði síðast leik liðsins í deildinni á afmælisdaginn sinn. **– hó**

Hugmynd um deildarkeppni atvinnumanna frábær þróun

Sundmaðurinn Anton Sveinn McKee hefur staðið sig feykilega vel á International Swimming League en hann er að taka þátt í mótaröðinni í fyrsta skipti. Anton Sveinn hefur þar bætt Íslands- og Norðurlandamet sín bæði í 100 og 200 metra bringusundi á mótinu. Hann kann vel við þetta nýja mótafyrirkomulag.

Anton er eini Íslendingurinn sem er búinn að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SUND Anton Sveinn McKee er þessa dagana staddur í Búdapest í Ungverjalandi þar sem hann tekur þátt í International Swimming League sem haldið er í annað sinn. Keppt er samkvæmt deildarfyrirkomulagi en Anton Sveinn er hluti af kanadíska liðinu Toronto Titans á mótinu.

Anton Sveinn hefur bætt Íslands- og Norðurlandamet sín í 100 og 200 metra bringusundi á mótinu en nýtt met hans í 100 metrunum er 56,30 sekúndur og metið í 200 metra sundinu er 2.01,65 sekúndur.

Þrátt fyrir að hafa verið í metaham síðustu dagana er Anton Sveinn ánægðastur með að til staðar sé nú mót í sundi með liðafyrirkomulagi. Stefnan hafi vissulega verið að bæta tíma sína en mestu máli skipti að safna eins mörgum stigum og mögulegt er fyrir lið sitt.

„Það er frábært að það sé komin deild með liðafyrirkomulagi í sundið. Þetta er bæði skemmtileg viðbót við mótadagskrá og svo eykur þetta fjárhagslegt öryggi að bæta við þess háttar mótum. Það er mikil áhætta fólgin í því að hafa einungis tvö stórmót á hverju ári, heims- og Evrópumót og svo Ólympíuleika á fjögurra ára fresti.

Það eykur tekjumöguleika fyrir sundmenn að vera orðnir partur af liði sem keppir í mótaröð þar sem nokkur mót verða haldin á hverju ári þegar ástandið verður orðið eðlilegt á nýjan leik eftir kórónaveirufaraldurinn," segir Anton Sveinn sem er að taka þátt í mótaröðinni í fyrsta skiptið.

Tíu lið eru í deildinni, fjögur bandarísk, fjögur evrópsk, eitt japanskt og svo kanadíska liðið Toronto Titans. Í hverju liði eru 32 sundmenn en þarna er saman komið besta sundfólk heims. Hvert lið sendir svo tvo til þrjá sundmenn í hverja grein og þá er einnig keppt í boðsundi. Sætaröðin skilar svo stigum en ekki sá tími sem sundmaðurinn syndir á.

„Ég tók þá ákvörðun fyrir um

> **Þetta er bæði skemmtileg viðbót við mótadagskrá og svo eykur þetta fjárhagslegt öryggi.**
>
> Anton Sveinn McKee

það bil ári síðan að leggja allt kapp mitt á sundið en áður hafði ég verið í námi eða vinnu með sundiðkuninni. Ég hóf að æfa við frábærar aðstæður í Virginíu í Bandaríkjunum í æfingabúðum þar sem auk þess að geta æft eins og atvinnumaður er mikil áhersla lögð á andleg atriði sem tengjast því að vera afreksmaður í sundi," segir þessi metnaðarfulli sundmaður.

„Það er að skila sér að geta sinnt sundinu af fullum krafti og einbeitt sér alveg að æfingum, endurheimt milli æfinga og að fá góða hvíld á milli æfinga og keppna. Þessi mótaröð er svo hluti af því að leggja allt undir til að komast í fremstu röð. Það er líka frábært að vera partur af heild og leggja sitt af mörkum svo liði gangi vel. Tíminn minn er ekki aðalatriðið heldur stigasöfnunin fyrir liðið. Það er hins vegar óneitanlega góð tilfinning að sjá hvar ég stend þar sem ég renndi blint í sjóinn þar sem ég keppti síðast á móti þar sem ég æfði í aðdraganda þess með það í huga að ná sem bestum tíma í upphafi þessa árs."

Anton er einnig að vinna í undirbúningi fyrir Ólympíuleikana.

„Eftir að þessu móti lýkur hefst svo í raun bara undirbúningur fyrir Ólympíuleikana sem fram fara næsta sumar. Næstu mót verða einhvern tímann í mars eða apríl á næsta ári býst ég við. Ég fer bara aftur til Virginíu þar sem ég mun leggja áherslu á það í æfingum mínum að ná lágmarki fyrir Ólympíuleikana í 100 metra bringusundi," segir hann um framhaldið. Anton er í dag eini Íslendingurinn sem hefur tryggt sér farseðilinn til Tókýó.

Það hefur hann gert í 200 metra bringusundi. Næst á dagskránni hjá honum er hins vegar sjöundi leggur International Swimming League sem fram fer í upphafi næstu viku, það er mánudaginn 8. nóvember og þriðjudaginn 9. nóvember.

hjorvaro@frettabladid.is

Vegferðin á EM hefst fyrir tómri höll

HANDBOLTI Ísland mun í dag hefja leik í undankeppni EM 2022 í handbolta karla en undirbúningur liðsins hefur verið óvenjulegur sökum kórónaveirufaraldurins og þá eru nokkur forföll sökum meiðsla, faraldursins og annarra ástæðna.

Þannig heltust Ólafur Andrés Guðmundsson, Bjarki Már Elisson, Sigvaldi Björn Guðjónsson og Oddur Grétarsson úr upphaflegum leikmannahópi Íslands. Kristján Örn Kristjánsson sem átti að leysa Arnór Þór Gunnarsson af hólmi í hægra horninu var svo settur í sóttkví og Arnór Þór mætti til lands í gær og verður með í kvöld.

Þetta er í fyrsta skipti í þó nokkurn tíma sem íslenska liðið mætir til leiks án vinstri hornamannanna Guðjóns Vals Sigurðssonar, Stefáns Rafns Sigurmannssonar og Bjarka Más. Hákon Daði Styrmisson, leikmaður ÍBV, og Orri Freyr Þorkelsson sem leikur með Haukum, þurfa að fylla skarð þeirra.

Aron hefur byrjað tímabilið með Barcelona af krafti. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Viggó Kristjánsson kemur inn í þetta verkefni með mikið sjálfstraust en hann er sem stendur þriðji markahæsti leikmaður þýsku efstu deildarinnar en lið hans TVB Stuttgart hefur farið vel af stað í deildinni á nýhafinni leiktíð og situr í fimmta sæti deildarinnar. **– hó**

Fólk

MIÐVIKUDAGUR 4. NÓVEMBER 2020

Heilsa

Heiðrún Hauksdóttir hefur lengi stundað útivist á borð við göngur og sjósund. Hún fer reglulega í gönguferðir með vinkonu sinni, þótt þær séu staddar hvor í sínum landshlutanum. →6

Kristín Sif Björgvinsdóttir er útvarpskona, CrossFit-þjálfari og tveggja barna móðir. Hún segir Enzymedica hafa haft afar jákvæð áhrif á sína heilsu.

Magaónotin hurfu og orkan kom til baka

Enzymedica er fjölbreytt vörulína af öflugum meltingarensímum sem geta bætt meltinguna, dregið verulega úr einkennum fæðuóþols og haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina umfram bætta meltingu. →2

Framhald af forsíðu

Færðu í magann, uppþembu og loft þegar þú borðar steik? Verki ef þú leyfir þér smá mjólkurvörur? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki eftir máltíðir en vita ekki af hverju. Afar líklegt er að þetta tengist skorti á meltingarensímum, sem er algengt vandamál því þau sjá um niðurbrot fæðunnar.

Ensím brjóta niður fæðuna

Meltingarensím eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta meðal annars niður prótein, fitu og laktósa.

Stundum gerist það þegar við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm, að líkaminn nær ekki að „lesa skilaboðin rétt“ eða getur ekki framleitt nægilega mikið af ensímum. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu, fæðuóþoli eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn á að skila okkur.

Orkumeiri og nærist vel

Kristín Sif Björgvinsdóttir er íþróttakona sem hugsar vel bæði um hreyfingu og mataræði. Hún er sannkallaður orkubolti, tveggja barna móðir sem starfar sem útvarpskona á K100 og þjálfari í Crossfit Reykjavík auk þess sem hún hefur æft með keppnisliði Mjölnis í boxi og keppir bæði í Crossfit og ólympskum hnefaleikum. Magaónot kringum máltíðir hafa þó háð henni, en eftir að hún fór að nota Digest Gold meltingarensímin frá Enzymedica hafa lífsgæðin aukist til muna:

„Ég fann oft fyrir orkuleysi kringum hádegið og fékk oft illt í magann eftir máltíðir. Ég fór að taka Digest Gold meltingarensímin og fann strax mikinn mun, magaverkirnir hurfu bókstaflega og orkan kom til baka. Ég borða hollan og góðan mat og vanda mig mjög við að fá rétt hlutföll af næringarefnum yfir daginn. Með því að taka inn Digest Gold veit ég líka að líkaminn nær að nýta næringarefnin til fullnustu, ég er orkumeiri og get borðað áhyggjulaus því magaónotin eru horfin.“

> **Með því að taka inn Digest Gold veit ég líka að líkaminn nær að nýta næringarefnin til fullnustu, ég er orkumeiri og get borðað áhyggjulaus því magaónotin eru horfin.**

Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í pörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almenna hreysti og vellíðan.



Kristín Sif Björgvinsdóttir segist hafa fundið mikinn mun um leið og hún byrjaði að nota meltingarensím.

Nokkrar áhugaverðar staðreyndir um ensím

Ensím í bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols og geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni. Með inntöku getur fólk skilað meiru frá sér en áður og reglulegar, og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur.

Enzymedica

Til eru fjórar tegundir meltingarensíma frá Enzymedica og fer það eftir einkennum hvað hentar best. Það sem er einstakt við þessar vörur er að ensímin eru unnin með aðferð sem kallast Theablend en þá er blandað mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH- gildum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím.

Meltingarensím eru ávallt tekin rétt fyrir eða með mat.

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana

Hef aldrei verið með jafn þykkt hár

Edda Dungal hefur tekið inn Hair Volume í nokkurn tíma eftir að hún missti allt hár í lyfjameðferð. Hún var staðráðin í því að prófa Hair Volume frá New Nordic eftir lyfjameðferð og árangurinn lét ekki á sér standa. Það hvarflar því ekki að Eddu að hætta að taka inn Hair Volume.

Hár þynnist með aldrinum, hjá báðum kynjum og þó svo að skallamyndun sé algengari hjá körlum, getur hún einnig gerst hjá konum og það er fjöldi fólks sem þjáist út af hárlosi og þunnu og líflausu hári. Þættir sem geta valdið hárlosi skv. vísindavef Háskóla Íslands eru:

- Erfðir og aldur
- Hormónabreytingar
- Alvarleg veikindi
- Tilfinningaleg og líkamleg streita
- Slæmir ávanar eins og hártog
- Bruni
- Geislameðferð (krabbamein)
- Lyfjameðferð
- Tinea capitis (sveppasýking)
- Slæm dagleg meðferð á hárinu við litun, þurrkun, umhirðu og fleira

Aldrei haft jafn þykkt hár

Edda Dungal hefur tekið inn Hair Volume í nokkurn tíma eftir að hún missti allt hár í lyfjameðferð:

„Þegar ég var í krabbameinsmeðferð missti ég allt hár, bæði á höfði, augnhár og augabrúnir. Þegar lyfjagjöfinni lauk byrjaði ég að taka Hair Volume frá New Nordic en það tók um það bil fjórar til sex vikur að sjá hárið byrja að vaxa aftur. Ég hef aldrei haft jafn löng augnhár, þykkar augabrúnir og þykkt hár eins og núna og það hvarflar ekki að mér að hætta að taka þetta inn.“

Hair Volume fæst í flestum apótekum og heilsuhillum verslana.

Líflegra og fallegra hár

Hair Volume bætiefnið getur hjálpað til við að viðhalda þykkt hársins og hárvexti en það inniheldur jurtaþykkni úr eplum sem er ríkt af Proxyanidin B2 og hirsi sem er bæði ríkt af steinefnum og B-vítamínum. Bíótín og sink stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og kopar stuðlar að viðhaldi húð- og hárlitar.

> **Ég hef aldrei haft jafn löng augnhár, þykkar augabrúnir og þykkt hár eins og núna.**

Edda Dungal hefur tekið inn Hair Volume í nokkurn tíma, eftir að hún missti allt hár í lyfjameðferð.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Tryggir að líkaminn sé í lagi

Í hröðum heimi er streita og álag. Því er nauðsyn að taka inn vítamín og bætiefni til að tryggja að líkaminn sé í toppstandi. Bætiefnaskortur getur valdið þreytu, sleni, þrekleysi og jafnvel vanheilsu.

Áhrifavaldurinn Þórunn Ívarsdóttir er ein af þeim sem hlúa að heilsu og velliðan með vítamínum og steinefnum frá Gula miðanum.

„Mér finnst gott að taka inn eitt alhliða fjölvítamín eða múltívítamín. Þá tryggi ég að líkami minn sé að innbyrða vel samsetta blöndu af bætiefnum," segir Þórunn sem tekur inn Múlti Vít frá Gula miðanum sem inniheldur tólf vítamín og tíu steinefni.

„Mér finnst dagleg inntaka á Múlti Vít hafa góð áhrif á mína heilsu. Ofan á það finnst mér gott að breyta til og taka inn mismunandi bætiefni eftir árstíma eða því hvernig mér líður hverju sinni. Til dæmis finn ég mikið fyrir verkjum í liðum og þá er algjört grundvallaratriði fyrir mig að taka inn blöndu af glúkósamíni," upplýsir Þórunn.

Liðaktín Forte frá Gula Miðanum er ný og kraftmikil blanda virkra efna sem getur haft góð áhrif á liðina.

„Blandan inniheldur ekki bara glúkósamín heldur líka kondróitín. Með því að taka þessi tvö efni saman hjálpar maður líkamanum að viðhalda uppbyggingu brjósks. Þessi tvö efni hafa möguleika á að hægja á brjóskskemmdum í liðum og draga úr sársauka. Einnig inniheldur blandan túrmerik sem getur verið bólgueyðandi, dregur úr sársauka og mýkir upp stífa liði," útskýrir Þórunn.

Áhrifavaldurinn Þórunn Ívarsdóttir notar vítamín og bætiefni frá Gula miðanum til að byggja upp líkamann og stuðla að hreysti og góðri heilsu.

Hún gætir þess einnig að taka inn D-vítamín þegar sumri hallar og skammdegið tekur við.

„Undanfarið hef ég fundið mikinn mun á mér við að taka inn D-vítamín en eins og við vitum sést lítið til sólar stóran hluta ársins. D-vítamín er oft kallað sólarvítamín vegna þess að húðin framleiðir það þegar hún verður fyrir áhrifum útfjólublárra geisla," segir Þórunn.

Virt og vistvæn vítamín

Guli miðinn er breið vítamín- og bætiefnalína sem flestir þekkja í sjón. Henni hefur verið pakkað og hún seld á Íslandi í næstum 30 ár. Vítamín og bætiefni Gula miðans eru þróuð með þarfir Íslendinga í huga. Úrvalið er breitt og hægt er að finna hinar ótrúlegustu blöndur vítamína og steinefna frá Gula miðanum. Það var Örn Svavarsson, stofnandi Heilsu, sem vann með það að leiðarljósi að finna bestu mögulegu hráefni og kenndi Íslendingum að nota jurtir og um virkni þeirra. Því með réttum vítamínum og bætiefnum er hægt að stuðla að bættri heilsu og betri líðan.

Vörunum frá Gula miðanum er pakkað í dökk glerglös til að varðveita gæði innihaldsefnanna sem best og verja þau gegn birtu, sólarljósi og mengun frá plastumbúðum. Allar umbúðir Gula miðans eru endurvinnanlegar og mega glösin fara í endurvinnslu glers og tapparnir í endurvinnslu plasts. Vörur Gula miðans eru framleiddar í samstarfi við bandarískt fyrirtæki og hefur Heilsa starfað með því í rúma þrjá áratugi. Fyrirtækið er gamalt og rótgróið með gífurlega reynslu í þróun og framleiðslu á vítamínum og bætiefnum.

Sjá nánar á gulimidinn.is

Þórunn tekur inn Múlti Vít frá Gula miðanum til almennrar heilsubótar og Liðaktín Forte sem hefur góð áhrif á liðina.

Göngutúrinn allra meina bót

Faraldur skekur heimsbyggðina, hér á Íslandi hefst dimmasti og kaldasti tími ársins, samkomubönn eru sett á og rýmkuð til skiptis, sundlaugar og líkamsræktarstöðvar loka. Hvað er til ráða?

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Sérfræðingar óttast að vegna þessa muni skammdegisþunglyndi fara upp úr öllu valdi. Og þríeykið mælir með göngutúrum. Jafn taktlaus og göngutúr hljómar í þessu samhengi, mælir samt margt með því að bæta þessu einfalda atriði inn í daglega rútínu. Fjöldi rannsókna sýnir fram á að sú einfalda aðgerð að setja einn fótinn fyrir framan hinn geti haft gríðarlega jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu. Þessu greinir vefmiðill NBC frá í grein sinni.

Stöðnun eða stöðug tilbreyting

Að sögn Dr. Matts Tanneberg, kírópraktors í Phoenix í Arizona sem sérhæfir sig í að vinna með íþróttafólki, getur göngutúr verið jafnmikil og jafnvel betri æfing fyrir líkamann heldur en að skokka. „Þegar fólk gerir sömu æfingarnar aftur og aftur þá staðnar það og hættir að sjá árangur. Ég fæ oft til mín fólk sem hefur upplifað stöðnun við hlaup. Þetta fólk hleypur sama kílómetrafjölda á sama tíma og hraða, daginn út og daginn inn. Það þarf stöðuga tilbreytingu í æfingarútínuna til þess að öðlast mesta mögulegan árangur fyrir heilsuna," segir hann.

Betri kostur fyrir suma

Að hlaupa er vissulega meira krefjandi fyrir líkamann en ganga, og fólk heldur því að hlaup sé betri þjálfun en ganga. Að mati John Fords, þjálfunarlífeðlisfræðings sem rekur líkamsræktarstöð í New York, þá vill hann ekki staðhæfa að ganga geti verið jafnáhrifarík þjálfun eins og hlaup. „Það ætti í raun ekki að bera þetta tvennt saman. Hlaup munu alltaf fá vinninginn í samanburðinum vegna þess að þau hafa meiri virkni á vöðva, krefjast meiri orku og krafts og hraðari hreyfinga," segir hann, en bætir þó við að þó svo ganga sé ekki betri þjálfun, þá geti hún verið betri æfingakostur fyrir marga. „Til dæmis er ganga tilvalin fyrir þá sem þjást af hné-, ökkla- eða bakvandamálum. Einnig er ganga betri kostur fyrir þá sem eru í ofþyngd. Ganga veldur litlu álagi og er framkvæmanlegri til lengri tíma en hlaup."

Margvísleg jákvæð áhrif

Ann Green, sem er fyrrum sjöþrautarkeppandi á alþjóðavísu, jógakennari og eigandi líkamsræktarstöðvar, segir að það að ganga sé fyrirtaksþjálfun. Hún segir að reglulegar göngur bæti líkamshreysti, hjartaheilsu, slái á þunglyndi og þreytu, bæti skapið, minnki álag á liði og slái á sársauka, geti komið í veg fyrir þyngdaraukningu, minnki líkurnar á krabbameini og krónískum sjúkdómum, auki þrek og blóðflæði, bæti líkamsstöðu og svo margt fleira.

Að sögn einkaþjálfarans Chrys Crockett er hægt að fá jafnmikla þjálfun út úr því að ganga eins og að hlaupa á hlaupabrettinu. „Þetta snýst allt um það hvernig þú nýtir stillingarnar þér í hag," segir hann. Þá er hægt að leika sér með hallann á brettinu, hraða, nota handlóð eða festa á ökkla. Svo má líka breyta göngulaginu með því að gera háar hnélyftur, ganga til hliðar, setja hæla í rass, valhoppa, taka stór skref og lítil og margt fleira.

Það er dásamlegt að fara út að ganga í fallegu veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

> **Ganga veldur litlu álagi og er framkvæmanlegri til lengri tíma en hlaup.**
> **John Ford**

Ganga fyrir sköpunargáfuna

Samkvæmt rannsókn sem gerð var á vegum Stanford háskólans, jókst sköpunarafrakstur fólks að meðaltali um 60%. Um er að ræða sérstakt hugsanaferli þar sem margs konar mismunandi útkoma er skoðuð, sem leiðir til skapandi hugmynda. Samkvæmt rannsókninni opnaði gangan fyrir frjálst flæði hugmynda og má líta á göngu sem einfalda leið til þess að bæta skapandi hugsun.

Nýfallinn snær gerir Elliðaárdalinn að undralandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ EYÞÓR ÁRNASON.

Íslenskir neytendur kröfuharðir

Gunnar B. Sigurgeirsson, aðstoðarforstjóri Ölgerðarinnar, finnur aukinn áhuga fólks á íslenskri framleiðslu. Hann telur áhugann enn eiga eftir að aukast enda áhersla lögð á gæði hérlendis.

Gunnar segist hafa orðið áþreifanlega var við aukinn áhuga. „Það eitt að vera með íslenska vöru dugar þó ekki eitt og sér. Íslenskir neytendur eru kröfuharðir og þó að þeim finnist eflaust frábært að það séu í boði íslenskar vörur þá er það til lítils nema vörurnar standist samanburð í gæðum og í verði. En mér finnst líklegt að áhugi á íslenskum vörum muni aukast núna um þessar mundir og nefni þar bara tvennt: að neytendur eru meðvitaðri en áður og svo stöðuna í efnahagsmálum vegna áhrifa COVID-19. Við sáum þetta skýrt árin 2009 -2010," segir hann.

„Við í Ölgerðinni bjóðum mikið úrval drykkjarvara sem við framleiðum hér á landi. Við erum þar í harðri samkeppni við innflutning en teljum okkur standast samanburð, bæði hvað varðar verð og gæði. Við værum ekki með þá hlutdeild sem við erum með á drykkjarvörumarkaðnum ef við

Gunnar B. Sigurgeirsson, aðstoðarforstjóri Ölgerðarinnar, segir sókn vera hjá íslenskum framleiðendum um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

værum ekki að standa okkur. Við gerum miklar kröfur til okkar og neytendur virðast kunna að meta útkomuna. Ég get nefnt að af framleiðsluvörum okkar sjáum við að Pepsi Max er orðinn vinsælasti og mest seldi gosdrykkur landsins. Kristall nýtur líka mikilla og vaxandi vinsælda. Hið sívinsæla par Malt og Appelsín er líka með stærri vörumerkjum. Í bjórnum eru það Gull, Gull Lite og Boli. En svo er gaman að sjá hvað margar af vörunýjungunum virðast eiga upp á pallborðið svo sem COLLAB, sem leit dagsins í ljós á vormánuðum 2019," segir hann.

Það er ólíklegt að Íslendingar haldi jól án Egils Malts og Appelsíns. Gunnar tekur undir það og segir að sú tvenna verði varla íslenskari. „Ástarsamband Malts og Egils Appelsíns varð til árið 1955 þegar að Egils Appelsín kom á markaðinn. Síðan þá hefur þessi blanda verið órjúfanlegur hluti af jólahaldi landsmanna. Og ekki bara hérlendis, því það er mikið um að Íslendingar erlendis reyna að verða sér út um drykkina fyrir jólin og ég vona að það takist hjá öllum um þessi jól."

Það er gott fyrir samfélagið umhverfislega að kaupa íslenskt. Gunnar segir að það skipti miklu máli í drykkjarvöru. „Við höfum látið reikna út fyrir okkur kolefnislosun á vöru sem er framleidd hér heima og borið saman við sambærilega vöru sem er innflutt og munurinn er allt að 400% hvað þetta varðar. Við erum náttúrulega örmarkaður að mörgu leyti. Það leiðir af sér að við verðum seint með lægsta einingakostnaðinn. Það setur þær kröfur á okkur að gera enn betur í gæðum og vöruframboði. Kostirnir eru þeir að lítill markaður gerir okkur sveigjanlegri og það er gott upp á vöruþróun. Við erum nær markaðnum og getum betur sinnt kröfum neytenda."

Stöndum vörð um 10.000 störf

Átakið Íslenskt skiptir máli snýst um meðvitaða ákvörðun sem við öll getum tekið daglega og jafnvel oft á dag. Með henni má meðal annars stuðla að áframhaldandi atvinnu í landinu.

Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöríss, er sjálf ákaflega meðvituð um valið sem við stöndum frammi fyrir í hillum matvörubúða „Ég vel alltaf íslenskt ef ég get. Það er mikill kostur að geta keypt íslenskt grænmeti, kjöt, þvottaefni, salernispappír og annað. Með vali mínu veit ég að ég er að skapa störf hér heima. Sama gildir um fólk sem velur Kjörís fram yfir sambærilega, erlenda vöru.

Margfeldniáhrifin út í samfélagið út af þessari einu ákvörðun eru gríðarleg. Kjörís kaupir umbúðir og hráefni af íslenskum birgjum, sem stuðlar að atvinnusköpun hér heima. Og með því að velja Kjörís þá tryggirðu starfsfólki fyrirtækisins í Hveragerði, sem eru á sjötta tug, atvinnu," segir Guðrún.

Það skiptir máli

Sex rótgróin matvælafyrirtæki standa saman að átakinu Íslenskt skiptir máli, sem má segja að sigli í kjölfarið af „Íslenskt, láttu það ganga", árvekniátaki atvinnulífs og stjórnvalda. „Við vildum beina kastljósinu á íslenska matvælaframleiðslu og styðja enn frekar fyrirtæki í matvælaiðnaði hér á landi. Þetta er gríðarlega mikilvægur iðnaður á Íslandi og skapar hér yfir 10.000 störf."

Álíka átök hafa sprottið upp og gengið í bylgjum undanfarin ár. „Í faraldrinum sem skekur heimsbyggðina upplifum við nú eitt mesta atvinnuleysi sem sést hefur í áratugi. Þegar atvinnuleysisdraugurinn bankar upp á verður enn mikilvægara að standa vörð um störfin í landinu. Að velja íslenskt er áhrifarík leið til að styðja við atvinnuuppbyggingu hér á landi og hvert og eitt okkar getur tekið þátt."

Ekki bara atvinnusjónarmið

Íslensk matvöruframleiðsla stenst fyllilega samanburð við erlenda framleiðslu hvað varðar gæði og verðlag. Aukning matvælaframleiðslu hér heima helst enn fremur í hendur við auknar kröfur neytenda um rekjanleika og hreinleika vara sem og heimsmarkmiðið um sjálfbærni. „Flest fyrirtæki geta framleitt mun meira en er gert í dag. Til dæmis er hægt að rækta mun meira af grænmeti hér heima og minnka innflutning á móti. Þá önnum við vel eftirspurn Íslendinga og umfram það. Kjörís framleiðir til dæmis ís fyrir færeyskan markað. Allur útflutningur er gjaldeyrisskapandi og vítamínsprauta inn í rekstur íslenskrar framleiðslu."

Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöríss, er meðvituð um að velja alltaf íslenskt. Það stuðlar að sjálfbærni landsins í framleiðslu og lágmarkar kolefnissporin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslensk framleiðsla er mikilvæg

Mjólkursamsalan hefur um áratuga skeið framleitt úrval mjólkurvara sem Íslendingar þekkja vel og er Kókómjólkin ein þeirra. Án íslenskrar framleiðslu væri vöruframboð mun fátæklegra.

Mjólkursamsalan er eitt þátttökufyrirtækja í markaðsátakinu Íslenskt skiptir máli, en Mjólkursamsalan hefur frá upphafi verið í eigu íslenskra kúabænda og fjölskyldna þeirra. „Eigendur okkar eru kúabændur sem búsettir eru um allt land og segja má að MS sé stærsta fjölskyldufyrirtæki landsins," segir Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS.

Markmið fyrirtækisins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir neytenda. Ein af lykilháherslum hjá MS hefur verið öflug vöruþróun síðustu áratugina, sem hefur skilað fyrirtækinu fjölmörgum vörum sem íslenskir neytendur þekkja vel en ein þessara vara er Kókómjólkin góða, sem er með vinsælustu vörum fyrirtækisins.

„Framleiðsla á Kókómjólk hófst fyrir tæpum 50 árum síðan," segir Guðný og bætir við að það séu ekki bara Íslendingar sem kunni að meta þennan bragðgóða mjólkurdrykk heldur hafi Kókómjólkin einnig vakið athygli út fyrir landsteinana. Kókómjólkin var valin besta mjólkurvara Norðurlandanna á alþjóðlegu mjólkurvörusýningunni í Herning árið 2012 og þá hefur hún verið vinsæl meðal erlendra ferðamanna og gesta sem sótt hafa landið heim.

Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS, segir mikilvægt að vekja athygli á íslenskri framleiðslu. MYND/AÐSEND

„Um þessar mundir vekjum við og nokkur önnur íslensk framleiðslufyrirtæki athygli almennings á mikilvægi íslenskrar framleiðslu og hvernig vöruframboðið gæti litið út ef ekki væri fyrir íslenskan matvælaiðnað," segir Guðný og bendir á að íslensk framleiðsla er allt annað en sjálfsögð þar sem markaðssvæðið okkar er lítið. „Við erum stolt af öllum vörunum okkar og viljum að neytendur hafi val en viljum á sama tíma vekja athygli á því hvernig gæti farið fyrir landsþekktum vörum ef íslenskrar matvælaframleiðslu nyti ekki við," segir Guðný. „Hér er því Kókómjólkin okkar komin í danskan búning og Klói farinn að tala dönsku sem gefur okkur smá hugmynd að því hvernig hlutirnir gætu verið ef ekki væri fyrir innlenda framleiðslu."

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. nóvember 2020

41. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TAGHeuer
NOMOS GLASHÜTTE
TUDOR
LONGINES
TISSOT

Glæsilegt úrval heimsþekktra vörumerkja

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Seldi allt sitt í ríkisbréfum
Eignarhlutur erlendra fjárfesta kominn niður í fimm prósent. Stærsti erlendi eigandinn seldi 50 milljarða á þremur mánuðum.
2

Með hæsta vogunarhlutfallið
Íslensku bankarnir eru með hæsta vogunarhlutfallið í Evrópu, samkvæmt minnisblaði Bankasýslunnar. Kostnaður vegna útlánaáhættu tvöfalt hærri.
4

Útsvarstekjur hafa aukist
Tekjurnar hafa aukist um 2,2 prósent á fyrstu tíu mánuðum ársins. Ráðherra hugnast ekki að styðja við sveitarfélög með beinum fjárframlögum.
6

ÚR fjárfestir í sprotum
Útgerðarfélag Reykjavíkur lagði 150 milljónir króna í fjárfestingarfélag sem fjárfestir í nýsköpun. Vilja fjárfesta meira í bláa og græna hagkerfinu.
10

Vaxtasloppurinn sóttur
Þrátt fyrir hækkandi vexti hefur áhugi fjárfesta á skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs farið minnkandi undanfarið. Það er umhugsunarefni, segir sjóðsstjóri hjá Kviku.
14

Mörg ferðaþjónustufyrirtæki biðu með að skuldsetja sig í sumar þegar tekjur voru að koma inn, en nú verður ekki hjá því komist.

Greiðsluvandinn getur stökkbreyst

Hætta er á því að greiðsluvandi fyrirtækja þróist yfir í skuldavanda, að sögn Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka. Minnst tíu prósent af lánasafni í frystingu fram á næsta sumar. →8

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



Nova einnig í viðræðum um sölu á innviðum

Fjarskiptafélagið Nova er í einkaviðræðum við sömu erlendu fjárfesta og Sýn um mögulega sölu og endurleigu á óvirkum farsímainnviðum félagsins samkvæmt heimildum Markaðarins. Viðræðurnar hafa verið aðskildar en að baki þeim liggja sömu forsendur.

Samsetning fjarskiptakerfisins, eignarhald og núgildandi samkomulag á milli fyrirtækjanna tveggja er með þeim hætti að Nova, sem er að mestu leyti í eigu bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Pt Capital og Novator, fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, þarf að vera með í ráðum ef Sýn ákveður að selja óvirka innviði sína.

Stór hluti af fjarskiptakerfinu eru óvirkir innviðir, til að mynda rafkerfi og sendaturnar. Samkeppni fjarskiptafyrirtækja felst í virka búnaðinum, það er hvernig sendarnir sem eru á stálturnunum virka. Allur virkur farsímabúnaður verður áfram í eigu íslensku fjarskiptafyrirtækjanna.

Sýn tilkynnti 23. október að náðst hefði samkomulag við erlenda fjárfesta um einkaviðræður og helstu skilmála í tengslum við mögulega sölu og endurleigu á óvirkum innviðunum. Í tilkynningunni kom fram að viðskiptin, miðað við þá skilmála sem liggja fyrir, myndu styrkja efnahagsreikning félagsins og „gæti væntur söluhagnaður Sýnar numið yfir sex milljörðum króna, gangi viðskiptin eftir“.

Þá kom fram að gerður yrði langtímaleigusamningur til 20 ára, sem tryggja myndi áframhaldandi aðgang Sýnar að hinum óvirku farsímainnviðum. Óskuldbindandi tilboð er á borði beggja félaga en viðskiptin eru háð áreiðanleikakönnun og eftir atvikum aðkomu eftirlitsstofnana.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafði framtakssjóðurinn Innviðir fjárfestingar, sem er að

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova

langstærstum hluta fjármagnaður af lífeyrissjóðum og stýrt af Summu rekstrarfélagi, sýnt því áhuga að koma að kaupum á innviðum Sýnar og Nova eftir að greint var frá áformunum í lok ágúst. Innviðir eru þó ekki á meðal þeirra sem eiga í einkaviðræðunum sem nú standa yfir. Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, var á meðal þeirra sem kom sjóðnum á fót fyrir um fimm árum síðan.

Á alþjóðlega fjarskiptamarkaðinum hefur verið tilhneiging í áttina að því að skipta fyrirtækjum upp í innviðafyrirtæki annars vegar og sölu- og þjónustufyrirtæki hins vegar. Fyrirtækin halda virka búnaðinum en setja óvirku innviðina í sérfélag sem síðan er selt. Nýlega var greint frá því að sænski fjarskiptarisinn Telia hefði selt dótturfélagið Telia Carrier, sem heldur utan um innviði þess, til Polhem Infra, sem er fjárfestingafélag á vegum sænskra lífeyrissjóða.

Vodafone Global setti alla sendaturna sína í Evrópu í dótturfélagið Vantage Towers fyrr á þessu ári og áformar að skrá félagið á hlutabréfamarkað á fyrsta fjórðungi næsta árs. „Þarna er lagt upp með að ná 27 sinnum EBITDA [rekstrarhagnaður fyrir skatta, fjármagnsliði og afskriftir] með sölunni,“ sagði Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar í samtali við Markaðinn í byrjun september. Hann benti á að í nágrannaríkjum, sem svipar meira til íslenska markaðarins, séu EBITDA-margfaldarar við sölu á slíkum innviðafyrirtækjum á bilinu 17 til 25. **– þfh**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is



Hlutdeild erlendra fjárfesta í íslenskum ríkisskuldabréfum



Sviðsmynd miðað við að nafnverð útistandandi ríkisskuldabréfa sé nú 663 milljarðar og að erlendir sjóðir hafi selt fyrir um 40-50 milljarða frá lok júlí.

Vægi erlendra fjárfesta sjaldan verið minna

Eignarhlutur þeirra í ríkisbréfum kominn í fimm prósent. Stærsti erlendi eigandinn seldi allt, um 50 milljarða, á þremur mánuðum. Sérfræðingar segja að lægra gengi og hækkun ávöxtunarkröfunnar geri aðstæður nú hagstæðari.

Eign erlendra fjárfesta í íslenskum ríkisverðbréfum í krónum hefur hríðlækkað á skömmum tíma og er nú líklegast í sögulegu lágmarki. Eftir að eignastýringarfyrirtækið BlueBay Asset Management, sem var áður stærsti erlendi eigandi íslenskra ríkisskuldabréfa, seldi alla stöðu sína, nærri 50 milljarða króna, á aðeins liðlega þremur mánuðum má ætla að vægi erlendra sjóða hafi lækkað úr tólf prósentum í um fimm prósent. Það er umtalsvert lægra hlutfall en í samanburði við nýmarkaðsríki þar sem eignarhlutur erlendra fjárfesta á innlendum skuldabréfamörkuðum er að meðaltali um tuttugu prósent.

Hlutdeild erlendra fjárfesta á innlendum skuldabréfamörkuðum nýmarkaðsríkja



Hrafn Steinarsson, sérfræðingur í skuldabréfamiðlun hjá Arion banka, segir í samtali við Markaðinn að það „kæmi ekki á óvart ef við myndum sjá aukinn áhuga erlendra fjárfesta á innlendum ríkisskuldabréfum á næstu misserum og það væri heilbrigðismerki fyrir innlendan skuldabréfamarkað. Ávöxtunarkrafan, sem hefur hækkað um 0,45 til 0,6 prósentur á lengri ríkisbréfum frá í byrjun ágúst samhliða umtalsverðu útflæði erlendra sjóða, og vaxtamunur við útlönd getur verið aðlaðandi við núverandi aðstæður,“ útskýrir Hrafn.

Birgir Haraldsson, sjóðstjóri hjá Akta sjóðum, tekur í sama streng og segir að frá sjónarhóli nýrra erlendra fjárfesta ætti íslenskur skuldabréfamarkaður nú að vera álitlegur fjárfestingakostur.

„Lykilatriðið er krónan og hvernig Seðlabankastjóri hefur talað um að taka hana út fyrir sviga svo fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af henni. Aðgerðir bankans á gjaldeyrismarkaði tengjast þessu og á núverandi gildum er ljóst að kröftug gengisstyrking er mun líklegri en veiking þegar horft er inn í næsta ár. Meginsviðsmynd krónunnar er þannig mjög ósamhverf og jákvæðar fréttir af bóluefni gegn COVID-19 myndu efla hana til muna. Þetta skiptir miklu máli fyrir erlenda aðila sem væru að líta til þess að fjárfesta hér á landi,“ segir Birgir í samtali við Markaðinn.

Beðið eftir BlueBay

BlueBay, sem hóf innreið sína á íslenska skuldabréfamarkaðinn árið 2015, seldi á föstudag ríkisskuldabréf fyrir liðlega 11 milljarða króna. Seðlabankinn seldi gjaldeyri fyrir hátt í 70 milljónir evra vegna skuldabréfaviðskiptanna til þess að sporna gegn því að þau myndu veikja gengið. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa lækkaði mikið í kjölfarið – hún gekk að hluta til baka á mánudag – vegna væntinga markaðarins að Seðlabanki Íslands muni í kjölfarið hefja magnbundna íhlutun af fullum kraft, nú þegar BlueBay hefur losað um öll ríkisskuldabéf sín.

Seðlabankinn boðaði kaup á ríkisskuldabréfum, svokallaða magnbundna íhlutun, fyrir allt að 150 milljarða í mars, en þannig vildi bankinn tryggja að fjármagnsþörf ríkisins myndi ekki þrýsta upp ávöxtunarkröfunni. Frá þeim tíma hefur bankinn hins vegar aðeins keypt ríkisbréf fyrir um 900 milljónir. Talið er að Seðlabankinn hafi ákveðið að vera í biðstöðu þangað til þrýstingur á markaði vegna sölu BlueBay minnkaði.

Eign erlendra aðila í ríkisverðbréfum í krónum nam um 72 milljörðum króna í júlí en eftir að Bluebay losaði um öll sín bréf má áætla að eignarhlutur þeirra sé nú vel undir 30 milljörðum króna. Það er bandaríski fjárfestingasjóðurinn Eaton Vance sem heldur á þeim bréfum að langstærstum hluta en þrír sjóðir í stýring hans, samkvæmt eignayfirliti í lok júlí, eiga ríkisskuldabréf – RB25, RB28 og RB31 – fyrir tæplega 19 milljarða króna að nafnvirði.

Óvissan með flæðið upp á við

Seðlabankinn boðaði þann 9. september síðastliðinn að hann myndi hefja reglulega sölu á gjaldeyri til ársloka í því skyni að auka dýpt markaðarins og koma á meiri stöðugleika. Hefur bankinn selt gjaldeyri fyrir jafnvirði 70 milljarða króna frá því um miðjan ágúst, einkum vegna útflæðis erlendra sjóða úr ríkisskuldabréfum, sem jafngildir yfir helming af allri gjaldeyrisveltu markaðarins.

„Þessar aðgerðir,“ útskýrir Hrafn, „hafa dregið úr krónumagni í kerfinu og því verkað gegn fyrri aðgerðum Seðlabankans með það að markmiði að auka laust fé í umferð. Það endurspeglaðist að einhverju leyti í frekar dræmri þátttöku í síðasta ríkisvíxlaútboði. Að því sögðu finnst mér líklegt að Seðlabankinn skoði gaumgæfilega að hefja magnbundna íhlutun á næstunni eða að minnka framboð á vikuinnlánum. Báðar þessar aðgerðir geta aukið laust fé í umferð, stutt við útgáfu ríkisbréfa og hjálpað til við miðlun peningastefnunnar og er því rökrétt næsta skref.“

Hrafn segir einnig mikilvægt í þessum efnum, sem Arion banki vinni meðal annars markvisst að um þessar mundir, að auka útgáfu fyrirtækjabréfa. „Því skiptir miðlun peningastefnunnar upp vaxtarófið máli til að efla þátttöku fyrirtækja á skuldabréfamarkaði.“

Þá bendir Hrafn á að fyrir erlenda fjárfesta skipti efnahagshorfurnar ekki síður máli og eins væntingar um gengisþróun krónunnar. „Viðsnúningur í ferðaþjónustu getur á næstu árum leitt af sér gengisstyrkingu og einnig getur innleiðing Íslands í MSCI hlutabréfavísitöluna aukið innflæði og stutt við krónuna. Það kæmi því ekki á óvart að við sæjum aukið innflæði bæði í skuldabréf og hlutabréf á næstu misserum,“ segir hann.

Birgir er á sama máli og nefnir að langtíma ríkisskuldabréf séu komin á sambærilega verðlagningu í dag og nýmarkaðsríki með svipað lánshæfismat og Ísland.

„Það ætti einnig að vera kostur fyrir nýja erlenda fjárfesta hversu lítil þátttakan er orðin af þessum tiltekna hópi á innlendum skuldabréfamarkaði. Þannig kæmi það ekki á óvart,“ útskýrir Birgir, „ef að kvikir erlendir aðilar væru að horfa til tækifæra hér á landi í dag. Óvissan með erlenda flæðið er því að öllu leyti upp á við eins og staðan er núna. Það er mikil breyting frá því sem var fyrr á þessu ári sem dæmi.“

hordur@frettabladid.is

Er heimavinnustöðin komin í lag?

30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM
TIL SUNNUDAGSINS 8. NÓVEMBER

Frí snertilaus heimsending
á öllu höfuðborgarsvæðinu

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

17–21

Sæta svínið
GASTROPUB

SÚPER TAKE AWAY TILBOÐ

TILBOÐ B – LAMBAÖXL
GEGGJAÐ FYRIR 2-3 TIL AÐ DEILA

BBQ BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR 8 stk.,
salthnetur, spicy-mæjó, gráðaostasósa

STÖKKT „BANG BANG“ BROKKÓLÍ
með spicy mayo og graslauk

LAMBAÖXL (LAMBABÓGUR),
hægelduð í 12 klst., 800–900 g,
grænar ertur, estragonsósa, vöfflufranskar

5.990 kr.

TILBOÐ C – BORGARATVENNA
FYRIR 2 AÐ DEILA

2 STK. SÆTA SVÍNS BORGARINN
hinn eini sanni, 175 g úr sérvaldri rumpsteik og „short ribs“,
bjór-brioche brauð, rauðlaukssulta, Búri, trufflu-mayo,
vöfflufranskar

2 STK. SÚKKULAÐIKAKA "NEMISIS" bökuð á 90°C

3.990 kr.
(1.995 kr. á mann)

EKKI KLIKKA Á ÞESSU!

Pantanir í síma 555 2900 | Skoðaðu fleiri tilboð á saetasvinid.is

Mikil binding hjá íslensku bönkunum

Íslensku bankarnir voru með hæsta vogunarhlutfallið í Evrópu samkvæmt minnisblaði Bankasýslunnar. Eiginfjárhlutfallið það þriðja hæsta. Kostnaður vegna útlánaáhættu banka á Íslandi um tvöfalt hærri en hjá bönkum í Evrópu.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Hlutfall vanskilalána banka á Íslandi nam 2,9 prósentum, sem einnig var meðaltal hjá bönkum í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vogunarhlutfall stóru viðskiptabankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans, var það hæsta í Evrópu og langt yfir meðaltali Evrópuríkja. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í minnisblaði sem Bankasýsla ríkisins sendi fjármála- og efnahagsráðherra í lok október, en þar birtir stofnunin ítarlegan samanburð á íslensku bönkunum annars vegar og evrópskum bönkum hins vegar, sem miðast við stöðu þeirra 30. júní. Telur Bankasýslan mikilvægt að gera grein fyrir afkomu og stöðu banka á Íslandi í samanburði við önnur lönd í Evrópu.

„Ef afkoma og staða banka á Íslandi styrkist til dæmis meira en banka í öðrum löndum Evrópu, eru líkur á því að áhugi alþjóðlegra fjárfesta verði meiri á bönkum á Íslandi en í öðrum löndum og ætti að renna styrkari stoðum undir ákvörðun um að hefja sölumeðferð eignarhluta í þeim,“ segir í minnisblaðinu.

Eiginfjárhlutfall og vogunarhlutfall banka á Íslandi var langt yfir meðaltali banka í Evrópu. Þannig nam eiginfjárhlutfall banka á Íslandi 24,8 prósentum, í samanburði við 21,2 prósent að meðaltali í Evrópu. Var hlutfallið það þriðja hæsta, og það hæsta á Norðurlöndunum.

Á sama tíma var vogunarhlutfall (e. leverage ratio), sem er hlutfall eiginfjárþáttar A af heildareignum banka, 14,4 prósent á Íslandi samanborið við 5,3 prósenta meðaltal í Evrópu. Var vogunarhlutfall banka á Íslandi það hæsta í Evrópu. Því hærra sem hlutfallið er þeim mun betur er banki í stakk búinn til að standa af sér áfall, en alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að vogunarhlutfall banka skili sér í hærri lánakjörum til fólks og fyrirtækja.

Bankasýslan bendir á að þrír helstu mælikvarðar á eiginfjárhlutfalli séu hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1, hlutfall eigin fjár í þætti 1 og samtals eiginfjárhlutfall.

Hlutfall almenns eigin fjár í þætti 1 banka á Íslandi nam 21,7 prósenti, í samanburði við 15,0 prósent að meðaltali hjá bönkum. Var það sjötta hæsta á meðal banka í löndum Evrópu og það hæsta á meðal banka á Norðurlöndum. Þá nam hlutfall eigin fjár í þætti 1 hjá bönkum á Íslandi 22,3 prósentum, í samanburði við 16,3 prósent að meðaltali í Evrópu og eiginfjárhlutfall banka á Íslandi nam samtals 24,8 prósentum í samanburði við 18,8 prósent hjá bönkum í Evrópu.

Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins.

» Á fyrri árshelmingi var arðsemi íslensku bankanna neikvæð um 0,2% og var sú fimmta lægsta í löndum Evrópu.

Á fyrri árshelmingi 2020 var arðsemi eigin fjár banka á Íslandi neikvæð um 0,2 prósent, en jákvæð um 0,5 prósent að meðaltali í Evrópu. Var arðsemin sú fimmta lægsta í löndum Evrópu og sú lægsta á meðal Norðurlandanna. Í fyrra nam arðsemi banka á Íslandi aftur á móti 6,0% en arðsemi banka í Evrópu 8,2 prósentum. Þó ber að nefna að arðsemi íslensku bankanna batnaði mikið á þriðja ársfjórðungi.

Samkvæmt greiningu Bankasýslunnar nam kostnaður vegna útlánaáhættu (e. cost of risk) 1,79 prósenti hjá bönkum á Íslandi, í samanburði við 0,86 prósent hjá bönkum í Evrópu á fyrri helmingi ársins. Var kostnaður vegna útlánaáhættu því um tvöfalt hærri en hjá bönkum í Evrópu og langhæstur af Norðurlöndunum, en kostnaður vegna útlánaáhættu var næsthæstur í Danmörku, um 1,1 prósent.

Á sama tímabili í fyrra nam kostnaðurinn 0,77 prósentum hjá bönkum á Íslandi en 0,47 prósentum hjá bönkum í Evrópu. Skýrist hækkunin aðallega vegna aukinna varúðarfærslna í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar.

Hlutfall vanskilalána á Íslandi nam 2,9 prósentum, sem einnig var meðaltal hjá bönkum í Evrópu. Var hlutfallið hærra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

Að mati Bankasýslunnar er lausafjárþekjuhlutfall mikilvægasta hlutfallið til að leggja mat á lausafjárstöðu banka. Hlutfallið, sem mælir skammtímaþol banka vegna truflana á lausafjárstöðu, er lögbundið og þarf að vera að lágmarki 100 prósent. Hjá íslensku bönkunum nam það 190,5 prósentum, í samanburði við 165,7 prósent að meðaltali hjá bönkum í Evrópu.

Betri vaxtakjör með einu pennastriki

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gæti lækkað vexti sem sveitarfélög greiða af lánum frá fjármálafyrirtækjum um allt að 50 punkta, eða 0,5 prósentustig, með einu pennastriki. Þetta segir Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga, í samtali við Markaðinn.

Samkvæmt reglum fjármálaeftirlitsins hafa áhættuskuldbindingar sveitarfélaga, sem gefnar eru út og fjármagnaðar í heimamynt þeirra, áhættuvogina 20 prósent. Hærri áhættuvog þýðir að banki þarf að binda meira eigið fé vegna skuldbindingarinnar, en það hefur áhrif á vaxtakjör. Skuldbindingar ríkissjóðs hafa hins vegar áhættuvogina 0 prósent, sem skilar sér í hagstæðum vaxtakjörum.

Óttar nefnir að samkvæmt lögum sé ekki hægt að taka sveitarfélög til gjaldþrotaskipta og að í öllu Evrópusambandinu hafi skuldbindingar sveitarfélaga áhættuvogina 0 prósent. Sterk rök hnígi að því

„Það munar um minna, sérstaklega þegar vaxtastig er orðið svona lágt.

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga.

að flokka skuldbindingarnar með sama hætti hér á landi.

„Eftirlitsstofnanir hafa vísað til þess að lán til sveitarfélaga í Noregi hafi 20 prósenta vog, en á móti má nefna að þar gátu sveitarfélög orðið gjaldþrota. Þeir sem hafa biðlund þurfa ekki að sæta neinum afskriftum á lánum til íslenskra sveitarfélaga,“ segir Óttar.

„Þarna gæti hið opinbera gert lánveitingar banka til sveitarfélaga ódýrari með einu pennastriki. Ef reglurnar yrði færðar til samræmis við það sem gengur og gerist í Evrópusambandinu, held ég að lækkun vaxta á þessum lánum geti numið allt að 50 punktum. Það munar um minna, sérstaklega þegar vaxtastig er orðið svona lágt,“ bætir hann við.

Lánasjóður sveitarfélaga ákvað í vor að nýta mildunarreglu við eiginfjárútreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt lögum geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem þau taka hjá sjóðnum. Við beitingu mildunar fá skuldbindingar vegna sveitarfélaga, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, það er 0 prósent vegna lána í íslenskum krónum. Bankastofnanir hafa hins vegar ekki þessa heimild.

„Það í raun ósanngjarnt að bankarnir þurfi að leggja eigið fé til hliðar en lánasjóðurinn þurfi þess ekki. Skökk samkeppnisstaða hamlar því að sveitarfélög hafi breiða og góða möguleika til þess að fjármagna tímabundna sveiflu og halla. Það er óheppilegt til lengdar að sveitarfélögin reiði sig á eina fjármögnunarleið.“ – tfh

tl.is

STÓRAUKIÐ ÚRVAL AF SAMSUNG SÍMUM OG TÖLVUVÖRUM

TÖLVU LISTINN

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS

Útsvarstekjur sveitarfélaga vaxa í ár

Tekjurnar hafa aukist um 2,2 prósent að jafnaði á fyrstu tíu mánuðum ársins. Ráðherra sveitarstjórnarmála hugnast ekki að styðja við sveitarfélög með beinum fjárframlögum heldur frekar styrkja tekjustofna þeirra með aðgerðum gagnvart heimilum.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Þrátt fyrir að hagkerfið sé í djúpri niðursveiflu um þessar mundir hafa útsvarstekjur sveitarfélaganna að jafnaði hækkað um 2,2 prósent á þessu ári, samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála, segir að útsvarstekjur hafi haldist betur en margir óttuðust: „Fasteignagjöldin eru að hækka um 5 prósent og þjónustugjöldin eru svo að segja óbreytt. Hins vegar eru framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að lækka töluvert, en ríkissjóður hefur þegar komið til móts við sveitarfélögin í þeim efnum.“

Útsvarstekjur Reykjavíkurborgar hækkuðu um 1,1 prósent á fyrstu 10 mánuðum ársins frá árinu 2019. Sé litið til annarra sveitarfélaga hækkuðu útsvarstekjur Garðabæjar um 4,9 prósent, útsvarstekjuaukning Kópavogsbæjar var 3 prósent og Hafnarfjarðar 2,1 prósent.

Bent hefur verið á að hlutabótaleið stjórnvalda hafi eflaust töluvert að segja hvað þessa þróun varðar, enda héldu þúsundir einstaklinga stórum hluta tekna sinna stóran hluta þessa árs, þrátt fyrir að vera án vinnu eða í skertu starfshlutfalli. Þar af leiðandi gæti orðið viðsnúningur á síðustu tveimur mánuðum ársins þegar litið er til útsvarstekna sveitarfélaga, en hlutabótaúrræði og tekjutenging atvinnuleysisbóta er talin hafa runnið út hjá mörgum einstaklingum um síðustu mánaðamót.

Auknar útsvarstekjur skýrast svo líka af launahækkunum í samræmi við kjarasamninga, þar sem lægstu launataxtar voru hækkaðir töluvert. Hærri útsvarstekjur eru þannig aðeins önnur hliðin á peningnum, en áætlaður kostnaðarauki íslenskra sveitarfélaga vegna greiðslu launa er áætlaður 3,5 milljarðar króna á þessu ári, samkvæmt niðurstöðum starfshóps um fjármál sveitarfélaganna. Niðurstöður starfshópsins voru kynntar undir lok ágústmánaðar.

Ásamt auknum launakostnaði eru önnur útgjöld einnig að aukast, einkum vegna kostnaðar tengdum COVID 19-faraldrinum. „Útgjöld sveitarfélaganna hafa aukist vegna aukinnar sótthreinsunar og ræstinga á stofnunum og vegna aukins álags í viðkvæmri þjónustu á sviði velferðarmála, svo eitthvað sé nefnt. Þá hafa útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar farið vaxandi og sveitarfélögin hafa ráðist í atvinnuúrræði til að koma til móts við aukið atvinnuleysi,“ segir meðal annars í skýrslunni.

Útsvarstekjur sveitarfélaga hafa að meðaltali aukist um 2,2 prósent á fyrstu tíu mánuðum ársins, borið saman við sama tímabil í fyrra, en hjá Reykjavíkurborg nemur aukningin hins vegar um 1,1 prósenti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

7,1%

er áætlað að launakostnaður sveitarfélaga hækki 2021.

Hugnast ekki bein fjárframlög

Sigurður Ingi segir að þessi starfshópur verði nú kallaður saman aftur til að greina fjárhagsstöðu sveitarfélaganna miðað við nýjar forsendur, en síðasta greining hópsins miðaðist við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna sem lagðar voru fram í nóvember 2019, áður en farsóttin bankaði á dyrnar.

Stóra myndin er því sú að tekjur sveitarfélaga hafa aukist á þessu ári, en útgjöld meira en því sem tekjuaukningu nemur. Heyrst hafa raddir um að nú ætti ríkissjóður að stíga inn í, til að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Í sumum tilfellum hefur verið talað um tugi milljarða í því samhengi.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna, sem haldin var í byrjun október voru fyrstu aðgerðir ríkisins til að takast á við fjárhagsstöðu sveitarfélaga kynntar. Alls var um að ræða 3,3 milljarða aðgerðapakka.

Aukin framlög til málefna fatlaðs fólks verða 670 milljónir og framlög vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga hækka um 720 milljónir. Sérstök framlög til sveitarfélaga sem standa höllum fæti verða 500 milljónir. Viðbótarframlög vegna verkefnis um stefnumörkun tengda eflingu sveitarfélaga, munu nema 935 milljónum og lækkun tryggingagjalds mun spara sveitarfélögum 480 milljónir. Til viðbótar hafa sveitarfélög nú heimild til að fá allt að 1,5 milljarða lánaða úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs, en sá sjóður var stofnaður árið 2011 eftir yfirfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og rekur fasteignir sem nýttar eru undir þjónustu við fatlaða.

„Eins og staðan er núna höfum við tryggt að tekjufall sveitarfélaganna verði lítið sem ekkert á þessu ári, með því að koma til móts við sveitarfélögin með fimm milljarða aðgerðapakka,“ segir Sigurður Ingi. Hann bætir því við að honum hugnist ekki að takast á við vanda sveitarfélaganna með beinum fjárframlögum.

„Það eru til sveitarfélög sem fullnýta ekki sína tekjustofna, standa vel og eru því að leggja minna af mörkum til samneyslunnar. Það væri því skrítið fyrir ríkissjóð að taka lán til að styrkja öll sveitarfélög jafnt. Mér litist betur á að framlengja úrræði ríkisstjórnarinnar, sama hvort það heitir hlutabætur eða lengri tekjutenging atvinnuleysisbóta, til að tryggja tekjustofna sveitarfélaganna og styðja við getu heimila til að borga sín þjónustugjöld,“ segir ráðherra sveitarstjórnarmála.

Launahækkanir bíta

Sigurður Ármann Snævarr, sviðstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að útsvarstekjur hafi haldið vel það sem af er ári en breyting gæti orðið þar á fyrr en síðar: „Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa pumpað upp útsvarsstofn sveitarfélaga tímabundið. Við óttumst það hins vegar að síðustu tveir mánuðir ársins verði þungir, þegar ýmis úrræði renna sitt skeið. Atvinnuleysi er á mikilli uppleið og verður allt að 12 prósent um áramótin, samkvæmt Vinnumálastofnun,“ segir hann.

Það væri því skrýtið fyrir ríkissjóð að taka lán til að styrkja öll sveitarfélög jafnt.

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála

Sigurður Ármann bendir einnig á að komandi taxtahækkanir vegna kjarasamninga muni koma illa niður á sveitarfélögunum. Þannig muni launakostnaður íslenskra sveitarfélaga hækka um 7,1 prósent á næsta ári, á meðan fjármálaráðuneytið áætlar að útsvarsstofn þeirra muni vaxa um 4,1 prósent. „Gatið milli útsvarstekna og launakostnaðar er því alltaf að stækka.“

Sveitarfélögin hafi tekið að sér fjölda verkefna á síðustu árum frá ríkinu, en fjármagn hafi ekki fylgt: „Málefni fatlaðra eru gott dæmi þarna. Þar aukast kröfurnar í sífellu en því fylgja ekki aukin fjárframlög. Þetta ákveðna atriði kemur sérstaklega illa niður á Reykjavíkurborg,“ segir Sigurður.

Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga hleypur viðbótarfjárþörf sveitarfélaganna á tugum milljarða næstu tvö árin. Sveitarfélög séu misvel í stakk búin til að takast á við yfirstandandi efnahagslægð og því sé hugsanlegt að heimila ætti hækkun útsvars tímabundið. „Ríkið getur hins vegar tekið á sig stærri skuldbindingar en sveitarfélögin, án þess að það þurfi nauðsynlega að þýða skattahækkanir.“

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU

STUTTUR AFHENDINGAR-TÍMI

SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf
með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Birna segir mikilvægt í samskiptum við birgja að fara ekki fram á neitt sem bankinn er ekki að gera sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Nýr kúltúr nær frá stjórn og niður á gólf

Íslandsbanki getur umbreytt lánasafni sínu með nýjum sjálfbærniramma. Birna Einarsdóttir bankastjóri segir það skapa tækifæri sem skili sér til viðskiptavina. Hætta á að greiðsluvandi fyrirtækja þróist í skuldavanda. Minnst 10% lána í frystingu til sumars.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Undir stjórn Birnu Einarsdóttur hefur Íslandsbanki sett háleitt markmið um að vera hreyfiafl til góðra verka. Með nýja innkaupastefnu, sem gerir kröfur til birgja bankans, og ramma utan um sjálfbær lán í eignasafninu, er bankinn kominn með þau tól sem hann þarf til þess að ná þessu markmiði til lengri tíma litið. Birna segist sannfærð um að samfélagsleg markmið geti haldist í hendur við hámörkun arðsemi.

„Eitt stærsta verkefnið fram undan er að auka vægi nýrra, umhverfisvænna og félagslegra lána í lánasafni bankans. Slíkt mun skapa tækifæri á fjármögnunarhliðinni sem skilar sér á endanum til viðskiptavina," segir Birna í samtali við Markaðinn.

Íslandsbanki varð á dögunum fyrstur íslenskra banka til þess að skilgreina og birta sérstakan ramma utan um sjálfbær lán í eignasafni sínu. Sjálfbær fjármálarammi Íslandsbanka samanstendur af grænum flokki fyrir umhverfismál, bláum flokki fyrir sjálfbær verkefni í sjávartengdum atvinnugreinum og sérstökum flokki fyrir verkefni sem styðja við félagslega uppbyggingu.

„Við erum mjög opin fyrir verkefnum sem smellpassa inn í þennan ramma hvort sem það fellur undir núverandi lánasafn eða ný verkefni," segir Birna.

Telurðu sem sagt að markmið bankans, það er hámörkun arðsemi annars vegar og uppbygging á sjálfbæru lánasafni hins vegar, flækist ekki hvort fyrir öðru?

„Ég er alveg sannfærð um að þessi markmið fari saman og að aukið vægi sjálfbærra verkefna í lánasafninu leiði til hagkvæmari fjármögnunar. Ein helsta ástæðan er sú að það hefur orðið sprenging í áhuga á þessum málum, bæði hjá einkafjárfestum og stofnanafjárfestum," segir Birna og nefnir sem dæmi að á síðustu þremur mánuðum hafi sjóðfélögum Grena sjóðsins hjá Íslandssjóðum fjölgað um 10 prósent, en sjóðurinn fjárfestir fyrst og fremst í skuldabréfum sem gefin eru út til að fjármagna verkefni sem stuðla að sjálfbærni.

> **Það kann að vera að greiðsluvandinn þróist yfir í skuldavanda eftir því sem afborgunum er velt fram í tímann og fyrirtæki taka á sig meiri skuldir.**

„Einnig eru vísbendingar á alþjóðlegum mörkuðum um að útgefendur grænna og sjálfbærra skuldabréfa séu að fá ívið lægri kjör en við hefðbundnar útgáfur og við viljum að sjálfsögðu leyfa okkar viðskiptavinum að njóta ábatans ef til kemur," segir Birna.

Spurð hvort ramminn sé í samræmi við alþjóðleg viðmið nefnir Birna að við setningu hans hafi verið stuðst við græn, félagsleg og sjálfbær viðmið frá ICMA, sem eru alþjóðasamtök aðila á verðbréfamarkaði, auk þess sem horft hafi verið til væntanlegs flokkunarkerfis frá ESB. Sustainalytics, sem er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði sjálfbærni, hafi gefið jákvætt ytra álit á rammanum og sjálfbærniráðgjafarfyrirtækið CIRCULAR Solutions veitt bankanum ráðgjöf við þróun hans.

Birna segir að bankinn sé auk þess að koma á fót sérstöku fagráði sem mun leggja mat á lán og hvort þau falli undir rammann, en slíkt, ásamt reglulegri skýrslugjöf og áliti ytri aðila á skýrslunni, sé afar mikilvægt til að koma í veg fyrir svokallaðan grænþvott.

„Við erum að reyna að vera mjög ströng á því hvaða lán muni eiga erindi inn í þennan ramma. Það verður haldið vel utan um þetta."

Ekki bara endurfjármögnun

Fyrstu greiningar benda til þess að allt að 30 prósent af núverandi lánasafni bankans geti fallið undir sjálfbærnirammann.

„Lánasafnið okkar nemur samtals 970 milljörðum króna og fyrstu greiningar gefa í skyn að 100 milljarðar ættu að mestu leyti að geta fallið undir rammann. Þetta eru til dæmis lán til kaupa á rafbílum, smáar virkjanir, vörur og þjónusta með umhverfisvottun og svo auðvitað tengt sjávarútveginum, sem hefur tekið mjög jákvæð sjálfbærniskref að undanförnu með sparneytnari skipaflota og umhverfisvænni starfsemi.

Auk þess gætu verið lán upp á hátt í 200 milljarða króna til viðbótar sem hugsanlega falli undir rammann, en til þess þyrfti að ráðast í einhverjar breytingar á lánasamningum og fá ítarlegri upplýsingar. En það er mikilvægt að nefna að við erum alls ekki bara að horfa til núverandi lánasafns fyrir rammann, heldur viljum við ná til nýrra verkefna og hjálpa þannig í baráttunni við loftslagsbreytingar og aukinn jöfnuð í samfélaginu. Þetta er líka eitthvað sem fjárfestar leggja áherslu á, það er að segja að við séum ekki bara að fjármagna eldri verkefni í lánasafninu. "

Innan framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hefur verið rætt um að slaka á eiginfjárkröfum sem eru gerðar til banka í því skyni



Einnig eru vísbendingar á alþjóðlegum mörkuðum um að útgefendur grænna og sjálfbærra skuldabréfa séu að fá ívið lægri kjör en við hefðbundnar útgáfur.

Mesta starfsánægjan frá því fyrir hrun

Áður en kórónaveiran skall á hagkerfið hafði Íslandsbanki sett sér það markmið að starfsmenn myndu vinna að heiman einn dag í viku til þess að minnka kolefnisspor starfseminnar.

„Fyrsta bylgja kórónuveirunnar var í raun snemmbúin prófraun á þetta verkefni sem við vorum með í bígerð. Það sem við gerðum í kjölfarið var að ráðast í tilraunaverkefni með nokkrum deildum, sem fól í sér að vinna einn vinnudag heima fyrir í hverri viku þó svo að það þyrfti ekki samkvæmt sóttvarnareglum. Niðurstaðan var mjög góð og starfsfólk sagði að afköstin væru þau sömu eða jafnvel meiri þegar það ynni heima. Við sjáum það líka í okkar gögnum," segir Birna. Á næstu vikum verður verkefnið rammað betur inn þannig að það nái yfir allan bankann.

Þá segir hún að verkefnamiðuð vinnuaðstaða, sem þýðir að enginn starfsmaður er með fast sæti heldur velur hver og einn sér sæti innan síns svæðis í samræmi við verkefnin, hafi komið að miklu gagni til að takast á við þær áskoranir sem COVID skapaði.

Birna bendir á að niðurstaða úr síðustu vinnustaðagreiningu bankans hafi sýnt mestu starfsánægju sem mælst hefur innan bankans frá því fyrir hrun.

húss í haust og ég er að hitta allar deildir bankans og fara yfir þetta með starfsfólki. Allir framkvæmdastjórar bankans hafa nefnilega skyldum að gegna á þessu sviði og verða að setja markmið og aðgerðaráætlun fyrir sín svið."

Stór hluti af sjálfbærnistefnu bankans felst í innkaupastefnunni, þar sem meðal annars er horft til þessara UFS þátta sem fela í sér að tekið sé tillit til umhverfis- og samfélagsþátta, auk góðra stjórnarhátta.

„Ég hef sjálf hitt stærstu birgja bankans til þess að ræða þær kröfur sem við gerum og viðbrögðin hafa verið mjög góð. Auðvitað eru fyrirtæki komin mislangt á veg og við gætum þess að fara ekki fram með neinu offorsi. Við tökum einfaldlega fram að þetta séu áherslurnar og að á næstu misserum verði þær mikilvægur mælikvarði í vali okkar á birgjum."

Er nálgun bankans sem sagt sú að eiga samtal við birgja fremur en að neita að eiga í viðskiptum við þá?

„Já, þannig næst alltaf bestur árangur. Þessi samtöl hafa öll gengið vel, enda flestir á svipaðri, eða að hefja svipaða, vegferð. Innkaup fyrirtækja eru mjög árangursrík leið til að hafa góð áhrif og horfa þá ekki aðeins á lægsta verðið. Það er mikilvægt að nefna að við erum ekki að fara fram á neitt sem við erum ekki að gera sjálf. Til dæmis varðandi kolefnislosun, þá viljum við að stærri birgjar séu að mæla hana, setja fram aðgerðir til að minnka og tilgreina hvernig/hvort þeir séu að jafna losunina.

Við förum fram á að birgjar okkar virði lög og reglur um jafnréttismál og hvetjum þá til að standa sig vel í stjórnendahlutföllum kynja. Og fyrir stjórnarhættina, þá viljum við sjá birgjana okkar setja sér sínar eigin siðareglur og sjálfbærnistefnu og greina frá sjálfbærnistarfsemi sinni í árlegri skýrslugjöf. Meira er það nú ekki, að minnsta kosti fyrst um sinn á meðan við erum að koma okkur betur inn í þennan nýja heim."

Íslandsbanki, ásamt Landsbankanum, hafði umsjón með og sölutryggði hlutafjárútboð Icelandair. Setti bankinn skilyrði um umhverfisþætti fyrir aðkomu að útboðinu?

„Við vitum að nýjar fjárfestingar Icelandair, eins og gildir um önnur fyrirtæki, verða til þess að bæta umhverfið og við höfum fylgst með þeirri góðu þróun. Félagið hefur, líkt og önnur, verið að taka skref í sjálfbærnimálum sem eru mikilvæg. Við reynum að hafa þessa þætti í huga í þeim verkefnum sem við komum að svo að hvert tækifæri sé nýtt."

Sér ýmsa varnarsigra

Íslandsbanki hagnaðist um 3,4 milljarða króna eftir skatta á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 2,1 milljarð á sama tímabili í fyrra. Arðsemi eiginfjár hækkaði töluvert en hún var 7,4 prósent samanborið við 4,7 prósent í fyrra.

„Við vorum mjög ánægð með uppgjörið þrátt fyrir að virðisrýrnun vegna kórónukreppunnar liti árið í heild sinni. Við sjáum ýmsa varnarsigra, dæmis í vaxtatekjum og þóknanatekjum, og launakostnaður á fjórðungnum lækkar um 12 prósent á milli ára. Þannig að við erum að ná verulegum árangri á kostnaðarhliðinni," segir Birna.

Hreinar vaxtatekjur jukust um 1,4 prósent á milli ára og hreinar þóknanatekjur jukust um 12,3 prósent á milli ára, sem skýrðist meðal annars af hærri tekjum frá eignastýringu, fjárfestingabankastarfsemi og verðbréfamiðlun.

Þá lækkaði stjórnunarkostnaður um 8,9 prósent sem skýrðist af áframhaldandi kostnaðarhagræðingu og aðgerðum fyrri tímabila. Kostnaðarhlutfall bankans var 46,7 prósent, samanborið við 56,3 prósent á sama fjórðungi í fyrra. Er því markmið bankans, um að kostnaðarhlutfall skuli vera lægra en 55 prósent, uppfyllt.

„Við fækkuðum starfsfólki í fyrra sem er erfiðasta aðgerð sem stjórnendur þurfa að grípa til, en þessar sársaukafullu aðgerðir eru að skila sér í lægri kostnaði. Og COVID hefur haft einhver áhrif að því leyti að það er minna um ferðalög og skrifstofukostnað sem annars hefði fallið til."

Auk þess var sterkur útlánavöxtur. Húsnæðislán hafa vaxið verulega og einnig lán til fyrirtækja. Þrátt fyrir COVID og vanda ferðaþjónustunnar er víða kraftur í efnahagslífinu og það er ánægjulegt að geta tekið þátt í þeim verkefnum."

Áskoranir í lágvaxtaumhverfi

Í fjármálaáætlun stjórnvalda til næstu fimm ára er fallið frá kröfum um arðgreiðslur frá Íslandsbanka og Landsbanka á tveggja ára tímabilinu 2020–2021. Getur Íslandsbanki greitt út arð á næsta ári?

„Það er algjörlega eigandans að ákveða. Út frá lausafjárhlutföllum og eiginfjárhlutföllum þá getum við greitt út arð, en það er líka mikilvægt að bankinn geti tekist á við þann efnahagsvanda sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir. Við gerum það með því að viðhalda sterkri lausafjár- og eiginfjárstöðu."

Áformum um sölu á hlutum ríkisins í Íslandsbanka hafði verið slegið á frest, en í fjármálaáætlun kemur fram að sala á Íslandsbanka geti verið vænlegur kostur á síðari hluta tímabilsins. Er Íslandsbanki söluvænn eins og staðan er í dag?

„Það er margt í uppgjörinu sem bendir til þess. Við höfum náð töluverðu kostnaðarhagræði, þetta er stærsta árið í fyrirtækjaráðgjöf sem við höfum átt og við erum með mestu samanlögðu markaðshlutdeildina í miðlun hlutabréfa og skuldabréfa. En lágvaxtaumverfið er nýr veruleiki og rífur í afkomu bankans, sem gerir það aftur að verkum að við þurfum að einfalda reksturinn eins mikið og hægt er til að ná hagræðingu.

Bankar um allan heim eru að glíma við minnkandi arðsemi, sem helgast af lækkandi vaxtastigi og auknum kröfum eftirlitsstofnana. Þetta þarf að taka inn í myndina þegar bankinn er metinn sem fjárfestingakostur. Þegar arðsemi bankans verður komin á réttan kjöl eftir COVID-19 og að söluumræðu kemur, þá er ljóst að bankinn verður mjög álitlegur fjárfestingarkostur."

Íslandsbanki þurfti að hækka vexti á húsnæðislánum í síðustu viku en hækkunin var rökstudd með vísan til hækkandi ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði. Hefurðu áhyggjur af því hvernig ávöxtunarkrafan á markaði hefur þróast?

„Við hækkuðum vextina á nýjum húsnæðislánum lítillega og vorum þannig að bregðast við hækkunum á skuldabréfamörkuðum. Vaxtahækkunin nær hins vegar aðeins yfir ný útlán og hefur ekki áhrif á núverandi viðskiptavini. Við erum enn mjög samkeppnishæf með bestu vextina í sumum flokkum.

Það tekur tíma að knýja fram kúltúrbreytingu [...] En þegar þetta er komið inn í erfðamengið á 750 manna vinnustað, þá gerast kraftaverk.

En það er vissulega áhyggjuefni ef lækkun stýrivaxta er ekki að skila sér nægilega vel í skuldabréfamarkaði sem myndar grunn að verðlagningu húsnæðislána. Þetta verður að fylgjast að."

Hætta á að greiðsluvandi geti þróast yfir í skuldavanda

Fjármálastofnanir gerðu í vor með sér samkomulag um tímabundinn greiðslufrest á lánum til fyrirtækja. Fyrirtæki gátu þá sótt um að fresta greiðslum í allt að sex mánuði, en þó ekki lengur en út árið 2020. Tuttugu prósent af lánasafni Íslandsbanka var sett í frystingu, en nú þegar flestir greiðslufrestir hafa runnið út er hvert tilfelli metið fyrir sig.

„Mín skoðun er sú að bankarnir og stjórnvöld náðu miklum árangri með frystingu afborgana og hlutabótaleiðinni. Þetta hafa verið skilvirkustu aðgerðirnar. Frystingunni var komið á með mjög skömmum fyrirvara enda var enginn tími til þess að ráðast í viðamikið mat á aðstæðum. Við þurftum að bregðast hratt við greiðsluvanda fyrirtækja," segir Birna.

„Það er okkar að mat að á fyrirtækjahliðinni geti helmingur fyrirtækja hafið greiðsluferli á ný en við skoðum hvert tilfelli fyrir sig. Hinn helmingurinn er að uppistöðu ferðaþjónustufyrirtæki. Hvað þau varðar erum við að frysta afborganir fram á næsta sumar," bætir hún við. Bankinn gerir því ráð fyrir að minnst 10 prósent af lánasafninu verði í frystingu fram á næsta sumar.

Stuðningslán voru ein af aðgerðum stjórnvalda til að sporna við kórónukreppunni. Stuðningslán með 100 prósenta ríkisábyrgð getur að hámarki orðið 10 milljónir og ber sömu vexti og vextir af sjö daga bundnum innlánum lánastofnana hjá Seðlabanka Íslands. Viðbótarstuðningslán með 85 prósenta ríkisábyrgð getur bæst við stuðningslán og getur að hámarki orðið 30 milljónir.

„Við höfum veitt 300 lán hingað til en við sjáum töluverða aukningu í umsóknum. Mörg ferðaþjónustufyrirtæki biðu með að skuldsetja sig í sumar þegar tekjur voru að koma inn, en nú verður ekki hjá því komist," segir Birna.

„Ólíkt síðustu kreppu, þegar skuldabyrði fyrirtækja var stærsta viðfangsefnið, er greiðslugeta fyrirtækja það sem við erum helst að glíma við. Það kann síðan að vera að greiðsluvandinn þróist yfir í skuldavanda eftir því sem afborgunum er velt fram í tímann og fyrirtæki taka á sig meiri skuldir."

Svo virðist sem veiting brúarlána, sem eru með allt að 70 prósenta ríkisábyrgð og geta numið að hámarki 1,2 milljörðum króna, sé lítil sem engin. Voru brúarlánin misheppnuð aðgerð?

„Brúarlánin voru tilkynnt skömmu eftir að kórónuveiran kom til landsins en þá var algjör óvissa um hvernig það myndi spilast úr þessu og hvaða lausnir væru við hæfi. Þessi lán eru með 70 prósenta ríkisábyrgð og þar af leiðandi fylgja þeim stíf skilyrði og þau eru flókin í vinnslu. En það hefur ekki staðið á bankanum að veita þessi lán. Við erum með örfá slík lán í pípunum."

Gjörbreytt bankaþjónusta

Heimsfaraldurinn hefur gjörbreytt bankaþjónustu að því leyti að notkun á stafrænum lausnum hefur aukist stórlega. Virkir notendur Íslandsbankaappsins voru 450 prósentum fleiri síðustu mánaðamót heldur en síðustu áramót.

„Við höfðum teiknað upp langtímaáætlanir um breytingar, sem ætlað var að stuðla að aukinni notkun á stafrænni þjónustu og þannig að fækkun útibúa, en COVID hefur krafist þess að við flýttum þessari þróun. Það sem við reiknuðum með að gerðist á nokkrum árum er að gerast á nokkrum mánuðum."

Stóraukin notkun á stafrænum lausnum gerði Íslandsbanka kleift að fækka útibúum um tvö í vor, þegar útibúin á Höfða og Granda sameinuðust útibúinu á Suðurlandsbraut.

„Þegar bankinn var lokaður leysti fólk sín mál meira og minna í gegnum síma eða netspjall. Um 80 prósent af samtölum í netspjalli hjá okkur eru afgreidd af vélmenni og við sjáum að gríðarlega stór hluti vill þjónustu á kvöldin. En við fundum líka að þegar bankinn opnaði aftur þótti hluta af viðskiptavinum ósköp gott að koma aftur í útibúið. Framtíð bankastarfsemi felur í sér blöndu af hvoru tveggja, einföld stafræn þjónusta ásamt persónulegri þjónustu."

Þá var þjónusta við lítil og meðalstór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, sem áður var dreifð á nokkur útibú, sameinuð í eina fyrirtækjamiðstöð í höfuðstöðvunum í Norðurturni.

„Þetta er að skila sér í hagræðingu en frekari lokanir eru ekki í pípunum. Núna viljum við tryggja góða þjónustu við viðskiptavini og það er mikilvægt að allar breytingar á útibúaneti séu í takt við þróun stafrænnar þjónustu. Í þessum efnum þarf að gæta að því að fara ekki fram úr sér."

Hefði viljað selja Borgun fyrr

Greiðslumiðlunin Borgun var seld fyrir 1,3 milljarða króna fyrr á þessu ári, en Íslandsbanki átti 63,5 prósenta eignarhlut í félaginu. Verðið var nokkuð undir þeim væntingum sem eigendur félagsins höfðu áður haft. Í árslok 2015 fékk Borgun ráðgjafarfyrirtækið KPMG, eins og fram kom í fjölmiðlum á sínum tíma, til að verðmeta félagið í tengslum við yfirtökutilboð breska greiðslukortafyrirtækisins UPG, en tilboði þess var ekki tekið. Niðurstaða verðmatsins var að heildarvirði fyrirtækisins næmi 19 til 26 milljörðum.

„Það er frábær árangur að hafa náð að klára söluferlið í miðjum heimsfaraldri að mínu mati. Ég hefði að vísu viljað selja eignarhlutinn fyrr – og þá hefðum við örugglega fengið betra verð – en það þýðir ekkert að svekkja sig á því," segir Birna.

að hvetja til grænna fjárfestinga í Evrópu. Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kom inn á þessi áform í viðtali við Markaðinn fyrr á þessu ári, þar sem hún sagði að í framtíðinni væri áætlað að umhverfis- og samfélagsþættir yrðu hafðir til hliðsjónar í árlegu innra mati á eiginfjárþörf fjármálafyrirtækja. Þessar hugmyndir eru þó langt frá því að raungerast.

Komið inn í erfðamengið

Sjálfbæri fjármálaramminn er hluti af stefnu Íslandsbanka í sjálfbærni, sem miðar að því að bankinn verði hreyfiafl til góðra verka. Þegar markið er sett hátt er mikilvægt að fá allt starfsfólk í lið með sér, að sögn Birnu.

„Ég þoli ekki stefnu sem er einungis á blaði. Ef við setjum svona stefnu þá gerum við það almennilega, fáum starfsfólk í lið með okkur og tökum þetta alla leið af eldmóði og krafti. Það tekur tíma að knýja fram kúltúrbreytingu og hún þarf að ná frá stjórn og niður á gólf. Annars næst ekki þessi árangur. En þegar þetta er komið inn í erfðamengið á 750 manna vinnustað, þá gerast kraftaverk.

Við höfum til dæmis sett okkur sjö sjálfbærnimarkmið sem horfa til umhverfisins, félagslegra þátta og stjórnarhátta (UFS viðmið), auk þess sem við styðjum við fjögur af heimsmarkmiðunum um menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, nýsköpun og aðgerðir í loftslagsmálum. Við kynntum þetta innan-

TAPASBARINN MEÐ ÞÉR HEIM!

SÚPER TAKE AWAY TILBOÐ



TILBOÐ A – FYRIR TVO

- Nýbakað brauð með hummus og tapenade
- Marineraðar lambalundir með lakkríssósu
- Beikonvafin hörpuskel og döðlur á spjóti (2 stk.) með sætri chilli sósu
- Djúpsteiktur humar í orly
- Kjúklingaspjót (2 stk.) með blómkáls-cous cous, furuhnetum, blómkálsmauki og alioli
- Nautaspjót (2 stk.) með sveppaduxelles, bourgunion-sveppasósu og smælki

5.990 kr. 2.995 kr. á mann

TILBOÐ B – FYRIR TVO

- Nýbakað brauð með hummus og tapenade
- Beikonvafin hörpuskel og döðlur á spjóti (2 stk.) með sætri chilli sósu
- Andabringa með jarðskokkum, svartrót og Malt- og Appelsínsósu
- Djúpsteiktur humar í orly
- Kjúklingastrimlar í chiliraspi með gráðaostasósu
- Lambaspjót (2 stk.) með chorizo-sósu, smælki og rótargrænmeti
- Nautaspjót (2 stk.) með sveppaduxelles, bourgunion-sveppasósu og smælki

6.990 kr. 3.495 kr. á mann

VEGAN TILBOÐ

- Nýbakað brauð með hummus og tapenade V
- Blómkál marinerað með harissa, blómskálsmauki, pistasíu-lime vinaigrette og granatepli V
- BBQ Jackfruit soft taco (2 stk.) með mangó-jalapeno salsa, avókadómauki og ferskum kóríander V
- Vegan Piri Piri "rif" með djúpsteiktu smælki og sítrus-hvítlaukssósu V

3.990 kr. á mann

Tekið er við pöntunum í síma **551 2344**
eða á netfangið **tapas@tapas.is**

HINN EINI SANNI Í 20 ÁR!

Tapas tapas.is

Runólfur Viðar, framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur og ÚR - Innovation. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stór útgerð fjárfestir í sprotafyrirtækjum

Útgerðarfélag Reykjavíkur lagði 150 milljónir króna í fjárfestingarfélag sem fjárfestir í nýsköpun. Reiðubúin að fjárfesta meira í bláa og græna hagkerfinu.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Útgerðarfélag Reykjavíkur, sem er að mestu í eigu Guðmundar Kristjánssonar, útgerðarmanns frá Rifi, hefur stofnað dótturfélag sem fjárfesta mun í nýsköpun og vöruþróun. Það ber nafnið ÚR - Innovation.

Runólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjanna beggja, segir að horft verði til fjárfestinga í bláa hagkerfinu og því græna. Blái hagkerfið tengist hafinu og það græna umhverfismálum.

„Fjárfestingar í bláa hagkerfinu munu snúa annars vegar að líftækni og skyldum greinum og hins vegar verður horft til fjárfestinga í miðsjávarfiskveiðum eða veiðum á tegundum á borð við kríli og smokkfisktegundir," segir hann.

Með fjárfestingum í græna hagkerfinu leitast Útgerðarfélag Reykjavíkur (ÚR) við að jafna umhverfisáhrif og draga úr vistspori af starfsemi sinni, en dæmi um slíkar fjárfestingar væru í nytjaskógrækt og umhverfistækni.

„Við munum því fjárfesta í því sem tengist kjarnastarfsemi okkar, sjávarútvegi, en ekki óskyldri starfsemi. Í grunninn erum við því íhaldssöm en erum reiðubúin að skoða mörg tækifæri," segir hann.

Runólfur segir að með aukinni nýsköpun megi skapa áhugaverð störf fyrir ungt, vel menntað fólk á Íslandi.

Hlutafé ÚR - Innovation er 150 milljónir króna. „Sú fjárhæð sýnir þá trú sem stjórn hefur á vegferðinni. Við erum reiðubúin að fjárfesta fyrir hærri fjárhæð á næstu árum," segir Runólfur.

Í stjórn ÚR – Innovation sitja þau sömu og í stjórn Útgerðarfélags Reykjavíkur: Dætur Guðmundar, þær Agnes og Rebekka, og lögmaðurinn Magnús Helgi Árnason gegnir formennsku.

Að sögn Runólfs horft er til langs tíma í fjárfestingum í nýsköpun og umhverfismálum; að hugmyndir sprotanna muni raungerast á næstu fimm til 15 árum.

Hann bendir á að það sé mikilvægt fyrir íslenskan sjávarútveg að fjárfesta í tækifærum til að auka verðmæti vörunnar. Fiskurinn í sjónum sé takmörkuð auðlind, magnið sé fasti, en verðið sé breytilegt. Hægt sé að fá meira fyrir vöru með skynsamlegum fjárfestingum.

„Slíkar fjárfestingar þurfa sterka bakhjarla og þolinmótt fjármagn. Uppbygging á þessu sviði getur verið kostnaðarsöm. Við teljum okkur geta lagt hönd á plóg hvað það varðar," segir hann.

ÚR á 44 prósenta hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu Brim sem skráð er í Kauphöll. Eigið fé ÚR var 237 milljónir evra, jafnvirði 39 milljarða króna, við lok síðasta árs og eiginfjárhlutfallið var 51 prósent.

Aðspurður segir Runólfur að rekstur ÚR skiptist í þrennt. „Fyrst má nefna að við erum kjölfestufjárfestir í Brimi. Það er stærsta eign félagsins. Í öðru lagi er um að ræða hefðbundið íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki sem á eitt skip og kvóta. Sá angi annast veiðar, vinnslu og sölu sjávarafurða. Þriðji þátturinn lýtur að nýsköpun og þróun."

Aðspurður í hve mörgum fyrirtækjum verði fjárfest segir Runólfur að það sé of snemmt að segja til um það að svo stöddu. „Við erum opin fyrir mörgu en munum fara okkur hægt."

Runólfur segir að mikil tækifæri séu í nýsköpun í sjávarútvegi. Þaðan hafi sprottið mörg glæsileg þekkingarfélög á borð við Marel, Völku og Skagann 3X. Hann hefði þó viljað að gróskan væri enn meiri.

> **Uppbygging á þessu sviði getur verið kostnaðarsöm. Við teljum okkur geta lagt hönd á plóg hvað það varðar.**

Fjárfestu í fæðubótarefninu Unbroken

Fyrsta fjárfesting ÚR – Innovation, er fjórðungs hlutur í Zym Ice sem framleiðir fæðubótarefnið Unbroken. Runólfur segir að það sé framleitt úr fiskipróteini og veiti fólki góða orku.

Með fjárfestingunni stígur útgerðarfélagið fyrsta skrefið í átt að nýtingu sjávarlíftækni til að hámarka verðmæti sjávarafurða.

Zym Ice er íslenskt fyrirtæki sem rekur verksmiðju í Noregi og tvær söluskrifstofur erlendis. Fjárfestingin styrkir stöðu Zym Ice og hraðar þróun og dreifingu á vörum félagsins á alþjóðamarkaði.

Runólfur segir fjármagnið verða nýtt til að styðja við áframhaldandi vöxt sprotafyrirtækisins.

Dreifing og sala vörunnar hefur aukist hratt undanfarið og er hún nú seld í 25 löndum í Evrópu og Norður-Ameríku. Notkun hennar hraðar mjög upptöku næringar í vöðvum og styrkir ónæmiskerfið.

Er hann einstakur?

fatboy®

Hann er Fatboy Original.

Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | sekkur.is

APOTEK
KITCHEN+BAR

TRYLLTIR
TAKE AWAY
TILBOÐSPAKKAR

TILBOÐSPAKKI – FYRIR TVO

Önd & Vaffla – Hægeldað andalæri, karamelluseruð epli, belgísk vaffla, maltsósa

Íslenskt landslag – Lambatartar, sýrður rauðlaukur, reyktur rjómaostur, graslauks-mayo, ediksnjór

Tígrisrækjusalat – Tígrisrækjur, epli, romain salat, parmesan-kex, dillfroða, piparrótarkrem

Lax – Kolagrillaður lax, beykisveppir, reykt soð

Kolagrilluð nautalund – Sellerírótar-purée, reyktir sveppir, karamelluseraður laukur, bernaisesósa

7.900 kr.
3.950 kr. á mann

Bættu við ljúffengum eftirrétti á **890 kr.**

AFMÆLISPAKKI

Panta þarf afmælispakka fyrir kl. 16 samdægurs og hann er eingöngu í boði fyrir tvo eða fleiri

Bleikja á vöfflu – Grafin bleikja með reyktum rjómaosti

Önd á vöfflu – Andaconfit rillet, karamelluseruð epli, maltsósa

Tígrisrækjusalat – Tígrisrækjur, epli, romain salat, parmesan-kex, dillfroða, piparrótarkrem

Íslenskt landslag – Lambatartar, sýrður rauðlaukur, reyktur rjómaostur, dillolía, ediksnjór

Kolagrilluð nautalund – Sellerírótar-purée, reyktir sveppir, karamelluseraður laukur, bernaisesósa

Súkkulaði afmæliskaka í eftirrétt (6-8 manna)
Kakan er með súkkulaðimús og hindberjum og hjúpuð súkkulaðiganache

5.500 kr. á mann

Tekið er við pöntunum í síma **551 0011**
og með góðum fyrirvara á **apotek@apotekrestaurant.is**

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / **apotek.is**

Baldur Þór Halldórsson, framkvæmdastjóri Malbiksstöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Segir að malbiksstöðin hafi risið á ógnarhraða

Svipmynd

BALDUR ÞÓR HALLDÓRSSON

Nám:
Sveinspróf – Múrari
Byggingatæknifræði Bsc
Byggingaverkfræði Msc
Í grunninn er ég múrari og útskrifaðist með sveinspróf tvítugur. Í hruninu fór ég í frumgreinadeild Tækniskólans. Konan mín dró mig svo til Kaupmannahafnar þar sem hún var að fara í sitt framhaldsnám. Þar fór ég í byggingatæknifræði við Denmarks Tekniske Universitet og í framhaldinu tók ég master í byggingaverkfræði.

Störf:
Múrverk
Ráðgjafi – Byggingaverkfræði (Danmörk)
Hönnuður – Byggingaverkfræðingur (Ísland)
Tæknimaður Fagverk verktaka
Framkvæmdastjóri Malbiksstöðvarinnar í dag

Baldur Þór Halldórsson, framkvæmdastjóri Malbiksstöðvarinnar, segir að það hafi verið krefjandi að setja upp malbiksstöð á sjö mánuðum. „Malbiksstöðin fór upp á ógnarhraða," segir hann.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Besti tíminn eru samverustundir með fjölskyldunni, hvort sem það er hið daglega amstur eða annað. Ég hef mjög gaman af stangaveiði og stunda hana þegar rými gefst, einnig er hestamennska hluti af lífi okkar fjölskyldunnar. Það er ótrúlegt hvaða áhrif reiðtúr hefur eftir annasaman dag.

Hvernig er morgunrútínan þín?

Á morgnana gildir að vera snöggur að undirbúa sjálfan sig með einn kaffibolla í hönd. Mestur tíminn fer svo í að koma börnunum af stað í skóla og leikskóla með tilheyrandi föggur til að sinna því sem dagurinn hefur upp á að bjóða, tómstundir og nám. Krefjandi og gefandi stundir, morgnarnir okkar.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég ætla að segja Konan í dalnum og dæturnar sjö. Sögur af Íslendingum á árum áður finnast mér heillandi og þá sérstaklega áhrifaríkt þegar dugnaður og seigla okkar Íslendinga kemur fram. Þessi saga nær að snerta mann dýpra þar sem hetjan er kona og það vantar alltof oft að fjalla sé um hetjudáðir kvenna á árum áður, ekki síður en í dag.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum misserum?

Án efa að setja upp malbiksstöð á sjö mánuðum. Þetta verkefni hefur verið í deiglunni hjá Fagverk verktökum í nokkur ár, en þeir ákváðu að fara af stað með verkefnið í október 2019. Það er afrek að hafa náð að opna malbiksstöð á svo skömmum tíma og er það mest krefjandi verkefni sem ég hef fengist við hingað til. Fyrir utan hönnun, skipulagsbreytingar, skipulagningu og annað utanumhald sem var mjög krefjandi, var framkvæmdaferlið hreint út sagt með ólíkindum og ég hef ekki trú á því að til séu margar hliðstæður fyrir því á Íslandi í dag. Gríðarlegur kraftur Fagverk verktaka gerði það að verkum að þetta hafðist og Malbiksstöðin byrjaði að blanda malbik í byrjun maí á Esjumelum.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Malbiksstöðin fór upp á ógnarhraða og það verður áskorun að stilla af starfsemina fyrir næstkomandi tímabil, sem mun gera fyrirtækið betur í stakk búið að takast á við þá samkeppni sem er á okkar markaði. Einnig eru fram undan mjög spennandi verkefni sem snúa að umhverfismálum fyrirtækisins og ber hæst að nefna viljayfirlýsingu sem undirrituð var við Sorpu, um kaup á allt að einni milljón Nm3 af metani sem við ætlum að nota til að framleiða umhverfisvænasta malbik á Íslandi.

> **Það er afrek að hafa náð að opna malbiksstöð á sjö mánuðum og er það mest krefjandi verkefni sem ég hef fengist við hingað til.**

Hvernig er rekstrarumhverfið að taka breytingum og hvaða tækifæri felast í breytingunum?

Sífellt meiri áhersla er á umhverfismálin og hefur sú þróun færst yfir í malbiksgeirann og sjáum við það einna helst í breytingum á þeim efnum sem notuð skulu við vegagerð. Strax í upphafi þessa verkefnis var ákveðið að umhverfisstefna fyrirtækisins væri ein af meginstefnum okkar. Tækifærin felast í þróun og nýsköpun sem hefur þegar hafist hjá Malbiksstöðinni. Til að mynda með nýjum tækjabúnaði sem ekki hefur áður verið á Íslandi, samstarfi okkar við Sorpu og fleira þessu tengt.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ætli ég myndi ekki leita í eitthvað sem væri kunnuglegt og taka aftur upp múrskeiðina.

Mark30 plus
skrifstofustóll

TILBOÐ

30% afsláttur

Verð 67.418 kr. án arma

Verð 75.706 kr. með örmum

Hæðarstilling á baki

Armar hæða- og dýptarstillanlegir, fæst með og án arma

Pumpa í baki, stillir stuðning við mjóhrygg

Hallastilling á baki

Hæðarstilling setu og baks

Samhæfð stilling setu og baks fylgir hreyfingu notandans

Fjöldi áklæða í boði

Dýptarstilling á setu

Hægt að stilla stífleika setu og baks eftir þyngd notanda

Mjúk hjól

Á. GUÐMUNDSSON EHF.
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur

sími 510 7300
www.ag.is
ag@ag.is

Skotsilfur

Bankar í kapphlaupi

Fjármálafyrirtæki reyna nú eftir fremsta megni að skara fram úr í sjálfbærnimálum. Arion banki varð í sumar „fyrstur banka“ til þess að setja græna innlánsreikninga á markað og í síðustu viku varð Íslandsbanki „fyrstur banka“ til að birta sérstakan ramma utan um sjálfbær lán í eignasafni sínu. Hvað græn og félagsleg skuldabréf varðar eru Fossar markaðir í algjörri yfirburðastöðu. Félagið hefur haft umsjón með útgáfu slíkra skuldabréfa fyrir hátt í 60 milljarða króna en hlutdeild annarra á markaði er hverfandi lítil. Ekki hefur farið mikið fyrir Landsbankanum en bankinn réð til sín Reyni Smára Atlason, stofnanda ráðgjafafyrirtækisins Circular Solutions, í síðustu viku til að sinna samfélagsábyrgð og sjálfbærnimálum. Ætla má að bankinn, sem **Lilja Björk Einarsdóttir** stýrir, hyggist nú stíga á bensíngjöfina.

Stokkað upp hjá Stefni

Stefnir, sjóðastýringarfélag í eigu Arion banka, stóð fyrir skipulagsbreytingum í lok síðustu viku. Þremur starfsmönnum var sagt upp störfum og þá mun Þorsteinn Andri Haraldsson, sem hefur starfað við greiningar og miðlun í markaðsviðskiptum Arion banka, fara yfir til Stefnis. Magnús Örn Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar Seltjarnarness, hefur gegnt starfi forstöðumanns blandaðra sjóða á undanförnum árum en hann mun núna einnig fara fyrir hlutabréfasjóðum Stefnis. Tekur hann við því starfi af **Jóhanni Möller** en hann var ráðinn framkvæmdastjóri Stefnis fyrr á árinu.

Biðin senn á enda

Úttekt þýska ráðgjafafyrirtækisins Fraunhofer / Ecofy á samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi, með sérstaka áherslu á raforkukostnað, er að vænta í vikunni. Þjóðverjinn var ekki jafn tímanlega og oft áður því upphaflega stóð til að hún yrði afhent stjórnvöldum í maí. Um er að ræða tímamót því þetta er í fyrsta skipti sem stjórnvöld standa fyrir óháðri úttekt á samkeppnishæfni stóriðju en **Þórdís Kolbrún Gylfadóttir** iðnaðarráðherra óskaði eftir skýrslunni í ársbyrjun. Það var vel til fundið enda kvartar orkufrekur iðnaður, einkum álverin og gagnaverin, undan æ verri samkeppnisstöðu og því ljóst að mörg fyrirtæki bíða með eftirvæntingu eftir því hver niðurstaða skýrslunnar verður.

Mótmæli og óeirðir vegna takmarkana á Spáni

Mótmælt er víða á Spáni vegna aðgerða til að hemja vöxt COVID-19. Lýst var yfir neyðarástandi fram í maí vegna veirunnar. Forsætisráðherra Spánar, Pedro Sanchez, fordæmdi ofbeldi sem braust út. Eldar voru meðal annars tendraðir í borginni Logrono á Norður-Spáni og 150 manns köstuðu steinum í lögregluþjóna. Óeirðalögregla var kölluð út til að kveða niður uppþot í bænum Haro í vínhéraðinu La Rioja. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vaxtasloppurinn sóttur

Agnar Tómas Möller
sjóðstjóri hjá Kviku eignastýringu

Eftir að hafa vera hengdur upp í kjölfar þess að Seðlabankinn lækkaði meginvexti sína í 1% í maí síðastliðnum, ákvað skuldabréfamarkaðurinn á þessum haust- og vetrardögum, að nóg væri komið og vaxtasloppurinn skyldi sóttur úr skápnum á ný. Vextir á skuldabréfamarkaði hafa hækkað allverulega síðastliðna mánuði og fá ef nokkur dæmi í öðrum ríkjum um slíka þróun, á sama tíma og skýin dökkna yfir efnahagslífinu hér heima sem og erlendis. Fjármagnseigendur geta því á ný fundið hlýju í vöxtum sem eru allt að þrisvar sinnum hærri en meginvextir Seðlabankans í dag.

Þótt fyrstu áhrifin hafi komið fram í hækkun húsnæðislánavaxta Íslandsbanka á dögunum hefur hækkun fjármögnunarkjara bankanna á húsnæðislánum hækkað umtalsvert meira en sem nemur hækkun bankans og því líklegt að frekari hækkanir muni eiga sér stað að óbreyttu. Einnig hafa fjármögnunarkjör Reykjavíkurborgar og Lánasjóðs Sveitarfélaga, sem bæði þurfa að sækja sér umtalsvert fjármagn næstu misseri, versnað hratt seinustu mánuði og hafa sem dæmi verðtryggðir vextir á fjármögnun Lánasjóðsins rokið upp úr um 0,1% í um 1,3% þegar þetta er skrifað.

Þrátt fyrir hækkandi vexti hefur áhugi fjárfesta farið minnkandi á skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs undanfarið. Það er umhugsunarefni í ljósi þess að á sama tíma hafa efnahagshorfur, bæði til skemmri og milli langs tíma, versnað allverulega og því útlit fyrir að tímabil lágra stýrivaxta muni vara lengur en búast hefði mátt við fyrir nokkrum mánuðum.

Gengið lækkað og raunvaxtamunur hækkað



> Líkja mætti áhrifum stýrivaxta Seðlabankans á hagkerfið í dag við fáklæddan einstakling í frostviðri sem stendur í lappirnar í heitri laug.

Að mati greinarhöfundar eru ástæðurnar fyrir ofangreindri þróun einkum eftirfarandi:

1. Hratt vaxandi fjárþörf ríkissjóðs og sveitarfélaga veldur fjárfestum vaxandi áhyggjum yfir því hvernig fjármögnun hallans muni ganga.
2. Á síðustu mánuðum hefur stærsti erlendi eigandi íslenskra ríkisskuldabréfa í ársbyrjun selt alla stöðu sína, hátt í um 50 milljarða króna.
3. Íslenskir lífeyrissjóðir hafa verið nettó seljendur í innlendum skuldabréfum á árinu og hafa á móti aukið eign sína verulega í innlendum innlánum.
4. Þótt efnahagshorfur hafi versnað verulega frá seinasta sumri hafa engar markverðar aðgerðir litið dagsins ljós hjá Seðlabankanum sem styðja við efnahagslífið frá því vextir voru lækkaðir seinast fyrir tæpu hálfu ári.

Jákvæðu fréttirnar eru hins vegar þær að eign erlendra aðila í íslenskum ríkisskuldabréfum er það lág, líklega vel undir 2% af landsframleiðslu, að horft fram á veginn hlýtur að vera líklegra að erlendir aðilar fjárfesti í íslenskum vöxtum en þeir selji þau fáu bréf sem eftir standa, og styðji þannig við efnahagsbatann. Sögulega er verðlagning íslenskra vaxta í erlendum gjaldmiðlum hagstæð – sem dæmi er langtíma raunvaxtamunur við Bandaríkin svipaður nú og á miðju ári 2016, en gengi dals á móti krónu hátt í 30% veikara miðað við sama tíma.

> Þótt raunvextir á innlánum standi í dag í nærri mínus þremur prósentum, á sama tíma og raunvextir skuldabréfa eru almennt jákvæðir, virðist það ekki duga til að færa fjármuni úr innlánum.

Þá vekur athygli að þótt raunvextir á innlánum standi í dag í nærri mínus þremur prósentustigum, á sama tíma og raunvextir skuldabréfa eru almennt jákvæðir, virðist það ekki duga til að freista fjárfesta nægilega til að færa fjármuni úr innlánum. Skortur á stuðningi Seðlabankans við fjármögnun ríkissjóðs og húsnæðislána veldur þar miklu, sem og fjarvera leiðsagnar bankans um þróun vaxtastigins næstu misserin, sem er algerlega á skjön við aðgerðir flestra erlendra seðlabanka. Birtingarmynd þess kemur meðal annars fram á skuldabréfamarkaði, sem verðleggur að stýrivextir muni fara yfir 2% við lok næsta árs, á sama tíma og við stöndum nálægt botni efnahagslægðarinnar.

Líkja mætti áhrifum stýrivaxta Seðlabankans á hagkerfið í dag við fáklæddan einstakling í frostviðri sem stendur í lappirnar í heitri laug. Þótt ylurinn af lágum vöxtum sé vissulega notalegur, dugar hann ekki einn og sér, og áhrifin dvína hratt í bröttu vaxtarófinu. Jákvæðu áhrifin eru þó mögulega þau að skuldabréfamarkaðurinn setur hinu opinbera, ríki sem sveitarfélögum, ákveðnar skorður við hvernig með fjármuni er farið og hve stórum skuldum við munum velta yfir á komandi kynslóðir. Það kann þó að vera að það hafi ekki verið áætlunin.

Er lífeyrissparnaðurinn of mikill?

Björn Z. Ásgrímsson starfar í Seðlabanka Íslands við áhættugreiningu á lífeyrismarkaði

Lífeyrissparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar er mikilvæg uppspretta sparnaðar landsmanna og fyrirferðamikill á innlendum fjármálamarkaði. Miðað við bráðbirgðatölur nam heildar sparnaðurinn um 5.700 milljörðum króna við lok þriðja ársfjórðungs þessa árs og tæplega 4.000 milljarðar eru á innlendum fjármálamarkaði. Samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóða í skráðum innlendum hlutabréfum og skuldabréfum er annars vegar nærri 40% og hins vegar 50%. Þeir koma að fjármögnun yfir 700 félaga og eru flest þeirra tengd viðskiptum og eignarhaldi á fasteignamarkaði. Í mörgum þessara félaga hafa sjóðirnir fjárfest saman í gegnum fagfjárfestasjóði og samlagsfélög, með takmörkuðu gegnsæi. Við nánari skoðun á víðtæku eignarhaldi lífeyrissjóðanna í félögum á samkeppnismarkaði er ljóst að hagsmunaárekstrar geta komið upp, til dæmis þegar sjóðir fjárfesta í fyrirtækjum sem keppa á sama markaði. Ábyrgð stjórnenda lífeyrissjóðanna er því gríðarlega mikil þar sem áhrifa þeirra gætir víða í atvinnulífinu og á fjármálamarkaði að ógleymdri umboðsskyldu gagnvart lífeyrissparnaði landsmanna.

Um lífeyrissjóðina gildir strangt regluverk byggt á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðunum er og skylt að koma á fót virku eftirlitskerfi með áhættu í starfsemi sinni. Virkt fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fylgist með því að til staðar sé fullnægjandi eftirlitskerfi með hliðsjón af eðli og umfangi lífeyrissjóðs og vaktar samtímis áhættu í kerfinu með reglubundnum hætti. Áhættudreifing er tvímælalaust lykilatriði í eignasöfnum þeirra sem svo sannarlega hefur batnað á liðnum árum með aukinni fagmennsku á sviði áhættustýringar.

Lífeyrissparnaðurinn

Lífeyrissparnaður landsmanna jókst mjög mikið á árinu 2019 eða um 760 milljarða króna og var raunávöxtun nærri 12%. Það sem af er þessu ári hefur ávöxtun verið vel viðunandi og munar þar mest um gengislækkun íslensku krónunnar sem hefur leitt til um 200 ma.kr. hækkunar erlendra eigna í íslenskum krónum talið. Vissulega er þetta góður árangur en fjármálamarkaðir eru hverfulir og mikil óvissa er ríkjandi um þessar mundir. Árangur við ávöxtun sjóðanna er langhlaup þar sem „vegalengdin“ er mæld í áratugum en ekki frá einu ári til annars. Skammtíma áföll eiga í flestum tilfellum ekki að hafa áhrif til skerðingar á lífeyri samtryggingadeilda þar sem regluverkið gerir ráð fyrir sveiflum í tryggingafræðilegri stöðu og jafnar áhættu milli kynslóða. Taflan hér að neðan sýnir skiptingu lífeyrissparnaðar í samtryggingu og séreign við lok annars ársfjórðungs. Endanlegar tölur fyrir þriðja ársfjórðung verðar birtar um miðjan nóvember.

Sjóðstreymi lífeyrissparnaðar 2019

milljarðar króna

Inngreiðslur	Samtrygging	Séreign
Iðgjöld	222	64
Aðrar inngreiðslur	5	7
Samtals:	**227**	**71**
Útgreiðslur		
Lífeyrir	151	17
Rekstrakostn.	7	1
Aðrar útgreiðslur	2	7
Samtals:	**160**	**25**
Iðgjöld - lífeyrir	**67**	**46**
Fjárfestingahreyfingar		
Keypt hlutabréf og hlutir	-377	-68
Seld hlutabréf og hlutir	274	44
Afborganir og vextir skuldabr.	280	27
Keypt skuldabréf	-328	-74
Seld skuldabréf	75	32
Arðgreiðslur	26	3
Aðrar inn og útgreiðslur	4	-4
Hreyfingar samtals (afb+sala+aðrar gr.-keypt)	**-46**	**-40**

> **Stórauknar fjárfestingar í innviðum henta lífeyrissjóðunum vel sem langtíma fjárfestum.**

Fjárfestingarþörf

Í umræðu um árlega fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna er oft á tíðum aðeins talað um nettó innflæði til sjóðanna, það er að segja mismuninn milli greiddra iðgjalda og útgreidds lífeyris. Slíkt gefur takmarkaða mynd af fjárfestingarþörf sjóðanna þar sem stærsti hluti hennar er vegna greiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfasöfnum sjóðanna. Taflan hér að neðan er einföld samantekt sem sýnir sjóðstreymi á árinu 2019. Samkvæmt því getur árlegt ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til fjárfestinga numið um 350 ma.kr. og munar þar mest um vexti og afborganir skuldabréfa eða um 300 ma. kr. Að auki er nokkuð stöðugt innstreymi vegna mismunar á inngreiddum iðgjöldum og útgreiddum lífeyri sem nemur árlega rúmlega 100 ma.kr. Meiri óvissa er eðlilega um arðgreiðslur af hlutabréfum en þær fjárhæðir geta numið tugum ma.kr. þegar vel árar.

Umtalsverðir fjármunir streyma árlega inn í lífeyrissjóðakerfi samtryggingar og séreignar og finna þarf farveg fyrir þessa fjármuni með ásættanlegri ávöxtun á innlendum og eða erlendum fjármálamarkaði. Fjárfestingarþörf lífeyrissjóða er veruleg samanborið við það framboð verðbréfa sem verið hefur á innlendum fjármálamarkaði undanfarin ár. Stórar og illa ígrundaðar fjárfestingahreyfingar stærstu sjóðanna geta valdið óstöðugleika á innlendum fjármálamarkaði og aukið áhættu. Þó má leiða líkur að því að stærð lífeyrissjóðakerfisins sé frekar til þess fallið að stuðla að stöðugleika með fagmennsku og góða stjórnarhætti að leiðarljósi. Erlendar rannsóknir, í löndum með stór lífeyrissjóðakerfi, hafa bent til þess að lífeyrissjóðir sem fjárfesta til langs tíma stuðli að auknum stöðugleika á fjármálamörkuðum (e. counter cyclical). Það má og færa rök fyrir því að fjárfestingar lífeyrissjóðanna eftir fjármálahrunið 2008 hafi skipt miklu máli í endurreisn efnahagslífsins hér á landi og við endurskipulagningu stórra fyrirtækja. Sama má segja um viðbrögð þeirra í gjaldeyrishöftum.

Margir hallast að því að lífeyrissparnaður landsmanna sé of mikill miðað við stærð hagkerfisins. Það má til sanns vegar færa að svo sé og að lífeyrissjóðakerfið sé komið að tímamótum hvað þátttöku á innlendum fjármálamarkaði varðar. Í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við og eru með stór lífeyrissjóðakerfi, til dæmis Hollandi og Danmörku, leggja lífeyrissjóðir ekki mikla áherslu á fjárfestingar innanlands. Fjárfestingaumhverfi þeirra er alþjóðlegt með mikla áhættudreifingu og sjóðirnir mun stærri en lífeyrissjóðir hér á landi.

Erfitt er að sjá fyrir sér skjótvirkar aðgerðir sem geta dregið úr umsvifum íslenskra lífeyrissjóða á innlendum fjármálamarkaði. Það dregur til dæmis lítið úr umsvifum að lækka iðgjöld. Lífeyrissparnaður er orðinn það mikill að árleg endurfjárfesting er nálægt framboði innlendra verðbréfa og hvert prósent í árlegri ávöxtun hækkar eignir í vörslu lífeyrissjóðanna um 50-60 ma.kr. Ef draga á úr umsvifum sjóðanna á innlendum fjármálamarkaði þarf það að vera gert með hagstjórnartækjum og tilmælum sem taka mið af hagsmunum samfélagsins og sjóðfélaga til langs tíma. Þar geta komið fram margar lausnir sem henta einstökum lífeyrissjóðum misjafnlega enda eru þeir ólíkir hvað við kemur stærð og uppbyggingu. Stórauknar fjárfestingar í innviðum í samstarfi við opinbera aðila og eða einkaaðila henta sjóðunum vel sem langtíma fjárfestum. Slíkar fjárfestingar munu að nokkru leyti draga úr umsvifum þeirra á innlendum fjármálamarkaði. Aukin fjárfesting í erlendum gjaldmiðlum getur að sama skapi dregið úr innlendum umsvifum sjóðanna. Tímabært er að skoða hvort ekki sé skynsamlegt að setja lágmarkshlutdeild (gólf) í stað hámarks á þær fjárfestingar.

Skoðanir sem settar eru fram í greininni eru hans eigin og lýsa ekki endilega afstöðu Seðlabanka Íslands.

Lífeyrissparnaður 30. júní 2020

Milljarðar króna

	Samtrygging	Séreign	Þar af erlend. gjaldm.
Ríkisvíxlar og skuldabréf (A.a)	994	139	25
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)	575	33	0
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)	178	20	0
Innlán (B.b)	158	214	61
Sértryggð skuldabréf (B.c)	215	72	0
Skuldabr. lánast. og vátr. félaga (C.a)	11	5	0
Hlutd. skírt. og hlutir í UCITS sjóðum (C.b)	1.161	173	1.305
Skuldabr. og peningam. skjöl félaga (D.a)	276	41	9
Skuldabr. og peningam. skjöl annarra sjóða (D.b)	78	8	4
Hlutabréf félaga (E.a)	729	47	204
Hlutdeild. skírt annarra sjóða (E.b)	344	42	262
Aðrir fjármálagerningar (F.b)	3	0	0
Samtals	**4.722**	**794**	**1.870**

FJALLKONAN
KRÁ & KRÆSINGAR
KREISÍ TAKE AWAY
HÁDEGISTILBOÐ
11.30 –15.00

Réttir á
1.500 kr.
og gosdós fylgir með!

Fiskur dagsins
Spurðu okkur hver fiskur dagsins er

Grillað blómkál
Granatepli, perlubygg, spínat- & basilmauk, skyr-tahini, pistasíur

Brokkólíní Charmoula
Grillað brokkólíní, harissa kjúklingabaunir, hvítlaukskrem, grillaður kúrbítur, furuhnetur, græn Charmoula

Grænmetisborgari
Svartbauna- og hnetubuff, parmesan, hoisin sveppir, rauðlaukur, reyktur ostur, trufflu-mæjó, franskar

Lambaborgari
Beikon, sveppa & döðlu duxelle, pikklaður rauðlaukur, pikkluð gúrka, rucola, relish-mæjó, reyktur ostur, franskar

Þú velur svo Pepsi, Appelsín eða Kristal í dós með!

Fleiri réttir á 1.900 kr.

Skoðaðu Take Away seðilinn > **fjallkona.is**
Pantaðu í síma **555 0950**

FJALLKONAN FAGNAR ÞÉR!

fjallkonan.rvk fjallkonan Hafnarstræti 1–3 > **fjallkona.is**

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 4. nóvember 2020

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson

Falskt öryggi

Veröldin býr yfir mörgum hættum. Ein þeirra er öryggið. Þannig komst þýska skáldið Johann Wolfang von Goethe að orði í þýðingu Gyrðis Elíassonar.

Orðin fanga vel samtímann. Ríkisstjórnir reyna að forða þegnum sínum frá COVID-19 með því að takmarka mannlegt samneyti eins og kostur er. Í því skjóli leynast margar hættur. Þjóðfélög verða ekki stöðvuð í lengri tíma án stórkostlegra afleiðinga.

Þess vegna verður að vega og meta á breiðum grunni hvernig best sé að takast á við veiruna. Það hefur ekki verið gert. Viðmiðið er einsleitt: Fjöldi smittilfella. Engu að síður er ekki um lífshættulegan sjúkdóm að ræða, dánartíðnin er einungis lítillega meiri en inflúensu eða um 0,5 til 1,2 prósent. Þótt vissulega séum við ekki búin að bíta úr nálinni með hverjar langtímaafleiðingar af smiti verða. Þeir sem eru í áhættuhópi – einkum aldraðir, sykursjúkir og þeir sem eru í ofþyngd – ættu að gæta sín vel. Það réttlætir þó ekki að aðrir leggist í kör. Ef álagið á sjúkrahús verður of mikið mætti biðja einkageirann um að taka við fráflæðisvandanum.

Aðgerðirnar sem gripið hefur verið til eru of víðtækar. Það þarf að gæta að sóttvörnum. Þær verða hins vegar að vera með þeim hætti, að landsmenn geti ástundað þær til lengri tíma. Það hefur verið leiðarljósið í Svíþjóð. Baráttan verður enda löng. Það er óskhyggja að halda að Íslendingar verði bólusettir í stórum stíl innan skamms.

Samfélagið þarf að fara aftur af stað. Framhaldsskólanemar ættu til dæmis að fá að mæta í skólann alla virka daga, hitta vini og kynnast nýjum. Það er sálarlífinu nauðsynlegt. Ungu fólki stafar lítil hætta af veirunni og mikilvægt að það fái að njóta þess. Að einangra þau er bjarnargreiði.

Svíar eru meðvitaðir um að veiran fer mýkri höndum um ungdóminn. Þegar heimili fara í sóttkví eru grunnskólabörn undanþegin enda er talið að ávinningurinn af skólagöngu þeirra sé meiri en mögulegur skaði af COVID-19.

Við sem samfélag verðum að hætta að nærast á óttanum. Það er til dæmis of mikið að fá tölur af smitum á degi hverjum sem smjattað er á í fjölmiðlum frá morgni til kvölds. Vikulegar tölur væri nóg.

Þjóðfélagið þarf að vera móttækilegt fyrir skoðanaágreiningi um veiruna. Lífleg umræða á opinberum vettvangi er farvegur upplýstra og frjórra samfélaga.

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja keypti í Arnarlaxi

Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax

Einungis tveir lífeyrissjóðir tóku beinan þátt í hlutafjárútboði Arnarlax í síðasta mánuði, eftir því sem Markaðurinn kemst næst. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Gildi. Fram kom í fréttum skömmu fyrir hlutafjárútboðið að Gildi og sjóður á vegum Stefnis, sjóðastýringarfyrirtækis Arion banka, ásamt norskum fjárfesti, yrðu hornsteinafjárfestar í útboðinu. Að því loknu færi félagið á Merkur-markaðinn í kauphöllinni í Osló.

Markaðurinn hafði samband við 15 lífeyrissjóði, aðra en Gildi, og einungis Lífeyrissjóður Vestmannaeyja kvaðst hafa tekið þátt í útboðinu. Hann fjárfesti fyrir 146 milljónir króna. Gildi er annar stærsti hluthafi Arnarlax með 5,5 prósenta hlut. Markaðsvirði hlutarins er um 2,4 milljarðar króna. Þriðji stærsti hluthafinn er Gyða – félag í eigu Kjartans Ólafssonar stjórnarformanns fiskeldisins – með 3,2 prósenta hlut. Markaðsvirði hlutarins er 1,4 milljarðar. – hvj

03.11.2020

Það er enginn áskrifandi að laununum sínum. Það eru gerðar kröfur til allra eins og í öllum öðrum fyrirtækjum. Við höfum sýnt að það er hægt í þessum svokallaða ríkisrekstri.

Birgir Jónsson, fráfarandi forstjóri Póstins



Það skiptir máli að velja íslenskt

Gæðabakstur hefur um árabil boðið Íslendingum upp á hefðbundið brauðmeti ásamt því að vera stöðugt að þróa og bjóða upp á heilsusamlegar vörur í takt við breyttan tíðaranda.

„Framleiðsluvörurnar okkar skipa stóran sess á veisluborðum Íslendinga. Það er varla hægt að hugsa sér hangikjöt án þess að fá flatkökur og laufabrauð með," segir Pétur Guðnason, rekstrarstjóri framleiðslusviðs Gæðabaksturs. „Með því að missa framleiðslu úr landi töpum við þjóðlegum áherslum og hefðum. Íslenska rúgbrauðið er sætt og ég hugsa að Íslendingurinn yrði illa svikinn ef eingöngu væri boðið upp á sólkjarnabrauð með þorrabakkanum."

Pétur Guðnason hjá Gæðabakstri segir sjaldan hafa verið jafn brýnt að velja íslenskt eins og nú. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Í takt við tíðarandann

Hjá Gæðabakstri er lagður metnaður í að bjóða upp á valkosti fyrir ólíka hópa og þarfir viðskiptavina.

„Á þessu ári höfum við lagt mikla áherslu á vöruþróun og þá sérstaklega þegar kemur að lágkolvetnavörum, en það er nauðsynlegt fyrir fólk sem er meðvitað um heilsuna að geta gripið í einfalda kosti þegar það er undir tímapressu. Þarna erum við með lágkolvetnabrauð, flatkökur og bollur sem má einnig nota sem hamborgarbrauð," segir Pétur.

„Í sumar vorum við með vegan kökur og við erum einnig með sykurlausar kökur. Við leggjum okkur fram við að mæta þeim þörfum sem við heyrum að er vöntun á. Þetta er einn af kostum þess að vera í nálægð við kaupendahópinn, með því að vera með framleiðsluna á Íslandi höfum við betri tilfinningu fyrir því hverju markaðurinn er að kalla eftir og getum þannig brugðist við því."

Fólkið í lykilhlutverki

Það sé áríðandi að neytendur séu meðvitaðir um mikilvægi þess að velja íslenska framleiðslu. „Landsmenn ættu að velta fyrir sér þegar staðið er frammi fyrir tveimur valkostum, annar framleiddur á Íslandi en hinn ekki. Hvort verður fyrir valinu og hvaða áhrif hefur það fyrir íslenskt samfélag? Íslenski valkosturinn skapar störf á Íslandi og styður við íslenskt hagkerfi. Við viljum halda atvinnuleysi í lágmarki og með því að velja íslenskt erum við að vernda störfin."

Þannig sé líka hægt að treysta á gæði og ábyrga starfshætti. „Íslensk fyrirtæki bera samfélagslega ábyrgð og við gerum ríkar kröfur til fyrirtækja á Íslandi. Þarna má nefna dæmi um aðbúnað, öryggissjónarmið, velferð og mannúð. Íslensk fyrirtæki fylgja íslenskum kröfum, til dæmis frá Vinnueftirlitinu og Heilbrigðiseftirlitinu, og við erum með jafnlaunavottun sem stuðlar að jafnrétti. Við höfum líka verið á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki síðan 2012 og leggjum áherslu á ábyrgð og aðhald í rekstrinum."

Pétur segir ljóst hvað skipti mestu máli hjá Gæðabakstri. „Vörurnar okkar eru íslenskt handverk. Margir halda að fyrirtæki af okkar stærðargráðu sé keyrt áfram af vélum en hjá okkur er það fólkið sem er í lykilhlutverki."

Klókt að kaupa jólakonfektið snemma

Nói Síríus hefur í heila öld glatt munn og maga Íslendinga með dýrindis súkkulaði. Nói er nýjungagjarn öldungur og færir landsmönnum í sífellu nýjar útfærslur af gómsætu gotterii.

„Það eru mikil forréttindi að fá að vera í hlutverki gleðigjafans og við erum rosalega heppin hvað Nói skipar stóran sess hjá Íslendingum," segir Auðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs hjá Nóa Síríus.

Nói hefur fagnað 100 ára afmæli sínu í ár.

„Það gerði okkur orðlaus hversu margir, ungir sem aldnir, deildu með okkur skemmtilegum minningum um Nóa. Við erum ekki bara að tala um Nóa Kropp, Tópas og Síríus rjómasúkkulaði heldur líka margt sem var áður í vöruvali Nóa, svo sem Brenndur brjóstsykur, Blár Opal og Malta," segir Auðjón sem finnur vel fyrir samhug landsmanna á tímum kórónaveirunnar.

„Við þekkjum öll mikilvægi þess að hafa öfluga innanlandsframleiðslu; ekki bara út af þjóðarskútunni, heldur eigum við öll vini og vandamenn sem vinna við innlenda framleiðslu og sölu. Þetta skiptir okkur öll máli og þegar kreppir að eru Íslendingar snöggir að styðja við íslenska framleiðslu og þjónustu."

Íslenskar vörur standist enda vel samanburð við þær sem koma erlendis frá.

„Við erum heppin með rosalega gott úrval af frábærum, íslenskum vörum og margar hverjar hafa fylgt Íslendingum í áratugi. Slíkt myndi ekki gerast nema íslenski valkosturinn uppfyllti kröfur neytenda," segir Auðjón.

Stuttar flutningaleiðir, innlendur uppruni margra hráefna, góð loftgæði og hrein íslensk orka við framleiðsluna geri það líka umhverfisvænna að velja íslenskt.

„Íslendingar sem búið hafa ytra segja góða sögu um hversu miklu máli íslenskt sælgæti skiptir okkur. Menn fá ættinga eða vini til að senda sér íslenskt nammi, eða redda sér því með öllum ráðum, oft með krókaleiðum. Sjálfur finn ég hversu stoltur ég er að vinna í þessum geira. Innlendir aðilar eru að gera frábæra hluti, standardinn er hár, mikil gæðavitund og virk vöruþróun. Kannski er það nálægðin við neytendur sem heldur mönnum á tánum," veltir Auðjón fyrir sér.

Engin jól án Nóa konfekts

Auðjón er spurður hvort hægt sé að halda jól án þess að eiga Nóa konfekt.

„Það er erfitt að hugsa sér það," svarar Auðjón og hlær við. „Það er líka sérlega mikil stemming fyrir konfektinu í ár, því út af afmælinu komum við með fjóra nýja mola sem hafa vakið mikla lukku. Vegna COVID-19 lentum við í því um páskana að hægja þurfti á framleiðslunni til að uppfylla sóttvarnaskilyrði og því miður gripu margir í tómt í páskaeggjakaupunum á lokasprettinum. Nú eru enn strangari skilyrði sem farin eru draga úr framleiðsluhraða hjá okkur. Ég vona auðvitað að allir fái sitt jólakonfekt en bendi fólki jafnframt á að bíða ekki of lengi með innkaupin því ekki viljum við að fólk komi tómhent heim úr jólainnkaupunum." Láttu freistast á noi.is.

Auðjón Guðmundsson er framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Nóa Síríus.

Íslenskt sælgæti á heimsvísu

Sælgætisgerðin Freyja er elsta starfandi sælgætisgerð á Íslandi stofnuð árið 1918. Freyja hefur séð Íslendingum fyrir sælgæti í rúma öld og hefur haft áhrif á vöruþróun og sælgæti erlendis.

„Fyrstu framleiðsluvörur Freyju voru Valencia súkkulaði og hin klassíska Freyju rjómakaramella sem er enn framleidd og seld í óbreyttri mynd. Hjá Freyju starfa núna um það bil 50 manns. Pétur Thor Gunnarsson framkvæmdastjóri Freyju segir að íslensk sælgætisgerð sé að mörgu leyti einstök.

„Íslensk framleiðsla hefur leitt til vöruþróunar á sælgæti erlendis. Djúpur og Sterkar Djúpur voru sem dæmi fyrsta sælgæti sinnar tegundar en núna finnst sams konar sælgæti víða um Evrópu framleitt af gríðarstórum framleiðendum," segir Pétur.

„Annað dæmi er Hrís sem var framleitt fyrst árið 1933 en framleiðsla á sams konar vörum hófst erlendis árið 1936."

> **Við viljum hvetja landsmenn til þess að velja íslenska framleiðslu.**

Pétur segir íslenskan lakkrís og íslenskt súkkulaði algjörlega einstakt á heimsvísu. Hann segir að hjá Freyju sé lagður gríðarlegur metnaður í framleiðsluna og enginn afsláttur gefinn í framleiðsluferlinu.

„Framleiðslan er mannfrek og eru þær íslensku hefðir sem hafa skapast við framleiðsluna hafðar að leiðarljósi í gegnum allt ferlið," segir hann.



Pétur Thor Gunnarsson segir að íslensk sælgætisgerð sé að mörgu leyti einstök.

„Framúrskarandi gæði og bragð er haft að leiðarljósi. Draumur, Rís, Hrís, Djúpur, Möndlur, Bombur, Djöflar, Villiköttur og Staur eru allt vörur sem eiga íslensku hugviti og þrautseigju tilveru sína að þakka."

Að lokum segir Pétur að þeim hjá Freyju finnist herferð eins og Íslenskt látum það ganga vera gríðarlega mikilvæg.

„Við viljum hvetja landsmenn til þess að velja íslenska framleiðslu af því að íslenskt skiptir þjóðina svo miklu máli. Íslensk framleiðsla og handverk eru ekki bara efnahagslega mikilvæg heldur menningarlega einnig."

Eru í fjargöngusambandi

Heiðrún Hauksdóttir hefur lengi stundað útivist á borð við göngur og sjósund. Hún fer reglulega í gönguferðir með vinkonu sinni, þó að þær séu raunar staddar hvor í sínum landshlutanum.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Heiðrún er búsett í Kópavogi en vinkona hennar, Olga Marta Einarsdóttir, býr á Einarsstöðum í Reykjadal þar sem hún er sauðfjárbóndi og hestakona. „Við höfum lengi þekkst og í vor fékk ég meðal annars að taka sauðburðarvaktir hjá henni í sveitinni. Við höfum oft farið saman í göngur, en í haust fór Olga í úrvinnslusóttkví og þá kom upp sú hugmynd að við myndum ganga hvor sína leiðina en tala saman í síma á meðan. Við höfum haldið þessu áfram og eigum stefnumót alla mánudagsmorgna, ég í Kópavogi og hún Reykjadal. Við ákváðum að „hittast“ fyrir hádegi svo við getum nýtt birtuna. Þetta fyrirkomulag hvetur mig til að fara út að hreyfa mig, því ég vil ekki skrópa og láta Olgu ganga eina,“ segir Heiðrún glaðlega.

Þær eru báðar með þráðlaus heyrnartól en gæta fyllsta öryggis, eins og að hlusta eftir umhverfishljóðum. „Við förum gjarnan í stafagöngu og göngurnar eru yfirleitt í lengri kantinum, enda líður tíminn fljótt í góðum félagsskap. Það er líka öðruvísi að tala saman í síma á göngu en heima við eldhúsborðið,“ segir Heiðrún, sem telur þetta tilvalda leið til að halda góðu sambandi við vini og ættingja, nú þegar allir þurfa að leggjast á eitt til að kveða niður kórónaveirufaraldurinn og fáir mega hittast.

Á Snæfellsjökli í maí. „Ég gekk á jökulinn með Fyrsta skrefinu, en hitti sveitunga út Reykjadalnum í Þingeyjarsveit á toppnum, sem voru þar með öðrum hópi,“ segir Heiðrún glöð í bragði eftir útiveruna á jöklinum.

Heiðrún Hauksdóttir er mikil sjósundkona og synti í Skjálfandaflóa í sumar. Hér er hún í fjörunni við Saltvík. MYNDIR/AÐSENDAR

„Ég held utan um gönguferðirnar með Strava-appinu, en þá sé ég bæði hvað þær eru langar og hversu hratt ég geng. Það er hvetjandi að sjá árangurinn,“ segir Heiðrún.

Þegar hún er spurð um skemmtilegar gönguleiðir segist hún helst ganga um Fossvogsdalinn, Elliðárdalinn eða nokkra hringi í kringum Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði. „Ég er líka í nokkrum gönguhópum en þeir eru allir í fríi núna út af COVID-19. Með þeim fer ég á fjöll og í vor gekk ég á Snæfellsjökul,“ upplýsir Heiðrún.

Gleðin í sjónum

Heiðrún stundar einnig sjósund af miklum krafti sér til heilsubótar. „Fyrir sex árum var ég búin að eiga við heilsuleysi að stríða. Um það leyti byrjaði ég að ganga með Veseni og vergangi til styrkja mig og fá betra úthald. Þar kynntist ég fólki sem setti mig inn í sjósundið. Sem krakki hafði ég leikið mér að því að synda í Reykjadalsánni, en ég ólst upp á Laugum í Þingeyjarsveit. Á menntaskólaárunum fór ég sem skiptinemi til Bandaríkjanna og synti í vötnum í Klettafjöllunum. Ég hafði samt ekki hug á að prófa sjósund og það tók mig meira en tvo mánuði að undirbúa mig andlega fyrir fyrstu sundtökin,“ segir Heiðrún.

Eftir fyrstu sjósundferðina varð ekki aftur snúið og á afrekslistanum eru meðal annars sundferðir út í Viðey og til baka og Helgusund í Hvalfirði. Í fyrravor þreyttu Heiðrún og Magnea Hilmarsdóttir svokallað Alcatrazsund, fyrstar íslenskra kvenna, en þær syntu um tveggja kílómetra leið í land frá fangelsiseyjunni Alcatraz, utan við San Fransiscó í Kaliforníu. „Ég var í stjórn Sjór og tók þátt í að skipuleggja viðburði í sjósundinu en vegna COVID-19 er það allt í pásu. Við Sigrún Þ. Geirsdóttir, sem hefur t.d. synt yfir Ermarsundið, höfum haldið sjósundnámskeið fyrir hópa undir nafninu Gleðin í sjónum. Við vorum meðal annars í samstarfi við Fyrsta skrefið hjá Ferðafélagi Íslands og fylgdum fólki í sjósund, það er leiðbeindum og vorum því til halds og trausts. Það er mikil gleði að fara í sjóinn og gott fyrir líkama og sál. Auk þess gerir sjósundið fjallgöngurnar auðveldari,“ segir Heiðrún, sem býður upp á einstaklingfylgd í sjósund þar sem fyllstu sóttvarna og reglunni um tveggja metra fjarlægð er fylgt. Hún vonast til að þær Sigrún geti haldið áfram með sjósundnámskeið fyrir hópa með vorinu. „Ég hlakka til, enda er svo gaman og gefandi að sjá fólk ná því að leggjast til sunds. Það gefur fólki svo mikið og gleðin sem fólk upplifir er stórmögnuð.“

> **Fyrir sex árum hafði ég átt við heilsuleysi að stríða. Um það leyti byrjaði ég að ganga með Veseni og vergangi til styrkja mig og fá betra úthald.**

Í Rjúpnaveiðina

FRÍ HEIMSENDING
ef verslað er fyrir meira en
kr. 10.000

Baikal MP-27-M-M1C 12ga Tvíhleypa

kr. 99.900

Franchi Affinity 3 Synth Max5

kr. 169.900

Bettinsoli Xtrail
Vönduð tvíhleypa frá Bettinsoli á Ítalíu

kr. 167.900

Deerhunter Strike göngubuxur
rúnar eða Svartar

kr. 13.900

Haglaskot
42 gr. no.5

kr. 3.290

Haglaskot
36 gr. no.5

kr. 2.790

Noblex 10x25
handsjónauki

kr. 29.900

Deerhunter
Cumberland húfa

kr. 2.890

ALPS Outdoor Rjúpnavesti

kr. 13.950

Olympia Merino ullarbolur

kr. 7.290

Olympia Merino ullarbuxur

kr. 6.490

Tenzing TZ BV16 Rjúpnavesti

kr. 35.900

Legghlýfar

kr. 10.900

Hot Shot Sharptail Skotvettlingar

kr. 8.900

LifeSystems Varmapoki

kr. 2.990

Bushnell H2O Handsjónauki
10x25

kr. 14.900

Broddar

kr. 8.900

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur

spotdoc
Burt með bólurnar
Íslenskt undir sjávarensíma

gott cbd
gott fyrir þig

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

SAMSUNG QLED

FULLKOMIN GÆÐI Í HLJÓÐI OG MYND



QLED Q95

Stærðir 55" 65" 75"

"Eitt af okkar allra flottasta QLED tæki með Direct Full Array og Anti Reflection tækni.
Tækið nýtur sín einstaklega vel í björtu rými sem og dimmu."

- ORMSSON

QLED Q80

Stærðir 49" 55" 65" 75" 85"

QLED Q74

Stærðir 55" 65" 75" 85"

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

4. NÓVEMBER 2020 MIÐVIKUDAGUR

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Amalía Berndsen

Lundi 7, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 18. október.
Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju í dag klukkan 15. Í ljósi aðstæðna munu einungis þeir nánustu vera viðstaddir. Útförinni verður streymt á streyma.is/utfor. Sálmaskrá verður aðgengileg á vefslóðinni. Einnig verður hægt að nálgast sálmaskrá í anddyri Seltjarnarneskirkju á útfarardegi.

Sveinbjörn Þór Haraldsson
Inga Björk Sveinbjörnsdóttir **Ágúst Heiðdal Friðriksson**
Haraldur Þór Sveinbjörnsson **Edda Þöll Hauksdóttir**
Berglind Berndsen Sveinbjörnsdóttir **Steinar Valur Ægisson**
og barnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Helgi Árnason

Boðaþingi 18, 203 Kópavogi,

lést á heimili sínu að morgni fyrsta nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

Anna Konráðsdóttir
Kristín Helga Gísladóttir **George Sebastian Mikaelsson**
Guðmundur Víðir Gíslason **Ellen Elíasdóttir**
Konráð Valur Gíslason **Sif Sveinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Valdimar Jónsson

skipasmiður og fv. yfirlögregluþjónn,

lést í faðmi ástvina sinna á heimili sínu í Hafnarfirði föstudaginn 23. október.
Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 13. Aðeins nánustu aðstandendur verða viðstaddir en streymt verður frá athöfninni á: https://youtu.be/2adWDzQ22rs
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins eða Hjartaheill.

Aðalheiður Halldórsdóttir
Jóhanna Valdimarsdóttir **Grétar Örn Marteinsson**
Anna Valdimarsdóttir **Guðmundur Örn Jónsson**
Halldóra Klara Valdimarsdóttir **Jónatan Guðnason**
Margrét Guðrún Valdimarsdóttir
og fjölskyldur.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristján H. Erlendsson

Hátúni 2, Reykjanesbæ,

varð bráðkvaddur laugardaginn 17. október.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Sigurbjörg Hallsdóttir
Sædís Kristjánsdóttir **Ómar Ingi Tryggvason**
Björgvin Kristjánsson
Arnór Darri, Sölvi Freyr og Eydís.

†

Alfreð Alfreðsson

tónlistarmaður

er látinn. Útförin mun fara fram í kyrrþey. Þeir sem vilja fá upplýsingar um útför er bent á að senda fyrirspurnir á alfred.minning@gmail.com

Ættingjar hins látna.

Efnið kallaði á mig og ég varð að skrifa það

Þær eru brautryðjendur í vísindum, jafnrétti, íþróttum, listum og landkönnun, konurnar sem Nína Björk Jónsdóttir fjallar um í bókinni Íslandsdætur. Sú fyrsta nam hér land og sú síðasta varð markahæsti leikmaður íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta.

„Þegar ég var búsett erlendis í sjö ár með börnin mín tvö var ég alltaf að segja þeim frá Íslandi og útskýra fyrir þeim margt sem þau fóru á mis við, því þau voru auðvitað í erlendum skóla. Ég kepptist við að kenna þeim Íslandssöguna og lesa og lesa. Þá áttaði ég mig þá á því hversu lítið er minnst á konur í sögunni nema sem eiginkonur, dætur, systur eða ástkonur karla. Mér fannst nauðsynlegt að dusta af konunum rykið og segja Íslandssöguna út frá þeim, þannig að ég varð að skrifa þetta. Efnið kallaði svo sterkt á mig að ég hafði ekkert val.“

Þannig lýsir Nína Björk Jónsdóttir tildrögum þess að hún skrifaði bókina Íslandsdætur, sem er nýkomin út hjá Sölku. Hún er forstöðumaður viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins sem aðstoðar íslensk fyrirtæki við útflutning vöru og þjónustu. Dvöl hennar erlendis tengdist starfi hennar, fyrst í París og svo í Genf, sem staðgengill sendiherra.

Nína Björk segir konurnar í nýju Íslendingasögunni hafa verið hennar helsta félagsskap í fyrstu bylgju faraldursins í vor, auk barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ekkert sjónvarp í átta mánuði

Nína Björk kveðst hafa haft gaman af skrifum frá því hún var lítil stelpa, en Íslandsdætur sé það fyrsta sem hún gefur út. „Ég hef skrifað nokkur leikrit sem áhugaleikfélög hafa sett upp en nú fór ég að sanka að mér efni um íslenskar konur sem höfðu skarað fram úr á einhvern hátt á öllum tímum og búa til lista. Hugsaði: Hver var fyrsta konan sem varð flugmaður? fyrsta leikkonan? skáldkonan? og þannig áfram. Ég las allt um konur sem ég komst í og þurfti að hafa dálítið fyrir því að finna konur frá ákveðnum tímabilum.“

Verkefnið sat á hakanum um tíma, að sögn Nínu Bjarkar. „Ég flutti heim til Íslands í fyrrasumar en alltaf voru konurnar að minna á sig þó ég drægi endalaust að halda áfram að skrifa. Svo fór ég á ball í Iðnó í janúar síðastliðnum og hitti þar útgefanda hjá Sölku úti á dansgólfinu. Ég vék mér að henni og spurði hvernig henni litist á hugmyndina mína. Nokkrum dögum síðar var ég komin með vilyrði um að ef ég myndi klára bókina myndi Salka vera tilbúin að gefa hana út. Þá var komin alvara í málið og ég tók fyrir eina konu í einu. Horfði ekki á sjónvarp í átta mánuði og allur minn frítími fór í þetta verkefni, en það var engin kvöl því mér fannst svo skemmtilegt að kynnast öllum þessum konum betur og læra margt í leiðinni. Þær voru, auk barnanna minna, minn félagsskapur í kófinu!“



Allar voru börn og unglingar

Eftir efnisyfirlit og inngang hefst bókin á frásögn um Hallveigu Fróðadóttur sem flutti til Íslands um 870, ásamt manni sínum Ingólfi Arnarsyni. Lokakaflinn fjallar um Margréti Láru Viðarsdóttur markadrottningu. Á milli þeirra eru 42 konur. Hver og ein fær eina opnu með texta öðrum megin og teikningu hinum megin, sem myndlistarkonan Auður Ýr Elísabetardóttir á heiður af.

„Auður Ýr nær persónuleika kvennanna vel og gefur þeim öllum sitt einstaka og fallega útlit,“ segir Nína Björk og heldur áfram. „Ég vona að börn sem lesa og skoða bókina átti sig á því að allar þessar konur voru líka börn og unglingar einu sinni, áttu sína drauma og vildu prófa ýmislegt. Ég reyndi að hafa þær sem víðast að af landinu og úr ólíkum geirum, úr vélageiranum og iðngreinum, íþróttum, stjórnmálum, listum, vísindum, ritmenningu, og því ættu öll börn og sérstaklega stúlkur að geta fundið konur sem höfða til áhugasviðs þeirra,“ segir Nína Björk og kveðst vona að lesendur eigi eftir að skemmta sér jafn vel við lesturinn og hún gerði við skriftirnar. „Saga Íslands kemur einnig svo sterkt fram í gegnum sögu kvenna, hvort sem það er landnámið, Sturlungaöldin, enska öldin, Móðuharðindin, flutningar Íslendinga til Vesturheims eða menning síðustu ára,“ bendir hún á. „Allt blandast þetta og hefur áhrif á líf kvennanna.“

Svo fór ég á ball í Iðnó í janúar síðastliðnum og hitti þar útgefanda hjá Sölku úti á dansgólfinu. Ég vék mér að henni og spurði hvernig henni litist á hugmyndina mína.

gun@frettabladid.is

PARTÝBÚÐIN

FAXAFEN 11

Yfir 40
barnaafmælisþemu

Skemmtileg jólavara
væntanleg

NÝ NETVERSLUN!

www.partybudin.is

Fáðu sent eða sæktu í verslun

Settu saman þinn
blöðruvönd

Áramótaskraut,
hattar, grímur ofl
væntanlegt

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 °C | 8 ↗	8 °C | 17 ↗	11 °C | 16 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
10 °C | 5 ↑	7 °C | 2 ↙	6 °C | 15 ↗

Hvassviðri eða stormur í dag, en heldur hægari SV-lands. Víða rigning, einkum vestantil en dregur úr vætu síðdegis. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast á Austfjörðum.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
10 °C | 9 ↑	5 °C | 9 ↗	8 °C | 2 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
6 °C | 1 ↘	5 °C | 2 ↙	1 °C | 10 ↑

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 7 ↑	4 °C | 5 ↑	4 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
6 °C | 3 ↑	5 °C | 5 ↑	-1 °C | 8 ↑

LÉTT

7		3		2		9	6	5
	1						2	
	5	6			3		8	
4			9	5	1			
					7	1	4	2
3							7	
			8			2		
5	7		3	4		6		8
	4		2			3		

MIÐLUNGS

			2			3	1	7
					4	2		
1							4	
5					9			1
	6				8		7	
		9	6	2			8	4
6		5	7	3				
	3		8					5
		8	9	5	6			

ÞUNG

	2				5			4
4			8			7		
		8			6	5		
		9		1		8		5
	4	7			8			6
2								
			2			3		
1			6		7			
	3			8		9		

Krossgáta

LÁRÉTT
1 kjaft
5 seinka
6 málmur
8 rugla
10 í röð
11 skurðbrún
12 ferlirit
13 hljóðfæri
15 tímaeining
17 hamla

LÓÐRÉTT
1 dreifður
2 hnarreist
3 eldstó
4 sníða
7 bæta
9 ske
12 hrjúf
14 tæpa
16 verkfæri



LÁRÉTT: 1 skolt, 5 tef, 6 al, 8 ringla, 10 jk, 11 egg, 12 graf, 13 íyra, 15 jósar, 17 aftra
LÓÐRÉTT: 1 strjail, 2 keik, 3 ofn, 4 tálga, 7 lag-færa, 9 gerast, 12 grof, 14 ýla, 16 ár

Skák

Gunnar Björnsson

Í næstu skákdálkum munum við sýna stöðumyndir úr hinum mögnuðu þáttum Queen's Gambit á Netflix.

9. Dd8#!! Kxd8 10. Bg5+ Kc7 (10...Ke8 11. Hd8#). **11. Bd8# 1-0.** Þessi stöðumynd kom upp í fyrsta þætti og er úr skák Réti og Tartakover frá 1910. Róbert Lagerman sigraði á Haustmóti Vinaskákfélagsins sem fram fór í fyrradag. Óskar Maggason varð annar og Elí Frímannsson þriðji.
www.skak.is: Uppfærð móta-dagskrá SÍ

Hvítur á leik

2	8	1	5	7	3	9	6	4
9	6	5	4	1	2	8	3	7
7	3	4	6	8	9	5	1	2
6	1	2	9	5	8	7	4	3
8	4	7	2	3	1	6	5	9
3	5	9	7	4	6	1	2	8
1	7	8	3	6	4	2	9	5
4	9	6	8	2	5	3	7	1
5	2	3	1	9	7	4	8	6

3	8	4	7	2	5	9	1	6
9	5	1	3	8	6	4	7	2
6	2	7	9	1	4	5	8	3
8	7	5	1	6	9	2	3	4
1	9	2	4	7	3	6	5	8
4	3	6	2	5	8	7	9	1
7	1	8	5	4	2	3	6	9
2	6	3	8	9	7	1	4	5
5	4	9	6	3	1	8	2	7

3	7	6	1	4	8	2	5	9
9	5	4	2	6	7	3	8	1
8	1	2	9	3	5	7	4	6
4	6	8	3	7	9	5	1	2
5	2	9	4	8	1	6	3	7
7	3	1	5	2	6	4	9	8
1	9	3	6	5	2	8	7	4
2	8	5	7	1	4	9	6	3
6	4	7	8	9	3	1	2	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Framtíðin er í okkar höndum

BÆKUR

Gullfossinn

★★★☆☆

Sigrún Eldjárn

Útgefandi: Mál og menning
Fjöldi síðna: 218

Sigrún Eldjárn fagnar í ár fjörutíu ára höfundarafmæli sínu og er sennilega einn afkastamesti og fjölhæfasti rithöfundur landsins. Eftir hana eina liggja meira en 60 titlar fyrir börn á öllum aldri og 15 ljóðabækur til viðbótar þar sem bróðir hennar Þórarinn Eldjárn yrkir ljóðin en Sigrún myndskreytir, að ógleymdum öllum þeim fjölda verka annarra höfunda sem hún hefur myndskreytt. Hún er einnig einn afkastamesti þríleikjahöfundur landsins, og má þar nefna Safnabækurnar, Eyjubækurnar og sögurnar frá Skuggaskeri.

Gullfossinn er einmitt síðasta bókin í þríleik sem hófst með Silfurlyklinum en fyrir hann hlaut Sigrún Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barnabóka árið 2018. Kopareggið kom svo út í fyrra.

Í Gullfossinum höldum við áfram að fylgjast með systkinunum Sumarliða og Sóldísi, foreldrum þeirra og Karitas og Mána vinum þeirra, og tilraunum þeirra til að skapa sér betra líf í framtíðarheimi þar sem siðmenningin eins og við þekkjum hana virðist því sem næst liðin undir lok.

Bókin spinnur áfram þá þræði sem var fitjað upp á í fyrstu bókinni, gagnsleysi tækjanna sem stjórna lífi okkar í nútímanum, hvað raunverulega skiptir máli í heiminum, vináttu, samstöðu og virðingu fyrir umhverfinu. Ýmsir varasamir sprotar úr okkar heimi hafa þó einnig lifað af, einhvers konar sambland af Gróu á Leiti og Merði Valgarðssyni hoppar um á kengúrupriki, færir falsfréttir og efnir til illdeilna og sauðmeinlausi sölumaðurinn er ekki meinlausari en svo að hann leggur strax og færi gefst hald á auðlindir og lætur í skiptum fyrir vinnuafl.

Vatnið og verðmæti þess kemur töluvert við sögu og einnig er bókasafnið úr fyrri bókum nýtt til lestrarkennslu sem aftur verður til þess að nýr fróðleikur og þekking verður til í samfélaginu. Þá grípur höfundur tækifærið og kennir lesendum nokkra latínufrasa og tengir þá inn í söguna á sterkan og skemmtilegan hátt.



Bókin er, eins og fyrri bækurnar, einstaklega fallegur gripur enda Sigrún jafnvíg á form og orð og einstaklega fær í að láta myndir og texta spila saman. Sem dæmi má nefna að nokkrar persónur skipta með sér sjónarhornum og skiptir textinn litum eftir því hver þeirra hefur orðið. Pappírinn er þykkur svo fallegar litmyndirnar njóta sín og bæta oft við söguna sem er aðalsmerki góðra myndskreytinga.

Þríleiknum lýkur með orðunum „Framtíðin er í okkar höndum!“ sem eru bæði skilaboð og hvatning til ungra lesenda.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Gullfossinn sver sig í ætt við hinar tvær bækurnar í þessum þríleik, létt og skemmtileg aflestrar en full af fóðri fyrir ört stækkandi barnaheila.

Freyja í Hofi

Myndlistarkonan Freyja Reynisdóttir opnar sýninguna Sannleiksbreytur laugardaginn 7. nóvember í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri klukkan 16.

Auk fjölda sýninga hér á landi hefur Freyja sýnt verk sín, bæði á einka- og samsýningum, í Danmörku, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi og á Spáni. Þá er hún einn af stofnendum Kaktus listasamsteypunnar á Akureyri.

Sýningin í Hofi stendur til og með 10. janúar 2021.

Verk eftir Freyju.
MYND/MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR.

Fyrirlestur um Nóbel

Fyrirlestur í fyrirlestraröð Vísindafélags Íslands um nóbelsverðlaunin 2020 fer fram á Zoom í dag, miðvikudaginn 4. nóvember, og hefst klukkan 12. Þar greinir Sigríður Rut Franzdóttir, dósent í líffræði við Líf – og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands frá rannsóknum nóbelsverðlaunahafanna í efnafræði 2020, þeirra Emmanuelle Charpentier og Jennifer A. Doudna sem gerðu þýðingarmiklar uppgötvanir sem gjörbreyttu rannsóknum á lífvísindum en þetta er í fyrsta sinn sem tvær konur hljóta verðlaunin.

Hlekkur verður aðgengilegur að morgni miðvikudags á Facebook-viðburðinum „Upphafið að CRISPR byltingunni“ og á heimasíðu Vísindafélagsins, visindafelag.is.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16

SIR ARNAR GAUTI

Lifandi og skemmtilegur lífsstílsþáttur
með Arnari Gauta á Hringbraut,
á fimmtudögum kl. 21:30.

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
HÚSASMIÐJAN
HRINGBRAUT

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttaþáttur á miðvikudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2006 - 2007
10.00 Guðrún Sóley grillar
10.05 Pöndurnar koma - Kafloðnir diplómatar
10.45 Bækur sem skóku samfélagið
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum
12.00 Aukafréttatími - Úrslit forsetakosninga í Bandaríkjunum
12.20 Heimaleikfimi
12.30 Kona er nefnd Hulda Stefánsdóttir
13.05 Viktoría
13.55 Gettu betur 2018 MR - MH
14.55 Kanarí
15.10 Á tali hjá Hemma Gunn 1993-1994
17.10 Rétt viðbrögð í skyndihjálp Aðskotahlutur í hálsi
17.20 Poppkorn 1987
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hrúturinn Hreinn
18.08 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ, Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Veður
19.30 Ísland - Litháen Undankeppni EM karla í handbolta Bein útsending frá leik í undankeppni EM karla í handbolta.
21.25 Kiljan
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Aðdragandi byltingar. Russia 1917. Countdown to Revolution
23.20 Fyrstu Sviarnir. De första svenskarna
00.20 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.30 European Tour 2020 Útsending frá Italian Open.
12.00 PGA Tour 2020 Útsending frá Bermunda Championship.
15.00 PGA Highlights 2020
16.00 LET Tour 2020 Bein útsending frá Omega Dubai Moonlight Classic.
19.00 Champions Tour Highlights
19.50 European Tour 2020 Útsending frá Aphrodite Hills Cyprus Open.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Single Parents
14.25 The Block
15.25 90210
15.25 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 American Housewife
20.00 The Block
21.00 Nurses
21.50 68 Whiskey
22.35 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Blue Bloods
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Tommy
02.30 How to Get Away with Murder
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Beethoven. Byltingarmaður tónlistarinnar
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta. Silja Bára Ómarsdóttir
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus (17 af 32)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.10 Two Brothers
12.55 The Apollo
14.30 Gamba
16.05 Two Brothers
17.45 The Apollo
19.25 Gamba
21.00 Blindspotting Gamanmynd frá 2018. Colin þarf að komast í gegnum síðustu þrjá dagana á skilorðinu, til að eiga möguleika á því að byrja nýtt líf.
22.30 Chloe and Theo
23.50 Greta
01.30 Blindspotting

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Feðgar á ferð
10.25 Masterchef USA
11.05 Brother vs. Brother
11.45 Fósturbörn
12.05 Stelpurnar
12.35 Nágrannar
12.55 Falleg íslensk heimili
13.25 Á uppleið
13.50 Grand Designs
14.40 Gulli byggir
15.00 Hvar er best að búa ?
15.35 Three Identical Strangers
17.05 Stelpurnar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Víkinglottó
19.10 Ísbíltúr með mömmu
19.35 10 Years Younger in 10 Days
20.25 Secrets of Sleep
21.15 The Undoing
22.10 Sex and the City
22.40 Barry
23.15 LA's Finest 2
00.00 NCIS. New Orleans
00.45 Cheat
01.30 Cheat
02.15 Ballers
02.40 Ballers
03.05 The Bold Type
03.45 The Bold Type

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Splitting Up Together
21.05 Warrior
21.55 His Dark Materials
22.55 High Maintenance
23.20 Ríkið
23.45 Friends
00.05 Friends
00.30 Splitting Up Together

STÖÐ 2 SPORT

08.15 Víðir Reynisson, Frikki Dór og Jón Jónsson Fjölbreytt og skemmtileg þáttaröð þar sem Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Birgir Leifur Hafþórsson munu verða Hlyni Sigurðssyni innan handar í að kenna kylfingum allt um golfíþróttina.
08.45 Hafdís Jónsdóttir og Birgitta Líf Björnsdóttir
09.10 Vilhelm Neto, Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson
09.35 Gunnar Helgason, Ragnheiður R, og Edda Hermannsdóttir
10.05 Lóa Pind, Rúnar Kristinsson og Ólafur Kristjánsson
10.40 Eva Ruza, Ingó Veðurguð og Rikki G.
11.10 Atli Fannar og Axel Bóasson
11.40 Magnús Scheving, Kjartan Már Kjartansson
12.10 Seinni bylgjan - karla
13.25 Football League Show
13.55 Spænsku mörkin
14.50 Valur - HJK Helsinki Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu kvenna.
16.55 Keflavík - Grindavík
18.35 Ítölsku mörkin
19.25 1 á 1 með Gumma Ben. Rúnar Páll Sigmundsson
19.50 Leipzig - PSG Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
21.55 Akureyri
22.25 Reykjavík
23.05 Manstu eftir Manchester United
23.45 Manstu eftir Liverpool
00.25 Barcelona - Dynamo Kiev

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

MAGNAÐUR LESTUR!

TILBOÐSVERÐ:
5.299.-
Verð:
6.999.-





BÓKADÓMUR
★★★★★
-MBL
SG / Morgunblaðið

**„Einn snjallasti glæpasagna-
höfundur sinnar kynslóðar."**
The London Sunday Times

Þagnarmúr

Margslungin og spennandi glæpasaga um ofbeldi og varnarleysi, stórar fórnir og afdrifaríkar misgjörðir.

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 5. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Þrándur málar dægurlög í drepsótt

Listmálarinn **Þrándur Þórarinsson** situr ekki með pensla í skauti í drepsóttinni, eins og hann kallar kófið, og hefur nú þegar málað tugi mynda sem sækja innblástur í sígild popplög og þekktar dægurflugur. Á striganum dansar hann meðal annars við Abba og skapar magnaða sýn á Serbann hans Bubba.

Myndlist mín einkennist öðru fremur af frásögn, hið svokallaða narratífa málverk er mínar ær og kýr, og hef ég sótt efnivið í þjóðsögur, fornsögur, sögulega viðburði eða fabúlerað einhvern hjáveruleika uppúr sjálfum mér," segir listmálarinn Þrándur Þórarinsson sem hefur undanfarið tekið snúning á striga á þrjátíu popplögum eða svo.

„Eins og gefur að skilja auðveldar það fólki að ná tenginu við málverk ef innhald þess er því kunnugt og stendur því nærri. Flestir sem eru komnir til vits og ára ættu að þekkja þessi lög og mér þótti því gráupplagt að mála myndir af þekktum dægurlögum," heldur Þrándur áfram og segist líta á þessa tónlist sem einhvers konar menningarlega sameign.

AÐ VÍSU SNÚAST VEL FLEST DÆGURLÖG UM ÁSTIR EÐA TILFINNINGALÍF EN ÞÓ ERU NOKKUR INN Á MILLI SEM DRAGA UPP SKÝRA MYND EÐA FRÁSÖGN SEM MÁ YFIRFÆRA Á TVÍVÍÐAN FLÖT.

„Að vísu snúast vel flest dægurlög um ástir eða tilfinningalíf en þó eru nokkur inn á milli sem draga upp skýra mynd eða frásögn sem má yfirfæra á tvívíðan flöt. Í upphafi einblíndi ég helst á þessi lög en eftir sem liðið hefur á hef ég valið mér lög ögn frjálslegar."

Þrándur segist enn vera að mála dægurlög enda sé lengi hægt að malla í popptónlistinni. „Eins og staðan er núna er ógerningur að fullyrða nokkuð um hvenær þessar myndir verða sýndar, en það verður annað hvort fyrr eða síðar," fullyrðir listamaðurinn ákveðinn og lætur þess getið í framhjáhlaupi að til standi að gefa myndirnar út á bók.

Á meðan málverkasýningar þykja sóttvarnarlegt glapræði er hægt að skoða þessi verk og fleiri í seríunni á Instagram á @thrandur_thorarinson. **toti@frettabladid.is**

Venus As A Boy

Ekki þótti mér annað tækt en að mála lag eftir Björk og þar sem ég er afar hneigður til endurreisnarlistar setti ég mig ekki úr færi að gera Venusarmynd. Þar gafst mér jafnframt færi á að mála sjálfan mig sem helsta kyntákn vestrænnar menningarsögu og varð vitaskuld að setja mig í samband við mína kvenlegu hlið við gerð myndarinnar.



Serbinn

Nánar tiltekið upphafslína lagsins: „Spegilmyndir í votu malbiki, öskur trúðsins í nóttinni." Við gerð þessa verks varð ég að breyta út af vananum. Mála spegilmyndina, það er trúðinn, fyrst og klóra mig svo fram úr restinni.

Waterloo

Hér er á ferðinni sannkallað búningadrama, eða periódu-mynd. Að vísu er hér tvennum periódum teflt saman. Annars vegar Naflajónsstríðunum og svo diskótímabili áttunda áratugarins. Þótti mér þessi tímabil eiga ágæta samleið og því upplagt að skeyta þeim saman í einni og sömu myndinni.



I Shot the Sheriff

Líta má á þetta verk sem stuðningsyfirlýsingu við baráttu hörundsdökkra, sem hafa búið við ofríki lögreglu frá ómunatíð vestanhafs. Það hefur lítið batnað á þeim tæpu fimmtíu árum sem liðin eru frá útgáfu lagsins 1973. Tuttugu árum síðar gerði Ice-T garðinn frægan með smellinum Cop killer, sem sótti á sömu mið.

Þrándur Þórarinsson sækir innblástur til þekktra dægurlaga sem hann segist líta á sem einhvers konar menningarlega sameign sem allir sem komnir eru til vits og ára eigi að þekkja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

I Will Always Love You

Verkið er vísun í vangadansinn í kvikmyndinni The Bodyguard frá 1992 þar sem poppdrottningin Whitney Houston steig í vænginn við lífvörð sinn, leikinn af Kevin Costner. Á málverkinu er honum skipt út fyrir Dolly Parton sem samdi og flutti umrætt lag á því herrans ári 1973.

ht.is

58

VIÐ ERUM 58 ÁRA

SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á HT.IS

— NETAFMÆLISTILBOÐ —

ALLT AÐ 58% AFSLÁTTUR

AÐEINS Í NETVERSLUN – FRÍ HEIMSENDING!*

GILDIR 4.-8. NÓVEMBER EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

*AFHENDINGARLEÐIR ERU BREYTILEGAR EFTIR STAÐSETNINGU OG STÆRÐ PÖNTUNAR. NÁNAR Á HT.IS

Heimilistæki

LÝKUR FIMMTUD, 5. NÓV.

Við eigum afmæli og nú er veisla

Við sendum þér vörurnar frítt hvort sem þú kaupir á dorma.is eða í DORMA-verslun



Láttu drauminn rætast
SENDUM FRÍTT

Charlotte Julien
Dream your world™

AFMÆLIS 15% AFSLÁTTUR*

C&J SILVER
stillanlegt rúm

* ef C&J Silver stillanlegur botn er keyptur með Nature' Rest Luxury heilsudýnu er 15% afsláttur af botni og 20% afsláttur af dýnunni.

- C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótor.
- Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi.
- Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.
- Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

VERÐDÆMI A: 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Nature's Rest Luxury heilsudýnu: Fullt verð: 168.900 kr.

Aðeins 141.570 kr.

AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

AVIGNION
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Grátt áklæði

Fullt verð : 109.900 kr.

Aðeins 87.920 kr.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Bragi Þór, ásamt Pétri Magnússyni aðstoðarleikstjóra, við tökur á Birtu sem gerist meðal annars í lítilli íbúð þannig að engir sénsar voru teknir og allir notuðu grímur og spritt í samræmi við ráðleggingar landlæknis. MYND/EGGERT

Bragi fangar birtu Helgu í skammdeginu

Sambýlisfólkið **Helga Arnardóttir** og Bragi Þór Hinriksson ljúka fljótlega tökum á barnamynd sem hann leikstýrir eftir sögu hennar. Hann segir þau hafa þurft að hugsa út fyrir kassann í kófinu.

„Þetta blessaðist allt saman og þetta fær mann nú oft til að hugsa út fyrir boxið og það kemur oft bara eitthvað jákvætt og skapandi á móti," segir leikstjórinn Bragi Þór Hinriksson um tökur á barnamyndinni Birta sem hann er að gera eftir sögu sambýliskonu sinnar, Helgu Arnardóttur fjölmiðlakonu.

„Við lentum alveg í veseni og höfðum bara samband við landlækni og spiluðum þetta bara svolítið „safe" og vissum hvað við ættum að gera. Við réðum í rauninni bara læknateymi sem mældi okkur á leiðinni inn á tökustað og svo voru allir með grímur og hanska."

Bragi segir þau Helgu og samstarfsfólk þeirra vissulega hafa þurft að bregðast við ýmsum uppákomum og áföllum þegar heimsfaraldur kórónuveirunnar skall á en sem betur fer hafi tökur þá verið vel á veg komnar.

Leikkona í sóttkví

„Við náðum í raun að gera allar innitökur en eigum eftir að taka í tvo eða þrjá daga í desember af því að það er pínu jólastemning í myndinni," segir leikstjórinn og bætir við að hann telji það hollt, ef svo megi að orði komast, að þurfa að hugsa sig fram hjá óvæntum og óvenjulegum aðstæðum um leið og hann prísar sig sælan.

„Svo lentum við líka í því að missa leikkonu sem við höfðum valið í mikilvægt hlutverk en svo kemur þessi óvissuþáttur upp og sýking í fjölskyldunni hennar þannig að hún datt út og við þurftum að fylla í skarðið. Því miður," segir leikstjórinn sem deildi vonbrigðum með ungri leikkonu sem festist í sóttkví.

„Og svo misstum við einu sinni tökustað út af hertum reglum og höfðum fjóra daga til að bjarga því," segir Bragi og lætur fljóta með að fram undan eru útitökur í desember.

„Við svona rennum hýru auga til útitakanna og þetta verður vonandi örlítið einfaldara en við fylgjumst bara vel með og reynum að gæta okkar í hvívetna og gera þetta rétt. En við erum náttúrlega líka bara þakklát fyrir að hafa klárað aðal tökutímabilið án þess að hafa þurft að stoppa. Við vorum mjög heppin."

Salka Sól leikur mömmuna og Kristín Erla Pétursdóttir leikur Birtu sem tekur til sinna ráða þegar jólahaldið er í hættu. MYND/H.M.S. PRODUCTIONS

> MAÐUR GETUR SAGT AÐ VIÐ VEGUM HVORT ANNAÐ UPP OG OKKUR HEFUR ÁÐUR TEKIST AÐ VINNA VEL SAMAN ÁN ÞESS AÐ KLÓRA AUGUN HVORT ÚR ÖÐRU.

Birtan í skammdeginu

Myndin heitir Birta eftir aðalpersónu hennar. „Okkur fannst titillinn svolítið góður vegna þess að þetta er svona birtan í skammdeginu. Maður lærir það í markaðsfræði kvikmyndarinnar að ef maður getur fundið góðan, eins orðs titil þá er það best fyrir alla," segir Bragi og hlær.

Birta er tíu ára stelpa sem fyrir tilviljun heyrir einstæða móður sína segja vinkonu sinni að hún óttist að geta ekki haldið jólin fyrir dætur sínar tvær, Birtu og Kötu sem er sex ára.

„Mamma hennar vinnur alveg myrkranna á milli en segir vinkonu sinni að hún haldi að það verði bara engin jól. Til þess vanti hana 100.000 krónur. Tíu ára stúlkan heyrir þetta og tekur mjög inn á sig og næstu daga á eftir og fram að jólum ákveður hún að reyna að fá sér vinnu og safna peningum til þess að hjálpa mömmu sinni sem veit ekkert af því. Hún kemst síðan að því að það er ekki svo auðvelt að safna 100.000 krónum þegar maður er tíu að verða ellefu ára."

Frjótt samstarf

Helga gaf í fyrra út sína fyrstu barnabók, Nína óskastjarna og ævintýrið á Álfhóli, og Bragi segir hana eiginlega hafa skrifað handrit Birtu í kjölfar hennar. Það komi svo í hans hlut að færa orð konunnar sinnar á skjáinn, eins og hann orðar það.

„Maður getur sagt að við vegum hvort annað upp og okkur hefur áður tekist að vinna vel saman án þess að klóra augun hvort úr öðru," segir Bragi glettinn en síðast vann parið saman að sjónvarpsþáttum Helgu, Lifum lengur, þegar þau þvældust heimshorna á milli á meðan Helga gekk með son þeirra sem fæddist síðan í byrjun janúar á þessu ári. Lifandi sönnun þess að foreldrunum fer vel að skapa saman.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn. Snertilausar afgreiðslur.

Glæsibær

Vesturlandsvegur

Urðarhvarf

APÓTEK LYFSALANS

LYFSALINN GLÆSIBÆ	**Opið 8.30 - 18.00**	Sími **517 5500**	/ lyfsalinn@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI	**Opið 10.00 - 22.00**	Sími **516 5500**	/ vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI	**Opið 8.30 - 18.00**	Sími **516 5505**	/ urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar

Fer heimurinn batnandi?

Framan af minni tiltölulega stuttu ævi var ég haldinn þeirri firru að heimurinn færi alltaf batnandi. Þegar ég segi batnandi þá segi ég það út frá minni skilgreiningu á því hvað góður heimur er. Í mínum huga er það heimur þar sem frjálslyndi og markaðs- og alþjóðahyggja eru ráðandi með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á lífsgæði allra. Þar sem allir fá notið sín án tillits til uppruna, kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, fötlunar og svo framvegis.

Það er ekki að ástæðulausu sem Samtök atvinnulífsins hafa tileinkað nóvembermánuði jafnrétti og fjölbreytileika í víðum skilningi. Það er ekki bara siðferðisleg skylda okkur að bjóða öllum upp á jöfn tækifæri á vinnumarkaði, heldur borgar það sig efnahagslega. Við höfum hingað til almennt ekki verið mjög opin fyrir innkomu útlendinga á vinnumarkaðinn nema að svo miklu leyti sem við höfum verið neydd til þess vegna skuldbindinga okkar gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu. Ríkisstjórnin steig mjög jákvæð skref í síðustu viku þegar opnað var á að erlendir sérfræðingar gætu unnið í fjarvinnu á Íslandi. Næsta skref hlýtur að vera að opna enn frekar á að fólk geti komið hingað til starfa óháð tekjum og starfssviði.

Við sjáum á uppgangi lýðhyggju, íhaldssemi og einangrunarhyggju í mörgum löndum í kringum okkur að það er ekki svo einfalt að heimurinn fari batnandi. Þótt heilt yfir fari okkur fram og lífsgæði fari batnandi til lengri tíma þá eru stundum tekin stór skref aftur á bak. Lýðræði og mannréttindi geta verið fallvölt. Það er hlutverk okkar allra að passa upp á þetta.